

EVA SÓLVEIG ÞRASTARDÓTTIR

*Japönsk götutíska kemur með ferskan blæ*

• tíska • jólin • koma • heimili

ALLT FYLGIR Í DAG



VELJUM ÍSLENSKT

*Kynjaskepnur, himintungl og gamlir munir*

Sérblaðið Veljum íslenskt

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. desember 2008 — 346. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR

### Synirnir erfðu tónlistargenið



Herbert Guðmundsson spilar með sonum sínum og segir þá vera tónlistarséní.

FÓLK 48

### Bændabylting?

Guðbergur Egill Eyjólfsson skrifar um áhrif nýs fjárlagafrumvarps á landbúnað.

UMRÆÐAN 28

### Markmiðin mikilvæg



Erlendur Sveinsson kvikmyndagerðarmaður er sextugur í dag.

TÍMAMÓT 30

### Stabæk seldi Veigar Pál



Veigar Páll Gunnarsson er á leiðinni til franska liðsins Nancy.

ÍÞRÓTTIR 50

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÁFRAM RÓLEGT** Í dag verður víðast hæg suðvestlæg eða breytileg átt. Él sunnan til og vestan annars úrkomlítið og bjart með köflum norðaustan og austan til. Frost 0-10 stig, kaldast til landsins.

VEÐUR 4

# Fækkað um þriðjung í efnahagsbrotadeild

**Ríkislögreglustjóri hefur fækkað lögfræðingum hjá efnahagsbrotadeild um einn. Starfsmenn deildarinnar eru þriðjungi færri en 2004. Óheppileg þróun segir fyrrverandi ríkissaksóknari. Röng forgangsröðun segir þingmaður VG.**

**LÖGREGLUMÁL** Afar óheppilegt er að starfsmönnum efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra hafi fækkað um tæpan þriðjung frá árinu 2004, segir Bogi Nilsson, fyrrverandi ríkissaksóknari. Einum af fimm lögfræðingum deildarinnar hefur verið sagt upp.

Starfsmenn efnahagsbrotadeildar verða þrettán talsins eftir uppsögnina, auk eins starfsmanns í fæðingarorlofi. Þeir voru mest nítján árið 2004. Síðan hefur þeim fækkað um einn til tvo á ári.

„Ég held að þetta geti ekki talist heppileg þróun. Það hefur verið talað um það í langan tíma að það þurfi frekar að efla þessa starfsemi,“ segir Bogi.

Deildin hefur sætt gagnrýni fyrir að rannsókn og saksókn taki langan tíma. Bogi segir ljóst að fækkun starfsfólks verði síst til að bæta þar úr. Réttara hefði verið að ráða fleira fólk þar til starfa.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra vildi ekki veita viðtal vegna málsins, en svaraði hluta af spurningum Fréttablaðsins í tölvupósti.

Hann sagðist ekki þekkja málavöxtu og ákvörðun um uppsögn lögfræðings nú sé ríkislögreglustjóra. Björn benti á að stofnað hafi verið embætti sérstaks saksóknara sem fjalla á um möguleg brot í aðdraganda bankahrunsins.

„Þetta sýnir ranga forgangsröðun, enda hefur efnahagsbrotum fjölgað talsvert undanfarið,“ segir Atli Gíslason, hæstaréttarlögmaður og þingmaður Vinstri grænna.

Hann segir þetta sýna ranga forgangsröðun. Áherslan sé á sérsveit og greiningardeild en efnahagsbrotadeild og ýmis lögreglustjóraembætti séu í fjársvelti.

Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri vildi ekki veita viðtal vegna málsins. Engin svör fengust frá embættinu um frekari uppsagnir.

- bj / sjá síðu 6

Þorvaldur Gylfason prófessor:

## Ritar 300. greinina í Fréttablaðið

**SKOÐUN** Þorvaldur Gylfason, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, ritar sína 300. grein í Fréttablaðið í dag.

Þorvaldur hefur ritað vikulega grein í Fréttablaðið í fimm og hálft ár. Fyrsta grein hans birtist 20. febrúar 2003 og bar yfirskriftina „Tengslin við fortíðina“. Í henni fjallaði hann um eigendaskipti Landsbankans og gagnrýndi að framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins sæti áfram í bankaráðinu.



ÞORVALDUR GYLFASON

Í dag skrifar Þorvaldur um rætur bankakreppunnar. „Höfuðskýringin liggur að minni hyggju í rótgrónu virðingarleysi stjórnmálastéttarinnar gagnvart hagkvæmum og réttlátum búskaparháttum.“

- bs/ Sjá síðu 24



**ALLIR Á SVIÐ** Nemendur 8. bekkjar Öskjuhlíðarskóla hafa síðan í nóvember lagt hart að sér við æfingar á helgileiknum. Uppskera erfiðisins verður til sýnis í dag og á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Helgileikur Öskjuhlíðarskóla:

## Frumsýning á helgileik í dag

**LEIKSÝNING** „Það er árviss viðburður hjá okkur að 8. bekkur skólans taki að sér að setja upp helgileikinn,“ segir Dagný Annasdóttir, skólastjóri Öskjuhlíðarskóla.

Hópurinn hóf æfingar strax í nóvember og segir Dagný mikið lagt upp úr því að hver nemandi fái hlutverk við sitt hæfi. Hún segir mikla vinnu hvíla á starfsfólkinu ekki síður en nemendunum en verkefnið reyni bæði á samvinnu og þol. Uppskera erfiðisins sé því alltaf ánægjuleg.

„Þetta er ekki eitthvað sem við hristum fram úr erminni og við sjáum í þessu verki hvað maðurinn getur ef hann ætlar sér það. Það er dásamlegt að sjá hvernig þeim fer fram með hverjum deginum.“

Tvær sýningar verða á helgileiknum í dag og á morgun.

- rat, kg/sjá Allt






Um 100 milljarðar króna eru eftir á viðskiptareikningi ríkisins í Seðlabankanum:

# Ríkið hefur greitt 60 milljarða

**EFNAHAGSMÁL** Ætla má að um hundrað milljarðar króna séu á viðskiptareikningum ríkisins í Seðlabankanum.

Samkvæmt yfirliti frá síðustu mánaðamótum átti ríkið um 163 milljarða. Mismunurinn hefur farið í að greiða fyrir 100 milljarða króna skuldabréfaflokk sem féll í gjalddaga um miðjan mánuðinn. Ríkið gaf út skuldabréf nú í desember, en útgáfan dugði hvergi nærri til að mæta gjalddaganum. Mismunurinn hefur farið út af reikningi ríkisins í Seðlabanka.

Helmingur bréfanna sem féllu í gjalddaga í mánuðinum voru verðbréfalán til svonefndra aðalmiðlara. Í þeim hópi voru gömlu bankarnir þrír. Óvíst er hversu langt tryggingar bankanna dugi upp í skuldabréfin. Hluti þeirra var í óvörðum bankabréfum, segir Björgvin Sighvatsson hjá Seðlabankanum.

Óvíst er að allt falli á ríkið þegar upp er staðið. Fjármálaráðuneytið hefur hins vegar ekki ákveðið hvað gert verður við þau. Ríkisvíxlar verða boðnir út á morgun.

Ríkisskuldabréf fyrir um 84 milljarða króna falla í gjalddaga um mitt næsta ár og yfir 50 milljarðar snemma árið eftir.

- ikh / Sjá síðu 22







## SPURNING DAGSINS



*Geir, hefur gengi Jens fallið að undanförnu?*

„Það hefur aldrei staðið.“

Geir Ólafsson söngvari og bloggarinn Jens Guð deila þessa dagana um hvort sá fyrrnefndi sé vinsæll í Færeyjum eða ekki.

Tugir manna mótmæltu við útibú Landsbankans í miðbænum og Lúxemborg:

# Mótmælt í tveimur löndum

**MÓTMÆLI** Um sjötíu manna hópur mótmælti í Landsbankanum í gærmorgun. Hópurinn hóf mótmælin á skrifstofum Landsbankans við Austurvöll, færði sig þaðan í útibú bankans við Austurstræti og loks í útibúið við Laugaveg.

Fólkið hrópaði slagorð á borð við „Borgið ykkar skuldir sjálf“. Í yfirlýsingu frá hópnum er þess krafist að skuldir bankans lendi ekki á íbúum landsins og saklausum börnum. Ekki sé hægt að plata fólk með nýjum kennitölum og forstjórum, sama fólkið og sama hugmyndafræðin sé við völd. Einnig var veru Tryggva Jónssonar, fyrrverandi aðstoðarforstjóra Baugs, í Landsbankanum mótmælt. Mótmælin fóru friðsamlega fram.

Þá mótmælti svipaður fjöldi fólks fyrir utan útibú Landsbankans í Lúxemborg í gær. Var þess krafist að staðið yrði við loforð um greiðslu lögbundinna launa í uppsagnarfresti eftir að bankinn fór í þrot.



**MÓTMÆLI** Hópur fólks mótmælti friðsamlega á skrifstofum og útibúum Landsbankans í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Um 160 manns, þar af um fjörutíu Íslendingar, misstu vinnuna við gjaldþrot bankans. - kg

Nafnabreyting hjá banka:

## Glitnir verður Íslandsbanki

**BANKAMÁL** Ákveðið hefur verið að Nýi Glitnir taki upp nafnið Íslandsbanki hinn 20. febrúar næstkomandi.

Í tilkynningu frá bankanum er haft eftir Birnu Einarsdóttur bankastjóra að nafnið Glitnir hafi beðið hnekki.

Í tilkynningunni kemur enn fremur fram að breytingarferlið, sem muni eiga sér stað á næstunni, hafi verið kynnt starfsmönnum bankans í gær. Samhliða nafnbreytingunni hafi verið kynntar áherslubreytingar í starfsemi bankans. Kostnaði vegna breytinganna verði haldið í lágmarki. - kg

# Veirusýking dró tvo sjúklinga til dauða

**Alvarleg nóróveirusýking kom upp á sjúkrahúsinu á Seyðisfirði í nóvember. Tveir sjúklingar létust. Meirihluti starfsfólks og sjúklinga veiktist. Sýkingin hefur ítrekað komið upp hér á landi síðan 2002 en orsök þess liggur ekki fyrir.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Alvarleg nóróveirusýking kom upp á Heilbrigðisstofnun Austurlands á Seyðisfirði um miðjan nóvember. Flestallir sjúklingar og starfsmenn sjúkrahússins veiktust. Tveir sjúklingar létust vegna hennar. Loka hefur þurft deildum sjúkrahúsa og öldrunarstofnana vegna sýkingarinnar sem mjög hefur sótt í sig veðrið hér á landi undanfarin sex ár.

Rúnar Reynisson, yfirlæknir á Seyðisfirði, segir að sýkingin hafi komið upp um miðjan nóvember og verið afar hastarleg. „Sýkingin breiddist afar hratt út og fjölmargir sjúklingar og starfsmenn höfðu smitast áður en staðfest var um hvers konar sýkingu var að ræða. Það létust tveir sjúklingar á sjúkradeildunum í kjölfarið. Þetta lagðist á fólk sem var mjög veikt fyrir og varð því að aldurtila.“

Rúnar segir að oft sé um lítinn sem engan tíma að ræða því aðeins líði um tíu til tólf klukkustundir frá smiti þar til fólk verður mjög veikt. „Fullfrískt fólk hristir þetta auðveldlega af sér en þeim sem veikir eru fyrir getur stafað af þessu mikil hætta.“ Hann segir að rúmlega tuttugu hafi veikst á sjúkrahúsinu og ástandið hafi varað í rúma viku.

Ása St. Atladóttir, verkefnisstjóri hjá Landlæknisembættinu, segir að á undanförnum sex árum hafi faraldrar af sökum veirunnar í vaxandi mæli sett mark sitt á starfsemi margra deilda sjúkrahúsa og öldrunarstofnana, einkum yfir vetrarmánuðina. „Þá veikjast sjúklingar, vistmenn og starfsfólk með þeim afleiðingum að heilu deildirnar lokast tímabundið á meðan faraldurinn er að ganga yfir.“ Ása segir að engin tölfræði sé yfir hversu margir falla frá vegna sýkingarinnar. Aðgerðir sem grípa þarf til við að hefta útbreiðslu sýkingarinnar inni á heilbrigðisstofnunum eru í senn óþægilegar fyrir alla og kostnaðarsamar. „Það má nefna sem dæmi að nóróveirusýking hefur komið ítrekað upp á Landspítalanum, þar á meðal á hjartadeild þar sem hefur þurft að loka fyrir innlagnir á meðan þetta gengur yfir.“

Nóróveirusýkingar hafa komið upp með jöfnu millibili hér á landi á undanförnum árum. Alvarlegum tilfellum fór stórlega að fjölga árið 2002 án þess að skýringar hafi fundist á því. svavar@frettabladid.is



**HJARTADEILD** Á Landspítalanum hafa komið upp alvarleg tilfelli nóróveirusýkingar og hefur þurft að loka deildum vegna þess. Það er nábýlið sem gerir það erfitt að fyrirbyggja útbreiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### NÓRÓVEIRUSÝKING - VARNAÐARORÐ

Iðrasýkingar af völdum nóróveira eru mjög smitandi. Veirurnar skiljast út í hægðum og uppköstum hinna veiku og berast auðveldlega út í umhverfið og á milli fólks. Meðgöngutími sýkingarinnar er 12 til 48 klst. og gengur oftast fljótt yfir, á einum til þremur sólarhringum. Sýkingin getur staðið mun lengur hjá þeim sem eru langveikir og getur gengið nærri öldruðum og langveiku fólki.

Afar áríðandi er að þeir sem eru veikir fari ekki að heimsækja ættingja og vini á sjúkrahús eða öldrunarstofnun meðan á veikindunum stendur því að slík heimsókn getur hæglega komið af stað faraldri inni á viðkomandi stofnun. Handhreinsun með handþvotti eða sprittun og vönduð þrif í umhverfi hins veika eru allt mikilvægar aðgerðir til að hefta útbreiðslu smits.

Áskorun frá mótmælendum

## Forsetinn synji fjárlögunum

**STJÓRNMÁL** „Við landsmenn förum þess einarðlega á leit við yður, hæstvirtan forseta Íslands, Ólaf Ragnar Grímsson, að þér í krafti embættisins hafnið samþykki á fjárlögum þeim sem núverandi ríkisstjórn hefur lagt fram,“ segir í áskorun hóps sem nefnir sig Landsmenn gegn ríkisstjórninni. „Fjárlagafrumvarpið mun velta gríðarlegum skuldaklafa yfir á almenning í landinu til margra ára, skuldum sem til var stofnað af óheilindum af hálfu athafnamanna sem störfuðu í skjóli stjórnmálaflokka, stjórnsýslu og stofnanaumhverfis sem hafa algerlega brugðist hlutverki sínu,“ segir hópurinn sem kveður landsmenn eiga skýlausan rétt á að segja hug sinn til frumvarpsins í þjóðaratkvæðagreiðslu. - gar

Björn Ársæll Pétursson:

## Er ekki á tvöföldum launum

**VIÐSKIPTI** „Enginn starfsmaður okkar er á tvöföldum launum,“ segir Atli Atlason, starfsmannastjóri Nýja Landsbankans.

Hann staðfestir að Björn Ársæll Pétursson, sem stýrði útibúi bankans í Hong Kong, hafi fengið starfslokagreiðslu, enda þótt hann starfi nú í bankanum. DV fullyrðir að greiðslan hafi numið hátt í einni milljón Hong Kong-dala. Um fjórtán krónur eru í hverjum slíkum dal. Atli segist ekki geta staðfest upphæðina.

„Við greiddum honum hluta af uppsagnarfrestinum. En að sjálfsögðu tökum við tillit til þess, þegar hann er ráðinn til nýja bankans, að hann hefur hlotið greiðslu. Hann fær þá ekki laun hjá okkur á meðan, og ekki fyrr en hann hefur unnið það af sér.“ - ikh

Obama maður ársins:

## Tilkynnir um fleiri ráðherra

**BANDARÍKIN, AP** **Tímaritið Time skýrði frá því í gær að Barack Obama hafi orðið fyrir valinu sem maður ársins.**

**Áður hafa til dæmis George W. Bush, Bill Clinton, Vladimír Pútín, Mikhaíl Gorbatsjov, Jósef Stalín og Adolf Hitler verið menn ársins að mati tímaritsins.**

**Í gær kynnti Obama til sögunnar tvo nýja ráðherra í ríkisstjórn sinni, sem tekur við í næsta mánuði.** - gb



**MAÐUR ÁRSINS** Nicolas Sarkozy og Sarah Palin komu einnig til greina við valið í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forseti ASÍ óánægður:

## Ríkisstjórnin vill engu breyta

**STJÓRNMÁL** „Ljóst er að ekki var vilji til þess að koma til móts við áherslur ASÍ og voru það mikil vonbrigði,“ segir í yfirlýsingu forseta ASÍ, Gylfa Arnbjörnssonar, eftir fund sem hann átti ásamt varaforseta sínum með oddvitum ríkisstjórnarinnar. Gylfi kveðst hafa kynnt áherslur og kröfur miðstjórnar ASÍ varðandi fjárlagafrumvarpið og ráðstafanir í ríkisfjármálum. „Einkum strandar á vilja ríkisstjórnarinnar til að endurskoða áform um mikla skerðingu bóta elli- og örorkulífeyrisþega nú um áramótin. Einnig lýsti forysta ASÍ miklum áhyggjum sínum með afdrif frumvarps til laga um greiðsluaðlögun sem heimili niðurfærslu og skilmálabreytingu á húsnæðisskuldum heimilanna,“ segir í yfirlýsingu Gylfa. - gar




Andstæðingar stækkunar álvers í Straumsvík efins um nýja íbúakosningu í bráð:

# Skrítið að kjósa sífellt um sama mál

**STJÓRNMÁL** „Það er svolítið skrítið að fimm þúsund manns geti farið fram á kosningu aftur og aftur á sama kjörtímabilinu um sömu spurninguna,“ segir Pétur Óskarsson, talsmaður samtakanna Sól í Straumi, sem eru andvíg stækkun álversins í Straumsvík.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær voru 5.014 undirskriftir afhentar bæjarstjóranum í Hafnarfirði í fyrradag með áskorun um að íbúakosningin sem fram fór 2007 um stækkun álversins verði endurtekin. Samkvæmt samþykktum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þarf 25 prósent atkvæðisbærra manna til að knýja fram íbúakosningu og nær fjöldi undirskriftanna því lágmarki.

Pétur segir að á meðan bæði sé óljóst með afstöðu eigenda álversins og með raforkuöflun sé naumast grundvöllur fyrir nýrri íbúakosningu um stækkun. Hann telji að ekki ætti að kjósa aftur um stækkun álversins fyrr en í sveitarstjórnarkosningum vorið 2010. „Það er í raun fásinna að draga Hafnfirðinga að kjörborðinu fyrr en allar forsendur liggja fyrir,“ segir hann.

Pétur segir það skjóta skökku við að í kjölfar þess að hætt hafi verið við íbúaþing í haust í sparnaðarskyni eigi að verja tíu til tólf milljónum í kosningar um mál sem sé í raun ekki á dagskrá. Bæjarstjórinn eigi að efna fyrri loforð að ekki verið kosið aftur um stækkun álversins á kjörtímabilinu. Þá gildi samþykktin um íbúakosningar einu. „Þetta eru vinnureglur sem Samfylkingin setti og þeir ráða hvernig þeir vinna úr því.“ - gar



**ÁLVERSKOSNINGAR** Pétur Óskarsson ásamt Lúðvík Geirssyni bæjarstjóra. Á milli þeirra stendur Rannveig Rist, forstjóri álversins í Straumsvík. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


Kringlan
Mynstraðar krúsir og vínglös sem klingja,
skeggjaðir sveinar og krakkar að syngja.
Opið til 22 öll kvöld til jóla
Barnapössun Ævintýralands er opin til kl. 22 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is
Komdu í heimsókn

**GENGIÐ 17.12.2008**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,84 | 114,38 |
| Sterlingspund | 175,74 | 176,60 |
| Evra | 160,69 | 161,59 |
| Dönsk króna | 21,567 | 21,693 |
| Norsk króna | 16,861 | 16,961 |
| Sænsk króna | 14,581 | 14,667 |
| Japanskt jen | 1,2871 | 1,2947 |
| SDR | 177,32 | 178,38 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
**206,6133**
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Nemendur í fjórða og sjöunda bekk fá niðurstöðu úr samræmdu prófunum:

# Lægstir fyrir vestan og austan

**MENNTAMÁL** Nemendur í nágrenni Reykjavíkur fengu hæstu meðaltalseinkunnina í bæði stærðfræði og íslensku í sjöunda bekk og í stærðfræði í fjórða bekk í samræmdum könnunarprófum 2008. Nemendurnir fengu 7,3 í íslensku og 6,9 í stærðfræði í sjöunda bekk og 7,1 í stærðfræði í fjórða bekk. Nemendur á Norðurlandi eystra fengu hæstu meðaltalseinkunnina í íslensku í fjórða bekk, eða 6,7.

Nemendur á Vestfjörðum og Austurlandi fengu lægstu meðaltalseinkunnina í stærðfræði og íslensku í sjöunda bekk. Í fjórða bekk fengu nemendur á Suðurlandi lægstu meðaltalseinkunnina í stærðfræði og á Vestfjörðum í íslensku.



SIGURGRÍMS SKÚLASONAR

Nemendur í fjórða bekk á Norðurlandi vestra hækka sig verulega í stærðfræði í fjórða bekk eins og sjá má á normaldreifðum einkunnum, fara úr 27,8 hjá krökkunum í fyrra, í 29,8 í ár og eru þá nærri landsmeðaltalinu sem er 30,0. Nemendur á Austurlandi og Norðurlandi vestra hækka sig nokkuð í íslensku en lækka sig á Vesturlandi og Vestfjörðum.

Í sjöunda bekk hækka sig nemendur í nágrenni Reykjavíkur, Suðurlandi og á Norðurlandi vestra í íslensku en lækka sig á Norðurlandi eystra og Austurlandi miðað við frammistöðu nemendanna í fyrra.

Sigurgrímur Skúlason, sviðsstjóri hjá Námsmatsstofnun, segir að skýringin á miklum breytingum milli ára geti legið í því að hóparnir úti á landi séu litlir og breyting milli ára endurspegli hreinlega muninn milli árganga. **- ghs**

Blaðaútburður í Detroit:

# Aukin áhersla á vefútgáfur

**AP, DETROIT** Tvö af stærstu dagblöðunum í bandarísku bílaborginni Detroit munu innan skamms einungis bjóða upp á útburð til lesenda þrjá daga vikunnar. Vefútgáfum blaðanna verður gert hærra undir höfði í staðinn. Þetta tilkynnti The Detroit Media Partnership, útgáfufélag blaðanna tveggja.

Blöðin verða þó enn um sinn prentuð og seld á sölustöðum á degi hverjum. Fastir áskrifendur, sem fá blöðin ekki heim að dyrum nema þrjá daga vikunnar, geta lesið blöðin á vefnum.

Aðgerðirnar eru liður í baráttu blaðanna til að halda lífi. **- kg**

Ritstjóri Viðskiptablaðsins:

# Enn leynd yfir eigendahópi

**FJÖLMIÐLAR** „Sem stendur verður að duga að það sé bara ég sem er gefinn upp,“ segir Haraldur Johannessen, ritstjóri Viðskiptablaðsins, um nýtt eignarhald á blaðinu. Haraldur er skráður eigandi Mylluseturs ehf. sem keypti Viðskiptablaðið á dögunum. Hann kveður hóp fjárfesta, sem þegar liggi fyrir, koma að félaginu. Ganga þurfi frá ýmsum tæknilegum málum áður en þeir séu gefnir upp. „Við vinnum þetta eins hratt og við getum,“ segir Haraldur sem kveðst afar ánægður að áframhaldandi útgáfa Viðskiptablaðsins sé tryggð. „Það var ekkert sjálfgefið með okkur, frekar en ýmsa aðra fjölmiðla, að það tækist að halda áfram.“ **- gar**

Mótmæli í miðbænum:

# Veist að Jóni Ásgeiri í gær

**MÓTMÆLI Hópur fólks veittist að Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, forstjóra Baugs, fyrir utan 101 Hótel við Hverfisgötu laust eftir hádegi í gær. Lögregla var kölluð til, en samkvæmt henni var um lítið upphlaup að ræða og yfirgaf fólkið staðinn eftir að rætt hafði verið við það. Jón Ásgeir var staddur á landinu ásamt Malcolm Walker, forstjóra Iceland verslunarkeðjunnar í Bretlandi, en þeir áttu fund með skilanefnd Landsbankans**

**Jón Ásgeir segir lítið hafa gengið á. „Mér skilst að þetta hafi verið reiðir mótmælendur á ferðalagi um bæinn sem lögreglan hafði verið að elta. Einn af þeim var ekki í jafnvægi en það urðu engin handalögmál.“**

**Í gærkvöldi birti maður færslu á bloggsíðu sinni þar sem hann segist hafa kastað snjóbolta í andlit Jóns, og fleiri hafi fylgt í kjölfarið.** **- kg**

# Þakklátur og glaður yfir niðurstöðunni

**Jón Ólafsson athafnamaður segir það mikinn létti að niðurstaða héraðsdóms skuli loks fengin í mál sem verið hefur í gangi á hendur honum vegna meintra skattalagabrota. Baráttukveðjum og hamingjuóskum hefur rignt yfir hann.**

**DÓMSMÁL** „Þetta er mikill léttir og ég er ósköp þakklátur og glaður yfir að þessi niðurstaða skuli liggja fyrir núna, sem ég var raunar viss um að yrði með þessum hætti.“

Þetta segir Jón Ólafsson athafnamaður eftir að ákæru vegna meintra skattalagabrota hans hefur verið vísað frá í Héraðsdómi Reykjavíkur. Ásamt Jóni voru þeir Hreggviður Jónsson, Ragnar Birgisson og Símon Ásgeir Gunnarsson ákærðir. Var málum Hreggviðs og Bjarna einnig vísað frá en kröfu Símonar um frávísun var hafnað. Verður mál hans tekið fyrir hjá héraðsdómi.

„Mér er nú efst í huga þakklæti til þeirra fjölmörgu sem trúðu ekki þessum ávirðingum á mig og sögðu að þetta væri ekki svona, en treystu mér og sýndu mér fullan stuðning,“ segir Jón enn fremur. „Nú hrannast inn hjá mér tölvupóstur frá þeim og öðrum sem ég þekki ekkert með baráttukveðjum og hamingjuóskum.“

Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra gaf út ákæru á hendur Jóni fyrr á árinu. Málið hafði þá verið í rannsókn í um tæplega sjö ára skeið. Honum var gefið að sök að hafa svikið um 360 milljónir króna undan skatti í tengslum við rekstur Norðurljósa og tengdra félaga.

Í niðurstöðu héraðsdóms segir meðal annars að krafa Jóns, Hreggviðs og Ragnars um frávísun málsins frá héraðsdómi byggi á því að þeir njóti ekki réttlátrar málsmeðferðar í skilningi tiltekinnar lagagreinar mannréttindasáttmála Evrópu. Séu þeir nú fyrir dómi bornir sökum um refsiverða háttsemi sem þeim hafi þegar verið ákveðin refsing fyrir með álagningu 25 prósenta álags á skattstofna, samkvæmt ákvörðun ríkisskattstjóra, og verði þeim því ekki refsað öðru sinni fyrir sömu sakir.



**JÓN ÓLAFSSON** Hann segir að með því að kæra frávísun héraðsdóms til Hæstaréttar sé einungis verið að eyða peningum skattborgara í ekki neitt eins og gert hafi verið í þessu máli öllu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Spurður um ákvörðun Helga Magnúsar Gunnarssonar, saksóknara efnahagsbrota, að kæra frávísunina til Hæstaréttar kveðst Jón ekki hafa áhyggjur af því.

„Ég er sannfærður um að þar mun þetta fá sömu meðferð. Dómurinn nú er í samræmi við ákvæði í lögum mannréttindasáttmála Evrópu. Áfrýjunin sýnir það enn á ný hvers konar „batterí“ þetta eru og hvern mann þessir menn hafa að geyma. Nú verður haldið áfram að eyða peningum skattborgara í ekki neitt eins og gert hefur verið í þessu máli öllu.“

Málskostnaður verjenda þremenninganna í héraðsdómi, rúmar 3,7 milljónir króna falla á ríkissjóð samkvæmt dómnum.

jss@frettabladid.is

Fulltrúi sjálfstæðismanna:

# Siðareglurnar gangi lengra

**REYKJAVÍK Siðareglur fyrir kjörna fulltrúa í Reykjavík mættu að ósekju ganga lengra en gert er ráð fyrir í drögunum, sem nú eru til umfjöllunar, segir Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.**



JÚLÍUS VÍFILL INGVARSSON

**Hann sjái til dæmis ekkert því til fyrirstöðu að upplýsa um eignir sínar og hagsmunatengsl.**

**Júlíus gerir hins vegar athugasemd við ákvæði um eftirlitshlutverk borgarfulltrúa.**

**„Þetta er ekki það sem ég réð mig til,“ sagði hann á borgarstjórnarfundi á þriðjudaginn; borgarfulltrúar ættu að einbeita sér að stefnumótun.** **- kóþ**

Forseti Íslands:

# Tekur ekki ákvörðun um launalækkun

**VINNUMARKAÐUR** Ekki er von á að forseti Íslands taki afstöðu til hugsanlegrar launalækkunar hjá sjálfum sér fyrr en eftir að lagafrumvarp um kjararáð hefur fengið lokaafgreiðslu á Alþingi og meðan kjararáð er með launalækkun helstu embættismanna og stjórnmálamanna til skoðunar.

Frá forsetaskrifstofunni fást þau svör að með frumvarpinu sé verið að marka kjararáði nýjan lagaramma. Forsetinn þurfi að staðfesta lögin verði frumvarpið að lögum. Forsetinn vilji ekki hafa áhrif á mál í meðförum Alþingis en fyrri afstaða hans sé fullkomlega óbreytt. **- ghs**




## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HELGARHORFUR**
Í sjálfu sér eru ágætar veðurhorfur um helgina. Rétt er þó að benda á að allt stefnir í norðaustanstorm við suðausturströndina aðfaranótt sunnudagsins með ofankomu. Að öðru leyti verður vindur hægur. Á laugardag verða él með norður- og suðurströndinni og bjart eystra. Á sunnudaginn rofar til suðvestan til en þá verða él nyrðra og eystra.




**Á MORGUN** 8-13 m/s vestast á Vestfjörðum annars hægari.

**LAUGARDAGUR** Hæg breytileg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Amsterdam | 9° |
| Basel | 1° |
| Berlín | 3° |
| Billund | 8° |
| Eindhoven | 7° |
| Frankfurt | 4° |
| Friedrichshafen | 0° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 4° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 11° |
| New York | 6° |
| Orlando | 26° |
| Ósló | 4° |
| París | 7° |
| Róm | 11° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



JÓLIN
ERU Í SMÁRALIND
OPIÐ TIL KL.
22
ÖLL KVÖLD
TIL JÓLA
NÆG
BÍLASTÆÐI
FYRIR ALLA
500 ný bílastæði
í stórglæsilegu bílastæða-
húsi við Smáralind
NJÓTTU ÞESS
AÐ VERSLA
FYRIR JÓLIN
Smáralind
BETRI LEIÐ
TIL AÐ VERSLA
FYRIR JÓLIN

## KJÖRKASSINN



*Verða rjúpur á borðum hjá þér um jólin?*

| | |
|---|---|
| Já | 11,7% |
| Nei | 88,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Styrkir þú hjálparstarf fyrir jólin?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is vísir

Fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar lögð fram í bæjarstjórn:

# Halli næsta árs einn milljarður

**AKUREYRI** Fjárhagsáætlun Akureyrar gerir ráð fyrir eins milljarðs halla á rekstri bæjarfélagsins. Þar munar mest um fjármagnskostnað Fasteigna Akureyrarbæjar sem gert er ráð fyrir að verði tæpir tveir milljarðar króna á næsta ári. Heildartekjur bæjarfélagsins verða 14,6 milljarðar á næsta ári.

Oddvitar allra flokka í bæjarstjórn unnu áætlunina, ásamt starfsmönnum bæjarins. Gert er ráð fyrir hækkun útsvars úr 13,03 í 13,28 prósent og fasteignagjöld hækka um tíu prósent. Almenn hækkun gjaldskrár verður 10 prósent, en gjöld fyrir leikskóla og frístundir hækka ekki. Skorið er niður í almennum rekstri og er sparnaður áætlaður 200 til 300 milljónir króna.



**AKUREYRI** Gert er ráð fyrir halla upp á einn milljarð á næsta ári. Hár fjármagnskostnaður er aðalorsökin. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Laun bæjarstjóra, bæjarfulltrúa og nefndafólks verða lækkuð um 10 prósent. Ekki verða uppsagnir meðal bæjarstarfsmanna en dregið verður úr yfirvinnu eins og hægt er. Gert er ráð fyrir lántöku upp á 3,1 milljarð og afborgunum lána upp á 2,3 milljarða.

Hermann Jón Tómasson, oddviti Samfylkingarinnar, segir að markmiðið með fjárlagagerð hafi verið að draga úr útgjöldum án þess að segja upp fólki. „Við reyndum að jafna byrðarnar eins og hægt er. Aukinn fjármagnskostnaður er aðalástæða þessa halla og það er erfitt við það að eiga.“ **- kóp**

Hungursneyð í Mósambík:

# Hálf milljón þarf aðstoð

**MÓSAMBÍK, AP** Þurrkar og hátt matarverð valda hungursneyð í Mósambík, þar sem um það bil hálf milljón manns þarf nú á neyðaraðstoð að halda, segir landbúnaðarráðherra landsins.

Talið er að um 450 þúsund manns þurfi á aðstoð að halda strax. Af þeim séu um 150 þúsund í brýnni neyð. Í yfirlýsingu frá landbúnaðarráðuneytinu segir að þessi stóri hópur dragi fram lífið á einni máltíð á dag.

Mósambík er á suðausturströnd Afríku. Íbúafjöldi er um 21 milljón manns en landið er tæplega átta sinnum stærra en Ísland. **- bj**






# Fækka lögmönnum á efnahagsbrotadeild

**Ríkislögreglustjóri hefur fækkað lögfræðingum hjá efnahagsbrotadeild embættisins um einn. Fjórir lögfræðingar starfa nú á deildinni. Starfsmenn deildarinnar voru nítján árið 2004 en nú hefur þeim verið fækkað niður í þrettán.**

**LÖGREGLUMÁL** Aðeins fjórir löglærðir starfsmenn eru eftir hjá efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra eftir að einum lögfræðingi var sagt upp störfum í sparnaðarskyni. Ekki fást upplýsingar frá embættinu um aðrar uppsagnir.

Eftir uppsögn lögfræðingsins verða starfsmenn efnahagsbrotadeildar þrettán talsins. Það er um þriðjungs fækkun frá árinu 2004 þegar þeir voru nítján talsins.

Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri vildi ekki veita viðtal vegna málsins. Í tölvupósti frá fulltrúa hans kemur fram að embættinu sé ætlað að spara 40 milljónir króna á árinu 2009.

Til að mæta þeim markmiðum sé meðal annars „ekki ráðið í stöður yfirmanna eða í aðrar stöður sem losna og skorið verulega niður í öðrum rekstrarliðum embættisins“, segir í póstinum.

Þar er einnig vakin athygli á því að starfsmönnum efnahagsbrotadeildar hafi fjölgað frá stofnun embættis ríkislögreglustjóra árið 1997. Þótt það sé óumdeilt er það einnig staðreynd að starfsmönnum deildarinnar hefur nú fækkað nokkuð frá því sem mest var.

Starfsmenn deildarinnar voru nítján árið 2004, sautján árið 2005 og sextán árið 2006, samkvæmt ársskýrslum ríkislögreglustjóra. Eftir uppsögnina verða þeir þrettán talsins en að auki er einn starfsmaður í fæðingarorlofi.

Í ársskýrslu embættisins frá árinu 2005 kemur fram að hver starfsmaður efnahagsbrotadeildar hafi verið með tvöfalt fleiri viðfangsefni á hverjum tíma en starfsmenn hjá sambærilegum deildum í Noregi og Svíþjóð.

Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra vildi ekki ræða áhrif uppsagnanna þegar eftir því var leitað. Í viðtali við norska sjónvarpsstöð fyrir skömmu sagði hann að lögreglu hefði skort fé til að rannsaka útrásarvíkingana.



**BAUGSMÁLIÐ** Rannsókn á hinu svokallaða Baugsmáli var fyrirferðarmikið verkefni hjá efnahagsbrotadeild ríkissaksóknara. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra vildi ekki veita Fréttablaðinu viðtal, en svaraði hluta af spurningum blaðsins í tölvupósti.

Hann sagðist ekki þekkja málavöxtu, ákvarðanirnar væru teknar af embætti ríkislögreglustjóra. Hvarvetna væri þó krafist sparnaðar í ríkisbúskapnum.

Björn benti á að embætti sérstaks saksóknara sem rannsaka á aðdraganda bankahrunsins hafi verið auglýst. Embættið verði öflug viðbót við efnahagsbrotarannsóknir. **brjann@frettabladid.is**

## UNDRAST ÁHUGA FRÉTTABLAÐSINS

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra undrast áhuga Fréttablaðsins á fækkun starfsmanna efnahagsbrotadeildar. Það kemur fram í tölvupósti þar sem hann svarar hluta af spurningum blaðsins vegna málsins.



**BJÖRN BJARNASON**

„Fréttablaðið hefur sem Baugsmiðill tekið því almennt illa undanfarin misseri að unnið sé að rannsókn efnahagsbrota og hefur blaðið og eigendur þess gagnrýnt mig, þegar aflað hefur verið fjár til að styrkja rannsóknir og saksókn vegna efnahagsbrota og talið að þeim fjármunum væri betur varið til annarra hluta,“ skrifar Björn.

„Hvað veldur sinnaskiptum blaðsins? Mér finnst það fréttapunkturinn í þessu máli frekar en krafa fjárveitingavaldsins um aðhald í ríkisrekstri í viðleitni stjórnvalda til að draga úr skaða bankahrunsins á þjóðarbúið.“


Upplestur úr jólabókum á Háskólatorgi fimmtudaginn 18. desember kl.16

**Hálmstráin**
**Friðrildi, mynta og spörfuglar Lesbíu**
Magnús Sigurðsson

**Gott á pakkið**
Níels Rúnar Gíslason

**Fluga á vegg**
Ólafur H. Símonarsson

**Sólkross**
Óttar M. Norðfjörð

**Konur**
Steinar Bragi

**Af mér er það helst að frétta...**
Gunnar Gunnarsson

**Hola í lífi fyrrverandi golfara**
Guðmundur Óskarsson

- Tilboð á jólabókum
- Háma með kaffi og meðlæti
- Vefverslun opin allan sólarhringinn www.boksala.is

bóksala stúdenta
Háskólatorgi Sími 570 0777 boksala@boksala.is www.boksala.is



Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið


Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, á blaðamannafundi í Írak:

# Breski herinn kallaður heim

**ÍRAK, AP** Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, boðar brotthvarf breska hersins frá Írak strax á næsta ári.

Á blaðamannafundi í Bagdad sagði Brown að bresku hermennirnir í Írak verði farnir ekki síðar en 31. maí. Bretar höfðu áður sagt að herinn færi snemma í sumar en virðast nú hafa flýtt brotthvarfinu eitthvað.

Nouri Al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, sagði á sama blaðamannafundi að Íraksstjórn væri Bretum þakklát fyrir baráttu þeirra gegn einræðisstjórn og hryðjuverkum. „Þeir hafa fært miklar fórnir,“ sagði Al-Maliki.

Ríkisstjórn Íraks hefur krafist þess að allt erlent herlið, að því bandaríska undanskildu, fari frá landinu ekki síðar en í júlílok. Bandaríkin gerðu nýverið samning við Íraksstjórn um að bandarískt herlið yrði áfram í landinu næstu þrjú árin.

Bretar hafa verið með um 4.000 manna herlið í Írak, en það er fjölmennasta erlenda herliðið í landinu, að því bandaríska undanskildu.



**GORDON BROWN OG NOURI AL MALIKI** Forsætisráðherrar Bretlands og Íraks á blaðamannafundi í Bagdad í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Í gær fórust hátt í tuttugu manns og meira en fimmtíu særðust þegar tvær sprengjur sprungu í austanverðri Bagdad. Skammt frá hafði fyrr um daginn önnur sprengja sprungið nálægt bandarískum hermönnum, en sú sprengja varð engum að bana. **- gb**

# 40% afsláttur

af ÖLLU jólaskrauti
og jólaseríum

Gildir til 24. desember



OPIÐ
TIL 22:00
alla daga
til jóla

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

netto
Bækur á betra verði!



40% afsláttur
MAGNEA
2.874 kr
4.790 kr



40% afsláttur
KARLAR SEM HATA KONUR
2.688 kr
4.480 kr



40% afsláttur
AUÐNIN
2.874 kr
4.790 kr

www.markhonnun.is
TILBOÐIN GILDA 18. - 21. DESEMBER
Verið velkomin í Nettó
Mjódd - Salavegi - Hverafold
Akureyri - Höfn - Grindavík
www.netto.is







**HLJÓMALINDARREITUR** Borgin leggst meðal annars gegn byggingu sjöundu hæðarinnar ofan á hótel við Hverfisgötu og að húsið við Laugaveg 19 verði rifið.

# Segja borgina tefja framkvæmdirnar

**Stjórnarformaður og fjármálastjóri Festa ehf. segja skipulagsráð Reykjavíkur fara fram á kostnaðarsamar breytingar á deiliskipulagstillögu fyrir Hljómalindarreit. Samþykkt ráðsins setji framkvæmdir á reitnum í uppnám.**

**SKIPULAGSMÁL** „Við erum að vega og meta stöðuna, endurreikna og sjá hvort dæmið gengur upp,“ segir Hanna G. Benediktsdóttir, fjármálastjóri fasteignafélagsins Festa ehf. sem á og rekur fasteignir á svonefndum Hljómalindarreit í miðborg Reykjavíkur.

Skipulagsráð Reykjavíkur samþykkti nýlega umsögn skipulags- og byggingasviðs og beindi því til hönnuða að gerðar verði breytingar á deiliskipulagstillögu fyrir reitinn.

Meðal þess sem borgin leggst gegn er inndregin sjöunda hæð hótelbyggingar við Hverfisgötuna. Einnig fer borgin fram á að húsið við Laugaveg 19 verði endurbyggt en tillögur Festa gera ráð fyrir að húsið verði rifið. Þá leggst borgin gegn því að kjallari undir reitnum nái undir húsin Laugaveg 17, 19 og 21 auk þess sem borgin fellst ekki á að húsin þrjú verði flutt af lóðunum á meðan á framkvæmdum stendur.

Hanna og Benedikt T. Sigurðsson, stjórnarformaður Festa, segja að með þessu fari borgin fram á breytingar sem auka muni verulega kostnað við framkvæmdirnar. Minna byggingamagn muni skerða nýtingarmöguleika á reitnum sem þá í beinu framhaldi skerði tekjumöguleikana.



HANNA BENEDIKTSDÓTTIR

Þau segja umrædda sjöundu hæð hótelsins vera um 560 fermetra auk þess sem kjallari undir húsunum við Laugaveg sé um 1.500 fermetrar. Skerðing á byggingamagni sé því umtalsverð. Að auki sé mun kostnaðarsamara að endurgera húsin við Laugaveg á staðnum í stað þess að þeim sé lyft af grunni sínum, jarðvinnan unnin og húsunum svo komið fyrir á sínum stað.

Þau hjá Festum hafa unnið að skipulagi á reitnum í eitt og hálft ár. „Við erum búin að undirrita viljayfirlýsingu við Icelandair hotels um að þeir reki hótelið,“ segir Hanna. Hún segir að þar með talið sé nýting á sjöundu hæðinni en að hótelreksturinn verði ráðandi hluti af nýtingu húsnæðis á reitnum. Annars sé gert ráð fyrir verslunum og þjónustu.

„Við höfum fengið jákvæð viðbrögð frá fjármögnunaraðilum en þeir vilja sjá að framkvæmdirnar standi undir kostnaði,“ segir Hanna. Benedikt segir arkitekta og verkfræðinga bíða tilbúna eftir að klára hönnunina. „Og byggingafyrirtækin bíða eftir að hefja framkvæmdir en okkur vantar ákvörðunartöku hjá borginni,“ segir Benedikt.

Þau segja að fram undan séu því frekari viðræður við borgina. Haldi borgin sig hins vegar við þessar forsendur telji þau Hanna og Benedikt líklegt að þau þurfi að gefa verkefnið upp á bátinn þar sem forsendur fyrir uppbyggingu á reitnum, í umræddri mynd, séu ekki fyrir hendi.

olav@frettabladid.is



HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500
ÚTILÍF

# VEGNA HAGSTÆÐRA SAMNINGA VIÐ ALLA OKKAR BIRGJA:

BOSS HUGO BOSS · strellson · HUGO HUGO BOSS · gardeur · RALPH LAUREN
SAND · eterna · Van Gils · bugatti · LLOYD
CANALI · FINUCCI collezione · MABRUN · PAL ZILERI · TINO COSMA

## GERUM VIÐ EFTIRFARANDI SAMNING VIÐ ÍSLENSKA ÞJÓÐ:

# 20%

# AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM VÖRUM ÚT ÁRIÐ 2008

ENGAR HÆKKANIR Á VÖRUM ÚT ÁRIÐ 2008
ENGAR VÖRUR TEKNAR ÚT - EKKERT PLAT

VIÐ SEGJUM VERÐBÓLGUNNI ÞAR MEÐ
STRÍÐ Á HENDUR OG HVETJUM AÐRA KAUPMENN
TIL AÐ GERA SLÍKT HIÐ SAMA
OG LEGGJAST Á ÁRAR MEÐ OKKUR.

VINNUM OKKUR SAMAN Í GEGNUM
ERFIÐLEIKANA.

herra GARÐURINN -klæðir þig vel

Sighvatur Haraldsson
Verslunarstjóri Kringlunni

Dagur Ingason
Verslunarstjóri Smáralind

B&S KONUR KRINGLUNNI

Ingibjörg Kristófersdóttir
Verslunarstjóri

HUGO BOSS KRINGLUNNI

Pétur Ívarsson
Verslunarstjóri

FÖT SKÓR

Hákon Hákonarson
Framkvæmdastjóri

STYÐJUM ÍSLENSK FYRIRTÆKI
VERSLUM HEIMA



**FREÐNU SKEGGI SKARTAR HANN** „Nei, mér er ekkert kalt,“ sagði Mike Bauers, sem ýtti á undan sér snjóblásara í bænum Bismark í Norður-Dakóta, Bandaríkjunum. Hann hafði bisað við það allan daginn, með hléum, að hreinsa snjó af gangstétt fyrir utan veitingahús í miðbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Illugi Gunnarsson segir afstöðu sína til aðildar að Evrópusambandinu óbreytta:

# Gallar Evrópusambandsins fleiri en kostirnir

**STJÓRNMÁL** Afstaða Illuga Gunnarssonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, til aðildar Íslands að Evrópusambandinu (ESB) er óbreytt. Hann telur gallana við aðild kostunum yfirsterkari.



ILLUGI GUNNARSSON

Í grein eftir Illuga og flokksbróður hans Bjarna Benediktsson í Fréttablaðinu á laugardag sagði að hefja beri aðildarviðræður við ESB og í framhaldinu efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um afraksturinn.

Þau rök ein liggja til grundvallar að notkun krónunnar getur reynst fjötur um fót til framtíðar.

„Ég tel að gallarnir við inngöngu séu meiri heldur en kostirnir,“ segir Illugi sem er annar tveggja formanna Evrópunefndar stjórnvalda og hefur því kynnt sér málefni ESB af kostgæfni. „Þær upplýsingar sem ég hef viðað að mér í gegnum það starf hafa ekki breytt afstöðu minni. Það fylgja því gríðarlega miklir gallar að ganga í ESB, sérstaklega þegar kemur að málefnum sjávarútvegsins og auðlindanna. Það eina sem hefur breyst í mínum huga snýr að möguleikum okkar til að nota krónuna sem gjaldmiðil í framtíðinni.“ - bþs



## HAGSMUNAMAT

Evrópunefnd stjórnvalda ætlar að meta hagsmuni Íslands í Evrópusamstarfi með kerfisbundnum hætti. Nefndin hefur þegar fjallað um afmarkaða þætti samstarfsins en með útvíkkun verður til dæmis horft til jafnréttis-, lýðræðis- og félagsmála, auk annarra málaflokka. Kallað verður eftir sjónarmiðum félagasamtaka og, eftir atvikum, annarra. Hugsunin er sú að verði ákveðið að sækja um aðild að ESB liggi hagsmunamat fyrir.

Skipan héraðsdómara:

# Umboðsmaður rannsakar enn

**STJÓRNSÝSLA** Umboðsmaður Alþingis hefur ekki enn lokið rannsókn á skipan Þorsteins Davíðssonar í embætti dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra. Ekki er ljóst hvort niðurstaða fæst á þessu ári.



ÁRNI MATHIESEN

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra sagði sig frá málinu vegna tengsla við Þorstein, sem var áður aðstoðarmaður hans. Árni Mathiesen, settur dómsmálaráðherra, skipaði Þorstein í embætti í desember í fyrra. Í janúar var málinu skotið til umboðsmanns og 18. mars svaraði Árni erindi hans. Síðan eru liðnir níu mánuðir. - kóp

Norðmenn ræða áhrif ESB-aðildar Íslands:

# Noregur myndi neyðast í ESB

**NOREGUR** Heitar umræður eru í Noregi um hugsanlega inngöngu Íslands í ESB og áhrif þess á norskan sjávarútveg. Forsvarsmenn innan norsks sjávarútvegs óttast hvaða afleiðingar það muni hafa á fiskútflutning Norðmanna ef Íslendingar ganga í ESB og telja hugsanlegt að norskar afurðir komi illa út úr samkeppninni. Þetta kemur fram hjá norska ríkisútvarpinu NRK.

Rolf Domstein, forstjóri í sjávarútvegsfyrirtækinu Domstein, telur að Norðmenn ættu að fylgja Íslendingum inn í ESB því að íslensk ESB-aðild leiði til þess að Norðmenn fái minna verð fyrir afurðir sínar. „Háir tollamúrar leiða til þess að sjávarútvegurinn tapar tekjum og atvinnutækifærum,“ segir hann.

Innan sjávarútvegsins er fylgst náið með pólitískri og efnahagslegri þróun á Íslandi og telja sumir að staðan verði dramatísk. „Við verðum þá með okkar stærsta samkeppnisaðila innan Evrópumarkaðarins og án tollamúra,“ segir Geir Andreasen og telur að Norðmenn eigi að fylgja Íslendingum í ESB.

Reidar Nilsen hjá Fiskifélagi Noregs óttast að missa yfirráðin yfir auðlindunum og telur ESB hafa alltof lélegt fiskveiðistjórnarkerfi en viðurkennir að ekki sé það jákvætt ef Íslendingar gangi í ESB.

Helga Pedersen, sjávarútvegsráðherra Noregs, telur óljóst hvaða áhrif ESB-aðild Íslands hafi á Norðmenn. Hún er andvíg aðild Noregs að ESB. - ghs



**LITLA-HRAUN** Maðurinn var fluttur á Litla-Hraun í gær eftir að Hæstiréttur staðfesti gæsluvarðhald yfir honum. Hann var með mikil verðmæti á sér sem talin eru vera hluti þýfis.

# Stórtækt þjófagengi stöðvað

**Lögreglan á Suðurnesjum hefur stöðvað útflutning á miklu magni af þýfi. Karlmaður er í gæsluvarðhaldi.**

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum hefur komið í veg fyrir að mikið magn þýfis væri flutt úr landi. Einn maður, litháískur ríkisborgari, situr í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar málsins. Hann sætir gæsluvarðhaldi til 19. desember.

Upphaf málsins má rekja til þess að erlendur maður kom með umslag merkt „The Criminal Department“ og afhenti lögreglumanni fyrir utan lögreglustöðina í Reykjavík. Hann hljóp síðan á brott.

Í bréfinu var að finna upplýsingar um hvenær fjórir aðilar væru á leiðinni úr landi með flugi. Fram kom að fólkið sem nefnt er í bréfinu hafi stundað innbrot og þjófnaði á höfuðborgarsvæðinu að undanförnu og ætlaði með þýfið úr landi.

Þá var vakin sérstök athygli á tveimur einstaklingum sem ætluðu að senda bifreið með gámi úr landi. Væri þýfi í bifreiðinni og gámnum.

Litháinn sem situr inni var handtekinn í Leifsstöð við för úr landi. Það var sá dagur sem bréfið sagði til um að hann færi utan.

Við skoðun á farangri hans kom í ljós talsvert af munum, ætlað þýfi. Hjá lögreglu bar maðurinn að hann hefði keypt munina og væri andvirði þeirra um 400.000 til 500.000 krónur. Þar á meðal var úr, sem maðurinn kvaðst hafa keypt fyrir allt að 66 þúsund og greitt fyrir með reiðufé.

Lögregla vinnur nú hörðum höndum að því að staðsetja bílinn og gáminn.

Hún telur rökstuddan grun fyrir því að maðurinn sé viðriðinn umfangsmikla og skipulagða þjófnaðarstarfsemi og innbrot og hafi ætlað að koma ætluðu þýfi úr landi. jss@frettabladid.is







Veljum íslenskt
– okkar hagur!
SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is





Ríkissjóður dæmdur til að greiða skaðabætur vegna ólögmætrar handtöku:

# Holberg dæmdar skaðabætur

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið hefur verið dæmt í Héraðsdómi Reykjavíkur til að greiða Holberg Mássyni skaðabætur vegna ólögmætrar handtöku. Holberg voru dæmdar 200 þúsund krónur í skaðabætur.

Málavextir eru þeir að lögreglan handtók Holberg hinn 19. janúar 2006 ásamt tveimur erlendum mönnum, eftir fund, sem þeir áttu í Íslandsbanka, þar sem talið var að hann væri viðriðinn tilraun til að selja Íslandsbanka falsaða bankaábyrgð. Var Holberg í haldi til næsta dags.

Rannsókn lögreglu leiddi ekki í ljós tengsl hans við meint misferli og var málið fellt niður. Hann kvaðst fyrir dómi hafa aðstoðað Íslandsbanka við öflun leyfis fyrir áreiðanleikapróf á bankaábyrgðinni umræddu. Hafi hann eingöngu verið milliliður en á þessum tíma hafi hann aldrei séð bankaábyrgðina.

Fram kom að lögreglan hefði einungis stuðst við munnlegar upplýsingar sem fengust símleiðis frá lögfræðingi Íslandsbanka. Síðar hafi komið í ljós að upplýsingar, sem starfsmaður bankans veitti, hafi verið rangar. Hin falsaða bankaábyrgð hafi ekki borist Íslandsbanka með boð um kaup frá Holberg, heldur með tölvupósti frá öðrum útlendingnum. **- jss**



**HOLBERG MÁSSON** Vann málið og fékk skaðabætur.








**DÝRARI Í FRAMLEIÐSLU** Framleiðslukostnaður á mjólk er meiri hér en annars staðar.

Mjólkin er langdýrust í framleiðslu hér á landi:

# Vextirnir eru að sliga bændur

**LANDBÚNAÐUR** Kostnaður við mjólkurframleiðsluna var langmestur á Íslandi árið 2007 ef miðað er við flestöll lönd í heiminum, samkvæmt Dairy Report 2008.

Í yfirliti frá norskri stofnun sem stundar rannsóknir í landbúnaðarhagfræði kemur fram að Íslendingar hafi mun dýrari framleiðslu miðað við meðalstærð á búi en aðrar þjóðir. Íslendingar hafi um 40 kýr að meðaltali og framleiðslan kosti um 187 krónur íslenskar á kílóið. Mjólkurframleiðslan í Sviss sé næstdýrust. Þar séu búin helmingi minni og kostnaðurinn um 136 krónur á kílóið af mjólkinni. Norðmenn eru í fjórða sæti yfir dýrustu framleiðsluna. Í Noregi eru búin svipuð að stærð og í Sviss og þar nemur kostnaðurinn rúmum 100 krónum á kílóið. Stærst eru hins vegar kúabúin á Nýja-Sjálandi með um 307 kýr og þar er kostnaðurinn langminnstur, tæpar 34 krónur á kílóið.

Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur hjá Bændasamtökunum, segir að tölurnar séu kunnuglegar. Mjólkurframleiðsla sé dýrari hér en annars staðar því að fjármagnskostnaðurinn sé margfalt hærri hér. „Annars vegar er það þessi hái vaxtakostnaður sem atvinnulífið býr við og hins vegar meiri fjárbinding í byggingum og vélum heldur en þekkist í löndunum í kringum okkur. Vetur eru oft slæmir hér og það þarf að leggja meira í byggingar, til dæmis vegna jarðskjálfta. Síðan er minni framleiðsla á mjólk á hvern fermetra í fjósunum heldur en þar sem kynin eru afurðameiri.“ **- ghs**










TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA \ 083868

Gefur þú stærstu jólagjöfina í ár?

Allir sem eiga miða í **desember 2009** geta átt von á sérstökum **75 milljóna króna vinningi** sem dreginn verður út í seinni útdrætti þann mánuðinn. Númerið fer einu sinni í pottinn fyrir hvern greiddan mánuð, þannig að sért þú með strax frá upphafi árs, getur þú **tólffaldað möguleikana.**

**Nú fást miðar í sérstakri gjafaöskju á afmælissýningu okkar í Smáralind, hjá aðalumboði og umboðsmönnum um allt land.**

Gleddu vin og stuðlaðu um leið að uppbyggingu Háskólans. Svo getur þú auðvitað keypt einn fyrir þig í leiðinni! Nánari upplýsingar á sölustöðum, í síma 800 6611 eða á hhi.is.

75 ára
milljónir á einn miða

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
*vænlegast til vinnings*

netto

Harðir pakkar á frábæru verði




EVRÓPSKU DÍVURNAR

DÍVURNAR OG TENÓRARNIR




HEYR HIMNASMIÐUR

**1.798 kr**




THE HULK

**1.799 kr**




SEX & THE CITY

**2.399 kr**




MAMMA MIA!

**2.599 kr**




TRIXIN Í TAKKASKÓNUM

**1.799 kr**




4 JÓLASMELLIR

**299 kr**




FYRSTI VETRARSNJÓRINN

**599 kr**




DÓRA NR.2

**1.799 kr**

TILBOÐIN GILDA 18. - 21. DESEMBER

Skoðaðu tilboðin á www.netto.is

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

www.netto.is

Birt með fyrirvara um prentvillur.

www.markhonnun.is

# Bókmennt

## Besta þýdda skáldsagan:




Starfsfólk Bókmenntaverðlaun 2008 bókaverslana

**1. Bókaþjófur**
Markus Zusak

Tilboðsverð:
**3.900 kr.**
Almennt verð: 4.990 kr.




**2. Karlar sem hata konur**
Stieg Larsson

Tilboðsverð:
**3.600 kr.**
Almennt verð: 4.480 kr.




**3. Vatn handa fílum**
Sara Gruen

Tilboðsverð:
**3.900 kr.**
Almennt verð: 4.990 kr.

## Besta þýdda barnabókin:




Starfsfólk Bókmenntaverðlaun 2008 bókaverslana

**1. Hver er flottastur?**
Mario Ramos

Tilboðsverð:
**1.600 kr.**
Almennt verð: 1.980 kr.



**2. Ljósaskipti**
Stephenie Meyer

Tilboðsverð:
**3.600 kr.**
Almennt verð: 4.490 kr.



**3. Bangsímon**
A. A. Milne

Tilboðsverð:
**2.600 kr.**
Almennt verð: 3.290 kr.

## Besta ævisagan:




Starfsfólk Bókmenntaverðlaun 2008 bókaverslana

**1. Magnea**
Magnea Guðmundsdóttir og Sigmundur Ernir Rúnarsson

Tilboðsverð:
**3.800 kr.**
Almennt verð: 4.790 kr.




**2.- 3. Ég, ef mig skyldi kalla**
Þráinn Bertelsson

Tilboðsverð:
**3.700 kr.**
Almennt verð: 4.690 kr.




**2.-3. Í húsi afa míns**
Finnbogi Hermannsson

Tilboðsverð:
**3.700 kr.**
Almennt verð: 4.690 kr.

## Besta handbókin/ fræðibókin:




Starfsfólk Bókmenntaverðlaun 2008 bókaverslana

**1. Dýrin**
David Burnie

Tilboðsverð:
**10.000 kr.**
Almennt verð: 14.900 kr.




**2. Íslenskar kynjaskepnur**
Sigurður Ægisson og Jón Baldur Hlíðberg

Tilboðsverð:
**3.200 kr.**
Almennt verð: 3.990 kr.




**3. Myndlist í þrjátíu þúsund ár**
Ýmsir

Tilboðsverð:
**12.000 kr.**
Almennt verð: 14.990 kr.

# taverðlaun

## starfsfólks bókaverslana 2008

**Besta íslenska skáldsagan:**




**1. Ofsi**
Einar Kárason

Tilboðsverð:
**3.900 kr.**
Almennt verð: 4.990 kr.




**2. Rökkurbýsnir**
Sjón

Tilboðsverð:
**3.700 kr.**
Almennt verð: 4.680 kr.




**3. Skaparinn**
Guðrún Eva Mínervudóttir

Tilboðsverð:
**3.700 kr.**
Almennt verð: 4.690 kr.

Starfsfólk Bókmenntaverðlaun 2008 bókaverslana

**Besta íslenska barnabókin:**




**1. Garðurinn**
Gerður Kristný

Tilboðsverð:
**2.800 kr.**
Almennt verð: 3.490 kr.




**2. Steindýrin**
Gunnar Theodór Eggertsson

Tilboðsverð:
**2.600 kr.**
Almennt verð: 3.290 kr.




**3. Fíasól er flottust**
Kristín H. Gunnarsdóttir

Tilboðsverð:
**2.600 kr.**
Almennt verð: 3.290 kr.

Starfsfólk Bókmenntaverðlaun 2008 bókaverslana

**Besta ljóðabókin:**



**1. Ég skal kveða um eina þig alla mína daga**
Ástarljóð Páls Ólafssonar

Tilboðsverð:
**3.200 kr.**
Almennt verð: 3.990 kr.
Kilja
**2.400 kr.**
Almennt verð: 2.990 kr.



**2. Hvert orð er atvik**
Þorsteinn frá Hamri

Tilboðsverð:
**2.800 kr.**
Almennt verð: 2.480 kr.




**3. Ljóð og myndir**
Þorsteinn frá Hamri

Tilboðsverð:
**2.800 kr.**
Almennt verð: 3.480 kr.

Starfsfólk Bókmenntaverðlaun 2008 bókaverslana

**Tilboðið gildir til og með 12. janúar 2009.**

Skiptimiðinn
Eymundsson

*Allar bækur í Eymundsson eru með skiptimiða þannig að hægt er að skipta jólagjöfunum til 10. janúar 2009.*

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*



**ALLT Á FLOTI** Borgin Cavaillon í Suður-Frakklandi er umflotin vatni eftir miklar rigningar undanfarna daga en þessi íbúi borgarinnar reyndi í gær að losa stíflu í niðurfalli til að hleypa vatni af götunni. Úrkoman hefur gert mönnum lífið leitt. Raflínur hafa slitnað og þá hafa hundruð manna setið föst í bílum sínum, í lestum og í skíðalyftum sem misstu afl sitt. Um hundrað þúsund heimili voru án rafmagns í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Þingmenn allra flokka leggja fram frumvarp um fjárhagslegan stuðning:

# Auðvelda málsókn gegn Bretum

**ALÞINGI** Þingmenn allra flokka hafa lagt fram frumvarp um fjárhagslegan stuðning ríkisvaldsins vegna málshöfðunar fyrir erlendum dómstólum, vegna „íþyngjandi stjórnvaldsákvarðana erlendra stjórnvalda á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008“.

Sigurður Kári Kristjánsson, fyrsti flutningsmaður, samdi frumvarpið ásamt Helga Áss Grétarssyni lögfræðingi. Í greinargerð með því kemur fram að nauðsynlegt sé að sýna fram á með afdráttarlausum hætti að Íslendingar sætti sig ekki við að vera beittir hryðjuverkalögum. Það geti einnig styrkt mögulegar herferðir sem



**FYRSTI FLUTNINGSMAÐUR** Sigurður Kári Kristjánsson er fyrsti flutningsmaður frumvarpsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

þurfi að fara í til að bæta orðspor Íslands. Brýnt sé að leggja frumvarpið fram nú þar sem frestur til málshöfðunar í Bretlandi rennur út í janúar.

„Við viljum tryggja að ekkert í ríkiskerfinu standi í vegi fyrir því að þeir sem urðu fyrir aðgerðum Bretanna geti höfðað mál gegn þeim. Það er óvenjulegt að ríkið styðji menn til málsóknar en þetta varðar svo gríðarlega mikla almannahagsmuni,“ segir Sigurður Kári.

Flutningsmenn með honum eru þau Árni Páll Árnason, Katrín Jakobsdóttir, Höskuldur Þórhallsson og Jón Magnússon. Sigurður segir að frumvarpið njóti mikils stuðnings og á von á að það verði að lögum. - kóp

Flensan lætur bíða eftir sér:

# Ekkert tilfelli í yfir tvo mánuði

**HEILBRIGÐISMÁL** Ekkert inflúensutilfelli hefur greinst á veirufræðideild Landspítalans í rúmlega tvo mánuði. Tvö tilfelli greindust á höfuðborgarsvæðinu um mánaðamótin ágúst-september, annað af A-stofni en hitt af B-stofni.

Náið hefur verið fylgst með komum á Læknavaktina og sjúkdómsgreiningum þar undanfarna þrjá mánuði. Einungis örfá tilfelli hafa greinst þar með einkenni lík inflúensu. Víða í Evrópu eru merki um að inflúensan sé farin að stinga sér niður. Líklegt er að hún komi ekki upp hér af krafti fyrr en eftir áramót, líkt og undanfarin ár. - shá






# Þingmenn verða að leggja spilin á borðið

**Stjórnmálafræðingur undrast hversu fáir þingmenn upplýsa um fjármálatengsl sín. Segir nauðsynlegt að þeir geri hreint fyrir sínum dyrum. Tveir flokkar eiga eftir að skila ársreikningum til ríkisendurskoðunar, frestur rann út 1. október.**

**STJÓRNMÁL** „Það kom mér á óvart í þessari úttekt hversu fáir svöruðu og þau fáu svör sem bárust voru tiltölulega loðin,“ segir Einar Mar Þórðarson, stjórnmálafræðingur hjá Háskóla Íslands.

Fréttablaðið birti í gær svör þingmanna við fyrirspurn um fjárstuðning sem þeir nutu í prófkjörum. Aðeins fengust svör frá 26 þingmönnum, öllum frá Vinstri grænum en einungis tveimur úr Sjálfstæðisflokknum.

„Ég tel að það sé nauðsynlegt að þingmenn opni þessar krukkur sínar til þess að eyða þessari tortryggni sem grefur um sig í samfélaginu í dag. Þeir hafa talað fjálglega um það að það þurfi að velta við öllum steinum en svo þegar böndin berast að þeim sjálfum þá eru þeir ekki jafn tilbúnir til að velta neinu við,“ segir Einar Mar. „Það eru sögur í gangi á bloggsíðum og annars staðar um tengsl þingmanna við banka og að þeir hafi fengið óeðlilegar fyrirgreiðslur. Þessar sögur eitra út frá sér og rýra traust almennings til þeirra og þess vegna verða þeir að fá tækifæri til að koma þessu öllu á hreint.“

Tveir stjórnmálaflokkar eiga enn eftir að skila ársreikningum fyrir árið 2007 til ríkisendurskoðanda; það eru Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur. Þetta er í fyrsta sinn sem flokkarnir þurfa að standa skil á þessu en lög um fjármál stjórnmálaflokka og frambjóðendur sem kveða á um þetta tóku gildi 1. janúar síðastliðinn. Skilafrestur var til 1. október. „Við vorum til í að horfa í gegnum fingur okkar með þessa töf þar sem þetta er fyrsta árið,“ segir Lárus Ögmundsson, skrifstofustjóri hjá Ríkisendurskoðun. „Þetta getur verið nokkuð seinlegt og snúið þar sem samræma þarf uppgjörstímabil mismunandi flokksdeilda. En biðin er orðin nokkuð löng svo okkur finnst nú að menn verði að fara að girða sig.“

Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi lagði fram tillögu í borgarstjórn í fyrradag um að borgarfulltrúar birti upplýsingar um öll fjárframlög til þeirra í prófkjörum fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar. Hún var felld með átta atkvæðum borgarfulltrúa Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks gegn 3 atkvæðum borgarfulltrúa F-lista og Vinstri grænna. Borgarfulltrúar Samfylkingar sátu hjá. Ólafur sagði þetta áfall fyrir lýðræði í borginni. „Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar bendir til þess að einungis borgarfulltrúar F-lista og Vinstri grænna telji aðstæður sínar þannig að þeir geti sýnt öll fjárhagsleg tengsl sín,“ segir hann. jse@frettabladid.is

## FLEIRI SVÖR BERAST





**ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON**

Í kjölfar umfjöllunarinnar í gær sendi Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingar, Fréttablaðinu sitt svar sem er eftirfarandi:

„Ég þáði engin framlög frá fyrirtækjum eða öðrum hagsmunaaðilum vegna prófkjörs míns. Nokkrir stuðningsmenn styrktu framboðið en enginn meira en 50.000 krónur. Heildarútgjöld prófkjörsins voru 4.576.656 krónur.“

Þá hafa 27 þingmenn svarað.

## ÁRÉTTING

Blaðamanni yfirsást svar Eyglóar Harðardóttur, þingmanns Framsóknarflokksins, þegar þingmenn voru spurðir um hverjir hefðu stutt prófkjörsbaráttu þeirra fyrir síðustu kosningar. Er hún beðin velvirðingar á því og birtist svar hennar hér með:

„Prófkjörsbarátta mín í Suðurkjördæmi kostaði á milli 700-800 þúsund krónur. Ég greiddi sjálf stærsta hluta kostnaðarins auk þess sem fjölskylda mín studdi mig fjárhagslega. Lítill hluti kom frá einstaklingum og fyrirtækjum mér ótengdum, eða innan við 100 þúsund krónur.“






Evrópustefna Sjálfstæðisflokks rædd á Alþingi:

# Vonast eftir umsókn í febrúar

**STJÓRNMÁL** Stjórnarflokkarnir þurfa að ná saman um peningamálastefnuna, sagði Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingar, á Alþingi í gær, og ef þeir gera það ekki er stjórnarsamstarfinu sjálfhætt. Þetta hafi því ekki verið hótun um stjórnarslit hjá formanni flokksins. Vonaðist hann til að hægt væri að leggja fram umsókn í febrúar í næsta mánuði.

Var hann að svara Siv Friðleifsdóttur, þingmanni Framsóknarflokks, sem sagði að formaður Samfylkingar hefði gripið inn í innri mál Sjálfstæðisflokks með því að hóta stjórnarslitum ef Sjálfstæðisflokkurinn samþykkir ekki að breyta stefnu sinni í Evrópumálum.

Jafnframt gagnrýndi Siv Illuga Gunnarsson og Bjarna Benediktsson, þingmenn Sjálfstæðisflokks, fyrir að vilja ganga gegn stefnu síns flokks, með því að vilja aðildarviðræður við Evrópusambandið, þrátt fyrir að svo fari að Sjálfstæðisflokkur komist að öndverðri niðurstöðu á landsþingi í janúar.

Bjarni Benediktsson svaraði því til að hann hafi hingað til stutt núverandi stefnu Sjálfstæðisflokksins í Evrópumálum. Með efnahagsvandanum þurfi hins vegar að fara fram nýtt hagsmunamat. Þjóðin eigi að fá að taka þátt með þjóðaratkvæðagreiðslu en það verði skýrast um hvað sé kosið þegar aðildarviðræðum er lokið. - ss



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR** Segir formann Samfylkingar skipta sér af innri málefnum Sjálfstæðisflokks með hótunum um stjórnarslit. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



# Allt sem þú Óskar þér!




**Páll Óskar tekur lagið og áritar í Nova Kringlunni, í dag milli kl. 19-21.**

**Páll Óskar, Silfursafnið**

## 1.990 kr.

**BESTA VERÐIÐ Í BÆNUM!**



**Telefunken digital rammi**

Verð til viðskiptavina Nova:

## 14.900 kr.

Fullt verð 18.900 kr.
Myndgæði: 489x234 pixel
Minni: 128 Mb




## Bíókort – frábær jólagjöf!

Ef þig vantar ekki nýjan síma getur þú keypt Nova bíókort á frábæru verði.

**Verð til viðskiptavina Nova: 3.990 kr.**
**Fullt verð: 6.000 kr.**






**X-MINI hátalarar fylgja!**

**Nokia 6120**

útborgun

## 3.900 kr.

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun á mán.
í 12 mánuði og Bíókort
– 6 x í bíó fylgir.

Staðgreitt: 27.900 kr.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

**NOVA**

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Lágmúla og Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. gjald vegna greiðsludreifingar.
Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

DAGUR & STEINI

## Landsbanki Íslands hf.

### Auglýsing um kröfuhafafund.

Þann 5. desember 2008 veitti Héraðsdómur Reykjavíkur Landsbanka Íslands hf., kt. 540291-2259, Austurstræti 11, 155 Reykjavík, heimild til greiðslustöðvunar. Kristni Bjarnasyni, hrl. var falið að gegna starfi aðstoðarmanns á greiðslustöðvunartímabili.

Í samræmi við úrskurð héraðsdóms og með vísan til 13. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991, sbr. 2. gr. laga nr. 129/2008 er boðað til fundar með lánardrottnum bankans. **Fundurinn verður haldinn föstudaginn 20. febrúar 2009 kl. 9.00 að Hótel Hilton Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.**

Hér með er ennfremur tilkynnt að þinghald Héraðsdóms Reykjavíkur um heimild Landsbanka Íslands hf. til greiðslustöðvunar verður háð í dómhúsinu við Lækjartorg fimmtudaginn 26. febrúar 2009 kl. 14.00 en samkvæmt úrskurði dómsins stendur heimild bankans til greiðslustöðvunar til þess tíma.

Rétt til fundarsóknar eiga þeir sem eiga kröfu á Landsbanka Íslands hf. Óskað er eftir því að kröfuhafar skrái kröfur sínar á vefsíðunni www.gamlilandsbanki.is. Athygli kröfuhafa er vakin á því að í þessu ferli felst ekki formleg kröfulýsing á hendur Landsbanka Íslands hf. Frekari upplýsingar er að finna á vefnum **www.gamlilandsbanki.is**

Kristinn Bjarnason, hrl.





**Útgjöldin**

>Verð á nýju myndbandi eða DVD-diski á myndbandaleigu. Meðalverð á landinu öllu í nóvember ár hvert.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*



**EIGENDUR FISKBÚÐARINNAR Á FREYJUGÖTU** Hjónin Einar og Þóra reka Fiskbúðina á Freyjugötu, þaðan sem jólaskatan er tekin að renna út.

# Skötuát markar upphaf jólanna

**Tími kæstu skötunnar er upprunninn, lyktnæmum og matvöndum til lítillar ánægju. Fisksalar segja skötutíðina fara vel af stað. Verð á stórskötu er nokkuð misjafnt, allt frá 1.090 krónum á kílóið upp í 1.590 krónur.**

Einkennilega lykt leggur nú yfir tiltekinn hluta Freyjugötu í Reykjavík. Sumir vilja kalla þetta fnyk, aðrir segja að að þetta sé ilmurinn af jólunum. Hvort sem lyktin er kemur hún frá fiskbúð hjónanna Þóru Egilsdóttur og Einars Steindórssonar. Þau eru, eins og aðrir fisksalar, farin að búa sig undir komu jólanna með skötusölu.

„Það er alltaf mikill áhugi á skötunni fyrir jólin,“ segir Þóra. Henni finnst ágætt að hafa skötuna í fiskborðinu og kippir sér lítið upp við lyktina sem af henni leggur. „Þetta er bara alveg yndislegt. Svo er heldur ekki hætt við að við fáum kvef á meðan. En jú, jú, það er sterk lykt af henni og hún finnst langar leiðir.“

Þóra segir skötusöluna fara vel af stað. Hún muni þó aukast til muna fyrir helgina, enda margir með skötuveislu þá, og ná svo hámarki fyrir Þorláksmessu. „Hingað koma stundum hópar saman og kaupa skötu í miklu magni,“ segir hún. „Einn úr hópnum tekur það svo að sér að elda fyrir hina. Oft er saltfiskur tekinn með, enda ekki allir sem borða skötu.“

Jón Garðar Sigurvinsson, eigandi Litlu fiskbúðarinnar í Hafnarfirði, hefur háleit markmið um skötusöluna. „Við erum með yfir tvö tonn af skötu. Ég á von á að það seljist allt saman hjá mér,“ segir hann.

Jón Garðar og samstarfsmenn hans verka skötuna sjálfir. Þeir sjá þó ekki um að kæsa hana, heldur fá annan í það verk.

Jón Garðar hefur sett sér það markmið að vera ódýrasti fisksali landsins. Samkvæmt óformlegri könnun Fréttablaðsins nær hann því. Kílóið af stórskötu kostar hjá honum 1.090 krónur. „Ef einhver fer niður fyrir mig þá lækka ég verðið.“ holmfridur@frettabladid.is

**TÍU DÆMI UM VERÐ Á STÓRSKÖTU**

| Fiskbúð | Krónur á kíló |
|---|---|
| Litla fiskbúðin | 1.090 |
| Tangi í Kolaportinu | 1.199 |
| Fylgifiskar | 1.290 |
| Fiskbúðin Hófgerði | 1.390 |
| Fiskbúð Einars | 1.390 |
| Fiskbúð Suðurlands | 1.395 |
| Fiskbúðin Freyjugötu | 1.490 |
| Gallerý Fiskur | 1.498 |
| Fiskbúðin Hafberg | 1.580 |
| Fiskisaga | 1.590 |



**Í LITLU FISKBÚÐINNI** Jón Garðar Sigurvinsson, eigandi Litlu fiskbúðarinnar, ætlar að selja tvö tonn af skötu fyrir jólin.

# Taktu betri myndir með flassi – það fylgir með í kaupauka.








**Jólagjöfin frá Nikon!**

Kauptu Nikon D60 og þú færð aukalega flass-pakka sem inniheldur: SB-400 flassljós, linsuklút og og hálsól að verðmæti kr. 30.000.

**Verð kr.**
**109.995***

*Með AF-S DX VR NIKKOR 18-15mm linsu með innbyggðri titringsjöfnun (VR).

## Vertu betri ljósmyndari - notaðu flass!

Flassljós gerir gæfumunin þegar taka á góða mynd. Flestir ljósmyndarar staðhæfa að lýsingin skipti öllu máli! – sem er til marks um hversu mikilvægt flassið er. Þú sérð hvernig skuggarnir jafnast eðlilega út, þegar þú notar ásett flassljós á borð við SB-400. Ljós sem er látið endurkastast frá lofti gefur ljósmynd, sem tekin er innanhúss, eðlilegri blæ. Einnig getur þú stjórnað lýsingunni betur við nærmyndatöku. Flassljós er, með öðrum orðum, mikilvægt fyrir þig! Kaupir þú Nikon D60 hjá viðurkenndum söluaðila Nikon á Íslandi, þá færðu ekki bara SB-400 flassljós í kaupauka heldur einnig, linsuklút og hálsól frá Nikon. Ekki missa af þessu tilboði sem gildir til 31. desember 2008.

MAX RAFTÆKI · BECO · FOTOVAL

Sjónvarpsmiðstöðin
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

Heimilistæki
www.ht.is
REYKJAVÍK AKUREYRI HÚSAVÍK SELFOSS

*At the heart of the image*

Nikon

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# ÞJÓÐLEGUR MATUR Í BÓNUS

KÆST OG SÖLTUÐ SKATA



1098

F.O. KÆST OG SÖLTUÐ SKATA
1098 kr./kg.

KÆST OG SÖLTUÐ TINDASKATA



798

F.O. KÆST OG SÖLTUÐ TINDASKATA
798 kr./kg.

SALTFISK-KINNAR



798

N.F. SALTFISK-KINNAR
798 kr./kg.



998

NF SALTFISKBITAR BEINLAUSIR
MEÐ ROÐI 998 kr./kg.
TILBÚNIR Í POTTINN.




1259

NF REYKTUR OG GRAFINN LAX 1259 kr./kg.
ALLAR TEG FLÖK OG BITAR.




498

NF HÁKARLSBITAR 100g 498 kr.




298

BÓNUS FORSOÐNAR KARTÖFLUR
900g 298 kr.




79

ES orkudrykkur
250ml 79 kr.

*Sama innihald.*
*Betra verð*

| EURO SHOPPER ENERGY DRINK | RED BULL ENERGY DRINK |
|---|---|
| Viðmiðunargildi í 100 ml | Viðmiðunargildi í 100 ml |
| Orka 190 kJ / 46 kkal | Orka 192 kJ / 45 kkal |
| Kolvetni 11 g | Kolvetni 11 g |
| Koffín 32 mg | Koffín 32 mg |
| Tárín (Taurine) 400 mg | Tárín (Taurine) 400 mg |



398

SAMBÓ JÓLALAKKRÍSKONFEKT
500g 398 kr.



498

BAUNIR EÐA MALAÐ

TE & KAFFI
JÓLAKAFFIÐ 400g
498 kr.




259

BÓNUS-ÍS BRAGÐAREFUR
1 LTR. 259 kr.

## SÆLGÆTISBARINN Í BÓNUS

50% AFSLÁTTUR Í DESEMBER



50% AFSLÁTTUR




998

BÓNUS GÓU KONFEKT
800g 998 kr.

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00 TIL 18.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FROSIÐ KS LAMBAKJÖT
1198
LAMBALÆRI 1198 kr./kg.
1398
LAMBAHRYGGUR 1398 kr./kg.
VINSÆLASTI HRYGGUR LANDSINS
AFSLÁTTUR 30% VIÐ KASSANN
Ali
HAMBORGAR-HRYGGUR
30%
AFSLÁTTUR
VIÐ KASSANN
1329
ALI HRYGGUR M/BEINI
1329 kr./kg. MERKT VERÐ 1898 KR.
1749
ALI HRYGGUR ÚRBEINAÐUR
1749 kr./kg. MERKT VERÐ 2498 KR./KG.
ÍSLANDS NAUT
30%
AFSLÁTTUR
ÍSLANDSNAUT UNGNAUTAHAMBORGARAR
4 STK M/BRAUÐI 559 kr. MERKT VERÐ 798 KR.
CHICAGO TOWN
BRICK OVEN
498
CHICAGO BRICKOVEN PIZZA
585g 498 kr.
Egils
MALT APPELSÍN
ÍSLANDS NAUT
30%
AFSLÁTTUR
ÍSLANDSNAUT FERSKT 100% UNGNAUTAHAKK
1085 kr./kg. MERKT VERÐ 1549 KR.
ÍSLANDS GRÍS
598
ÍSLANDSGRÍS GRÍSARIFJASTEIK
SNYRT OG SKORIÐ Í PURUNA 598 kr./kg.
95
EGILS MALT OG APPELSÍN
500 ML 95 kr
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00 TIL 18.30

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
369 **-0,67%**

**Fjöldi viðskipta:** 115
**Velta:** 291 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **CENTURY ALUM.** | **+8,10%** | **BAKKAVÖR** | **-4,94%** |
| **ALFESCA** | **+2,50%** | **STRAUMUR** | **-3,24%** |
| **FÆREYJABANKI** | **+0,81%** | **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | **-1,54%** |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR: 208,1 +2,50**

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 4,10 +2,50% ... Bakkavör 3,08 -4,94% ... Eimskipafélagið 1,28 -1,54% ... Exista 0,04 +0,00% ... Icelandair Group 13,20 +0,00% ... Kaupþing 0,00 +0,00% ... Marel Food Systems 75,80 +0,13% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 2,39 -3,24% ... Össur 97,50 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Ekvador að kasta Bandaríkjadal

Tímaspursmál er hvenær Ekvador kastar fyrir róða Bandaríkjadal sem þjóðargjaldmiðli hefur Bloomberg fréttaveitan eftir Alberto Ramos, S-Ameríkusérfræðingi Goldman Sachs bankans í New York í Bandaríkjunum.

Sérfræðingurinn dregur þessa ályktun af því að landið ætli ekki gera upp skuldir sínar vegna alþjóðlegrar skuldabréfaútgáfu upp á 3,9 milljarða dala og eigi nú í viðræðum við útgefendur um skuldaafslátt.


**RAFAEL CORREA** Forseti Ekvador er sagður hugleiða að innleiða nýja mynt í stað dalsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alberto Ramos segir notkun Ekvador á dalnum sem gjaldeyri þýða að Rafael Correa, forseti landsins, hafi ekki tök á að veita peningum í hagkerfi landsins vegna þurrðar á alþjóðlegum lánsfjármörkuðum um leið og tekjur hafi hrunið af olíuútflutningi landsins. Hann segir forsetann andsnúinn dollaravæðingu landsins, sem átti sér stað árið 2000, og kunni að nota efnahagsástandið til að hverfa frá henni. „Ég myndi ekki veðja á að dalurinn verði hér í notkun eftir þrjú til fimm ár," segir hann.

Þá er haft eftir sérfræðingum annarra banka að einhliða upptaka dalsins í löndum á borð við Ekvador, Panama og El Salvador, sé ávísun á úrræðaskort hjá stjórnvöldum þegar hægi á í hagkerfinu.

Sérfræðingur Barkleys-banka telur líklegt að gjaldeyrishöft verði innleidd í landinu áður en að því komi að dalnum verði kastað. Það sé ekki einfalt mál því kynna verði þá til sögu nýja mynt sem engin eftirspurn sé eftir. **- óká**

# Aukið bil hæstu og lægstu vaxta

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að auka bilið á milli hæstu og lægstu vaxta bankans.

Aðgerðin er ekki sögð fela í sér breytingu á peningastefnu Seðlabankans og verða stýrivextir áfram óbreyttir, 18 prósent. „Vaxtabreytingunum er hins vegar ætlað að stuðla að auknum viðskiptum á millibankamarkaði með krónur," segir í tilkynningu bankans í gær.

Vextir á viðskiptareikningum fjármálafyrirtækja í Seðlabankanum verða lækkaðir úr 17,5 í 15 prósent og vextir á daglánum hækkaðir úr 20 í 22 prósent. Þá verða vextir innstæðubréfa og bundinna innlána lækkaðir úr 17,75 prósentum í 15,25 prósent. **- óká**

# Prentvélar í fimmta gír

Bandaríski seðlabankinn lækkaði stýrivexti í fyrrakvöld úr einu prósentustigi niður í núll til fjórðung úr prósenti og hafa þeir aldrei verið lægri.

Lækkunin er óvænt og tók hlutabréfamarkaður við sér í kjölfarið. Bandaríski seðlabankinn var í fyrrasumar gagnrýndur fyrir að láta hjá líða að bregðast við yfirvofandi fjármálakreppu. Í september tók hann svo við sér og lækkaði vexti hratt. Þeir höfðu þá staðið í 5,25 prósentum í rúmt ár.

Ljóst er að stýrivextir verða ekki lækkaðir frekar í vesturheimi. Greining Glitnis segir í Morgunkorni sínu bankastjórnina nú setja prentvélarnar í fimmta gír enda skilaboðin að vöxtum verði haldið við núllið þar til hagkerfið taki við sér á ný.


**BEN BERNANKE**

Bloomberg-fréttaveitan bendir á að rými sé sömuleiðis fyrir lækkun vaxta í Japan og Evrópu og séu líkur á að bankar þar feti í fótspor þess bandaríska. Seðlabankar Noregs og Tékklands riðu fyrstir á vaðið í gær og lækkuðu stýrivexti sína. Sá norski færði þá niður um 1,75 prósent og sá tékkneski um hálft prósentustig. **- jab**

# Enn óvissa um Existu

Kröfur Existu í íslensku bönkunum nema 120 til 140 milljörðum króna. Á móti hljóða skuldir gagnvart innlendum fjármálastofnunum og erlendum lánadrottnum uppá samtals 255 milljarða króna.

Mismunurinn er á bilinu 115 til 135 milljarðar króna. Þetta kemur fram í upplýsingum félagsins um kröfur þess á hendur íslenskum fjármálastofnunum sem Kauphöllin óskaði eftir. Þar kemur fram að eignir og skuldir Existu séu samsettar úr nokkrum gjaldmiðlum til að verjast sveiflum á uppgjörsmyntinni, evru.

Exista hefur átt í viðræðum við erlenda lánadrottna um endurskoðun á lánasamningum félagsins í ljósi breyttra aðstæðna og eru þær í jákvæðu ferli þótt engar niðurstöður liggi fyrir. Ekki sé útilokað að lán verði gjaldfelld í heild eða að hluta, að því er segir í tilkynningu.

Fram kom fyrst á hluthafafundi Existu í lok október að óvissa ríki um eignastöðuna. Félagið var stærsti hluthafi Kaupþings þegar ríkið tók bankann yfir auk þess sem talsverð uppstokkun var bæði á eignasafni og hluthafalista félagsins í kjölfarið. **- jab**

# Tugmilljarða útstreymi af reikningum ríkisins

**Ríkið hefur að líkindum greitt vel yfir 60 milljarða króna til fjárfesta í mánuðinum vegna skuldabréfa sem ekki voru endurfjármögnuð. Bréf fyrir um 100 milljarða voru á gjalddaga. Ný bréf voru keypt fyrir innan við 30.**

Staða á viðskiptareikningum ríkisins hjá Seðlabankanum hefur lækkað vel yfir 60 milljarða króna í þessum mánuði. Staðan var um 163 milljarðar króna um mánaðamótin en er nú um 100 milljarðar, samkvæmt heimildum Markaðarins. Þetta skýrist af viðskiptum með skuldabréf ríkisins.

Stór ríkisbréfaflokkur var á gjalddaga 12. þessa mánaðar, fyrir um 52 milljarða króna. Til viðbótar voru á gjalddaga verðbréfalán í sama flokki fyrir um 50 milljarða til viðbótar. Ríkið hefur gefið út skuldabréf á móti í mánuðinum en þátttakan verið dræm. Tilboðum var tekið í 29,5 milljarða.

Það merkir að um 20 milljarðar hafa farið beint út af viðskiptareikningum ríkisins í Seðlabankanum í mánuðinum vegna þessa.


**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Lánamál ríkisins, sem áður nefndust Lánasýsla ríkisins eru til húsa í Seðlabanka Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Björgvin Sighvatsson, hjá alþjóða- og markaðssviði Seðlabanka Íslands, segir að á bak við verðbréfalánin séu tryggingar í formi annarra skuldabréfa. „Sumar af þessum tryggingum eru öruggar, aðrar ekki. Þar sem gömlu bankarnir þrír gátu ekki skilað til baka bréfum sem þeir fengu lánað í flokknum getur ríkissjóður gengið að tryggingunum sem bankarnir höfðu lagt fram."

Björgvin segist ekki geta svarað því hversu langt tryggingar bankanna nái upp í flokkinn sem féll á gjalddaga enda hluti af tryggingunum í formi óvarinna bankabréfa þar sem óvissa er um verðmat.

Ekki hafa fengist upplýsingar úr fjármálaráðuneytinu um mögulegar heimtur. Þar er því enn fremur hvorki játað né neitað að staða viðskiptareiknings ríkisins í Seðlabankanum sé nú um hundrað milljarðar króna. Því má ætla að um 50 milljarðar í viðbót hafi farið út af reikningum ríkisins.

Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur hjá Greiningu Glitnis, hefur áður bent á að meirihluti þeirra sem keyptu skuldabréfin á sínum tíma hafi verið erlendir aðilar.

Til greina kemur að ríkið gefi út verðtryggð skuldabréf. Ekkert hefur hins vegar verið ákveðið í þeim efnum.

Bent er á, úr Seðlabanka og fjármálaráðuneyti, að ríkissjóður hafi staðið sterkur og eigi enn háar fjárhæðir á viðskiptareikningum sínum í Seðlabankanum. Hann hafi því burði til að mæta stórum gjalddögum skuldabréfa. Bréf fyrir yfir 130 milljarða falla í gjalddaga á næsta rúma árinu. Inni í þeirri tölu eru bæði keypt bréf og lánuð.

Þá eru bréf og lán fyrir tugi milljarða króna á gjalddaga árin 2013 og 2019.

Ríkisvíxlar, í tveimur flokkum, verða boðnir út á morgun. Gjalddagi þeirra er í janúar á næsta ári og í mars.

**ingimar@markadurinn.is**

Fagfjárfestasjóðurinn KB ABS 12, kt. 410408-9960, hefur birt lýsingu vegna töku skuldabréfa til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf.

Skuldabréfin eru að nafnvirði 1.100.700.000 kr. og voru gefin út 25. júní 2008. Auðkenni flokksins í NASDAQ OMX Iceland hf. verður KBABS12 WB. Skuldabréfin verða tekin til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf. þann 19. desember 2008. Skuldabréfin bera ekki vexti. Skuldabréfin skulu endurgreiðast 24. febrúar 2010. Samkvæmt greiðsluskilmálum byggir ávöxtun skuldabréfanna á þróun vísitölu sem samsett er á eftirfarandi máta og hlutföllum: S&P 500 (53,0%), DJ STOXX 50 (17,5%), FTSE 100 (11,5%), TOPIX (11,0%), Swiss Market Index (3,0%), S&P/ASX 200 (2,5%), Hang Seng (1,0%) og MSCI Singapore Free (0,5%). Hver eining skuldabréfanna er 100.000 kr. og því er fjöldi skuldabréfanna 11.007 talsins.

Lýsinguna er hægt að nálgast á skrifstofu útgefanda í Borgartúni 19, 105 Reykjavík, og á sjóðasíðu Nýja Kaupþings banka hf., www.kaupthing.is/sjodir, í eitt ár frá birtingu hennar. Umsjónaraðili töku skuldabréfanna til viðskipta er Lögfræðisvið Nýja Kaupþings banka hf.

Reykjavík, 18. desember 2008

KAUPÞING

Fagfjárfestasjóðurinn KB ABS 10, kt. 541107-9910, hefur birt lýsingu vegna töku skuldabréfa til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf.

Skuldabréfin eru að nafnvirði 1.000.500.000 kr. og voru gefin út 18. apríl 2008. Auðkenni flokksins í NASDAQ OMX Iceland hf. verður KBABS10 WB. Skuldabréfin verða tekin til viðskipta í NASDAQ OMX Iceland hf. þann 19. desember 2008. Skuldabréfin bera ekki vexti. Skuldabréfin skulu endurgreiðast 9. október 2009. Samkvæmt greiðsluskilmálum byggir ávöxtun skuldabréfanna á þróun vísitölu sem samsett er á eftirfarandi máta og hlutföllum: S&P 500 (53,0%), DJ STOXX 50 (17,5%), FTSE 100 (11,5%), TOPIX (11,0%), Swiss Market Index (3,0%), S&P/ASX 200 (2,5%), Hang Seng (1,0%) og MSCI Singapore Free (0,5%). Hver eining skuldabréfanna er 100.000 kr. og því er fjöldi skuldabréfanna 10.005 talsins.

Lýsinguna er hægt að nálgast á skrifstofu útgefanda í Borgartúni 19, 105 Reykjavík, og á sjóðasíðu Nýja Kaupþings banka hf., www.kaupthing.is/sjodir, í eitt ár frá birtingu hennar. Umsjónaraðili töku skuldabréfanna til viðskipta er Lögfræðisvið Nýja Kaupþings banka hf.

Reykjavík, 18. desember 2008

KAUPÞING


**D'ANGLETERRE** Hótel D'Angleterre hefur verið nefnt „perla Kaupmannahafnar".

# Hótelin óhult fyrir málsókn

„Þetta hefur legið í loftinu í ár en hefur engin áhrif á okkur," segir Jón Þór Hjaltason, stjórnarformaður NP Hotels, félags Nordic Partners sem heldur utan um hótelrekstur félagsins í Danmörku.

Nordic Partners keypti dönsku hótelkeðjuna Remmen Hotels af Remmen-fjölskyldunni í september í fyrra. Þar innanborðs eru Hotel Kong Fredrik, Hotel Front, veitingastaðurinn Copenhagen Corner og hótelið D'Angleterre.

Í fyrradag hófust réttarhöld í Kaupmannahöfn vegna sölunnar á hótelkeðjunni. Málavextir eru þeir að fasteignasali stefndi fyrri eigendum og telur sig eiga inni þóknun upp á 20 milljónir danskra króna hjá fjölskyldunni fyrir millgöngu um söluna.

Fram kom í rétttarhöldunum að Nordic Partners greiddi 1,4 milljarða danskra króna fyrir hótelin, eða um 15,9 milljarða íslenskra króna, á þávirði. **- jab**




**Heimahúsið kynnir Eden eitt þægilegasta rúm til að sökkva sér í.**
**Fyrsta rúm sinnar tegundar þar sem dýnan er í einu lagi (ekki skarð á milli)**
**en er samt stillanlegt og svæðaskipt fyrir hvern og einn.**

HEIMA HÚSIÐ

mood
heima
Öndvegi

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is - Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16, sunnudaga til jóla 13-16.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Mikilvægt er að uppræta tortryggni.

# Á eða undir borði

**STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR**

Krafan um opna umræðu og að upplýsingum sé miðlað á skilvirkan hátt til almennings hefur orðið æ háværari í kjölfar bankahrunsins.

Fjölmiðlum hefur gengið treglega að fá svör við þeim fyrirspurnum sem þeir beina til ráðherra, Seðlabanka, Fjármálaeftirlits og bankanna. Rifja má upp leyndina sem hvíldi yfir skilyrðunum sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn setti fyrir lánveitingu til Íslendinga, hversu lengi stóð á að upplýsingar væru veittar um launakjör bankastjóra nýju bankanna og það hversu illa hefur gengið að fá svör við spurningum um niðurfellingu ábyrgðar á lánum til starfsmanna Kaupþings.

Líklega er lítil von til þess að upplýsingaflæðið batni meðan viðhorf þingmanna til þess að veita upplýsingar um eigin fjárhagstengsl eru eins og í ljós kom þegar Fréttablaðið fór þess á leit að fá upplýsingar um það hverjir hefðu stutt þá í prófkjörsbaráttunni fyrir síðustu alþingiskosningar. Langt innan við helmingur þingmanna treysti sér til að svara fyrirspurn Fréttablaðsins, eða 26 af 63.

Greinilegt er að þingmenn stjórnarflokkanna eru viðkvæmari fyrir því að láta af hendi upplýsingar um fjármálatengsl sín en þingmenn stjórnarandstöðunnar. Einungis tveir af 25 þingmönnum Sjálfstæðisflokksins létu Fréttablaðinu í té þessar upplýsingar eða 8 prósent. Samfylkingarþingmennirnir stóðu sig heldur skár og voru sjö af átján tilbúnir að senda blaðinu upplýsingarnar, eða 39 prósent. Helmingur þingmanna Frjálslynda flokksins gaf upp um tengsl sín og 86 prósent framsóknarþingmanna. Þingmenn Vinstri grænna skáru sig algerlega úr, svöruðu allir sem einn og eiga skilið hrós fyrir, sem og vitanlega allir hinir sem veittu upplýsingarnar.

Fálegar undirtektir þingmannanna eru í hróplegu ósamræmi við það sem þeir boða í orði. Rætt er um mikilvægi opinnar umræðu þar sem ekkert megi draga undan og mikilvægi þess að öll spilin liggi á borðinu til þess að draga megi úr þeirri tortryggni sem byggst hefur upp í samfélaginu síðustu vikur. Krafan um að afnema bankaleynd hefur hljómað og er studd af bæði þingmönnum og ráðherrum í ríkisstjórninni, þeim hinum sömu sem treysta sér ekki til að upplýsa um tengsl sín við fyrirtæki, félög og einstaklinga.

Við þetta má svo bæta að bæði Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur eiga eftir að skila ársreikningum fyrir árið 2007 til ríkisendurskoðanda en stjórnmálaflokkar eiga nú í fyrsta sinn að standa skil á ársreikningum. Frestur þeirra rann út 1. október.

Það er þingmönnum mikilvægt að leggja sitt af mörkum til þess að byggja upp traust almennings á stjórnvöldum. Viðbrögð þeirra við umleitan Fréttablaðsins eru svo sannarlega ekki lóð á þær vogarskálar. Það hefði vissulega verið líklegra til árangurs að þeir gengju á undan með góðu fordæmi og upplýstu undanbragðalaust um eigin tengsl.

Opin umræða og minnkandi tortryggni er meðal þess sem skiptir sköpum þegar reisa á samfélagið úr þeim rústum sem það er nú komið í.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ábyrgðarleysið

Þingmaðurinn Jón Gunnarsson hefur ekki legið á þeirri skoðun sinni að yfirlýsingar umhverfisráðherrans og viðskiptaráðherrans um að kjósa beri fyrr en síðar séu ábyrgðarlausar. Aðstæðurnar í samfélaginu séu þannig. Sjálfur hefur Jón hins vegar ekki átt í vandræðum með að lýsa yfir að þessir sömu ráðherrar eigi að víkja úr ríkisstjórn. Á þeim sjáist þreytumerki. En hvort ætli feli í sér minni ábyrgð að telja að kjósa beri innan tiltekins tíma eða að segja að ráðherrar þurfi að víkja? Að meta pólitíska stöðu á þann veg að heppilegt sé að þingmenn fái endurnýjað umboð til starfa eða lýsa því yfir að tveir ráðherrar séu í slíku ásigkomulagi að þeim sé ekki sætt í embættum?

### Veikt þing

Margt hefur verið sagt um veika stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdavaldinu í lagasetningaflóði síðustu vikna. Lögmenn og þingmenn – og ekki síst löglærðir þingmenn – hafa fordæmt vinnubrögðin enda segir það sig sjálft að talsverð hætta er á mistökum þegar kappsamir ráðherrar sjá þörf á nýjum lögum fyrir hádegi, semja frumvarp eftir hádegi, leggja það fram að kvöldi og fá það samþykkt sem lög um nótt.



### En samt sterkara

En hugsið ykkur, Alþingi gæti verið enn veikara. Fyrir aðeins fáum mánuðum var nefnilega ákveðið að þingmenn landsbyggðarkjördæmanna og formenn stjórnarandstöðuflokkanna fengju sérstaka aðstoðarmenn. Það var gert til að bæta starfsaðstöðu þingmanna og efla þannig þingið. Vart er hægt að hugsa þá hugsun til enda ef engir væru aðstoðarmennirnir og landsbyggðarþingmennirnir þyrftu að sinna skyldum sínum einir og óstuddir. Kjartan Ólafsson væri sjálfsagt algjörlega úti á þekju í sínum störfum ef hann nyti ekki krafta Einars Bárðarsonar. Og hvar væri Atli Gíslason staddur í sinni pólitík ef hann hefði ekki Heiðu í Unun sér til aðstoðar? Einar og Heiða eru nefnd hér af því að þau eru þekkt. En aðstoðarmennirnir eru 22. Og kosta 60 milljónir á ári.



**bjorn@frettabladid.is**

# Kvótinn varðaði veginn



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Rætur kreppunnar

Kreppan á Íslandi er dýpri en í öðrum löndum, enda hafa Íslendingar einir þjóða í Vestur-Evrópu óskað eftir og fengið neyðarhjálp á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Staðhæfingar stjórnvalda um, að Ísland sé saklaust fórnarlamb erlendra fjármálasviptinga, eru villandi og duga ekki til að firra stjórnarvöldin ábyrgð á ítrekuðum afglöpum og yfirsjónum. Yfirvöldunum virðist fyrirmunað að axla ábyrgð á eigin misgerðum og biðjast afsökunar, hvað þá draga sig í hlé. Það máttu kommúnistar í Austur-Evrópu eiga, að þeir kunnu sumir að skammast sín og báðust afsökunar, eftir að þeir höfðu keyrt lönd sín í kaf, og áttu þá sumir þeirra afturkvæmt í stjórnmálastarf.

### Virðingarleysi

Hvers vegna er kreppan hér dýpri en annars staðar? Höfuðskýringin liggur að minni hyggju í rótgrónu virðingarleysi stjórnmálastéttarinnar gagnvart hagkvæmum og réttlátum búskaparháttum. Stjórnvöldum tókst lengi vel að breiða yfir landlægt hirðuleysi í hagstjórn og hagskipulagi með erlendri skuldasöfnun, verðbólgu og ofveiði. Þessar leiðir lokuðust ein af annarri. Lánstraust Íslands í útlöndum er ekkert eins og sakir standa, svo að eigið sparifé þjóðarinnar, stórlega skert eftir gereyðingu undangenginna vikna, verður að duga til framkvæmda næstu ár. Verðbólga var lengi notuð til að rýra lífeyri almennings og annan sparnað til að breiða yfir óhagkvæmni í atvinnurekstri, en nú er sú leið ekki lengur fær vegna verðtryggingar. Nýlegar reglur gegn ofveiði leggja bann við auknum veiðum umfram ráðgjöf fiskifræðinga Hafrannsóknastofnunar. Stjórnvöld neyðast nú til að grípa til harkalegra aðgerða, sem munu skerða lífskjör almennings. Skaðinn er skeður: nú er komið að skuldaskilum.

### Sjálftekinn auður fer forgörðum

Vert er að rifja upp sjávarútvegspartinn af sögunni. Þegar þorskstofninn rambaði á barmi útrýmingar árin eftir 1980, ákvað Alþingi að hefta veiðarnar með útgáfu aflakvóta. Í stað þess að selja kvótann á markaði, svo að allir sætu við sama borð og ríkið eða byggðirnar öfluðu tekna á hagkvæman hátt, ákvað Alþingi að afhenda útvegsmönnum kvótann án endurgjalds í samræmi við lög, sem útvegsmenn höfðu sjálfir samið skv. frásögn sjónarvotta. Þannig var búin til ný stétt auðmanna, sem ruddu sér í krafti kvótans braut til enn frekari áhrifa og neyttu þeirra m.a. til að halda Íslandi utan Evrópusambandsins gegn vilja meiri hluta þjóðarinnar skv. skoðanakönnunum. Réttmætar tekjur af sameign þjóðarinnar fóru forgörðum. Þær tekjur kæmu sér vel nú, þegar hulunni hefur verið svipt af fyrirhyggjulausri fjármálastjórn undangenginna ára. Kvótakerfið er einnig ranglátt, eins og alþjóð veit og Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna staðfesti fyrir ári með því að afhjúpa mannréttindabrot af völdum kvótakerfisins. Hæstiréttur Íslands hafði áður lagt valdhlýðna blessun sína yfir mannréttindabrot Alþingis.

Sjálftekinn auður fer oftast forgörðum. Eða hvað skyldu útvegsfyrirtækin hafa gert við kvótann? Þau veðsettu sameignina til að steypa sér í skuldir í boði bankanna. Skuldir útvegsfyrirtækja eru nú um 500 milljarðar króna skv. upplýsingum Hagstofunnar og öðrum opinberum heimildum. Skuldirnar nema nú rösklega þreföldu útflutningsverðmæti sjávarafurða 2008. Til viðmiðunar námu þær rösklega tvöföldu útflutningsverðmætinu um mitt ár 2007 og voru nokkurn veginn jafnar útflutningsverðmætinu 1995. Skuldir útvegsfyrirtækjanna hafa því þrefaldazt miðað við útflutningsverðmæti sjávarafurða frá 1995. Ætla má, að eignirnar, sem keyptar voru fyrir lánsféð, hafi sumar verið í svipuðum gæðaflokki og fjárfestingar útrásarvíkinganna, enda samhentir menn að verki. Ekki munaði nema hársbreidd, að borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins í Reykjavík tækist að tefla orkulindum Reykvíkinga í hendur sömu manna og settu bankana á hliðina og sjávarútveginn á vonarvöl.

### Bindum raftana við bryggju

Kvótakerfið varðaði veginn fram af bjargbrúninni. Það slævði svo siðvitund stjórnmálastéttarinnar, að hún afhenti einnig bankana mönnum í talsambandi við flokkana að sögn þeirra sjálfra. Nýju eigendurnir þurftu ekki nema örfá ár til að keyra bankana í kaf og fengu grunlausa útvegsmenn til að steypa sér í botnlausar skuldir með sameign þjóðarinnar að veði. Ábyrgðin á hruni bankanna liggur ekki sízt á herðum þeirra, sem völdu kaupendur bankanna úr hópi vina sinna. Að svo miklu leyti sem útvegsfyrirtækin rísa ekki undir skuldum, eru veðin – það er að segja kvótinn, þjóðareignin – komin aftur í hendur ríkisins, sem á nú nýju bankana. Nú er lag að slá tvær flugur í einu höggi og taka til í bönkunum og sjávarútveginum og binda gömlu sótraftana við bryggju.

# Forgangsraða!

**UMRÆÐAN**

Anna Pála Sverrisdóttir skrifar um enduruppbyggingu Íslands



ANNA PÁLA SVERRISDÓTTIR

Ísland þarf nú að endurbyggja samfélagið á jöfnuði. Vinda ofan af misskiptingunni sem seinasta ríkisstjórn hafði unnið leynt og ljóst að. Til þess þarf að beina hugarfarsbreytingunni sem er að verða, í réttan farveg. Augljós farvegur eru fjárlög íslenska ríkisins sem nú eru til umræðu.

Hvernig er verið að forgangsraða þar? Spurningin er sérstaklega mikilvæg nú þegar mikið þarf að skera niður. Hrópandi dæmi um einkennilega forgangsröðun er hinn mikli niðurskurður til Háskóla Íslands og Lánasjóðs íslenskra námsmanna sem nú blasir við. Rifjum fyrst upp þá staðreynd að ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á að opna háskólana til að mæta auknu atvinnuleysi. Gott. Bara í HÍ hafa nú 1.400 manns sótt um nám, þar af helmingur í meistaranámi. En það eru svik að beina fólki inn í skóla á sama tíma og jafn mikið fjármagn er tekið út úr þeim.

Tæpur milljarður er tekinn af HÍ. 270 milljónir í almennan rekstrarkostnað og 656 milljónir í fyrirhugaða hækkun á rannsóknaframlagi sem búið var að ráðstafa. Framlög til LÍN lækka um 1.360 milljarða. Miðað við fjölda nýrra lánþega og hversu brýnt er að hækka framfærslulánin blasir við að sjóðurinn stendur ekki undir þessu.

Hátekjuskattur væri e.t.v. að miklu leyti táknræn aðgerð, þótt orð formanns Samfylkingarinnar um það mál hafi verið teygð. Hún myndi samt skila peningum. Ég vil frekar fara þá leið en taka upp komugjöld vegna innlagnar á sjúkrahús eins nú á að gera. Grafalvarlegt. Er þetta táknræn gjaldtaka sem sýnir að tækifærið til að byggja á jöfnuði, á ekki að nota?

UJ sendu frá sér ályktun á mánudaginn. Þar er dregið í efa að Sjálfstæðisflokkurinn sé fær um að taka þátt í enduruppbyggingu Íslands þar sem byggt er á jöfnum tækifærum. Samfylkingin hefur náð mörgum velferðarmálum í gegn í ríkisstjórnarsamstarfinu en nú öskrar Ísland á enn betri forgangsröðun í þágu jafnaðar.

*Höfundur er formaður Ungra jafnaðarmanna.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*






# TÍMÍANLAMBAHRYGGUR OG STEINSELJUHJÚPAÐ FILLET

## ÁSAMT HEITFENGNUM FÍKJUM, GRÆNMETISPÖNNU OG DIJONKARAMELLUSÓSU

**FYRIR 6 MANNS**

- 1,2 - 1,5 KG LAMBAHRYGGUR
- 4 BÖKUNARKARTÖFLUR
- 4 EPLI (EKKI RAUÐ)
- 2 SELLERÍSTILKAR
- 1/2 LÍTRI RJÓMI
- 50 G VALHNETUR, SAXAÐAR
- 2 SKARLOTTULAUKAR, FÍNSAXAÐIR
- 1 STEINSELJUBÚNT, SAXAÐ
- 6 FÍKJUR, FERSKAR
- 4 RAUÐRÓFUR, AFHÝDDAR
- 1 TÍMÍANBÚNT
- 3 MSK HUNANG
- 2 MSK DIJON SINNEP
- 2 GLÖS HVÍTVÍN
- LAMBAKRAFTUR
- KANILL OG SYKUR

Hryggurinn sagaður eftir endilöngu og úr verður 1/2 hryggur, fillet og lundir.

Skrælið kartöflur og epli, skerið í teninga ásamt selleristilkum. Forsjóðið kartöflur í 3-5 mín. Fínsaxið skarlottulaukinn. Hitið pönnu, léttsteikið epli og kartöflur. Bætið við sellerí og lauk, gætið þess að gylla ekki. Bætið við 1/4 léttþeyttum rjóma, stráið smá kanil og sykri yfir og að síðustu steinselju og valhnetum.
Rauðrófur bakaðar heilar í u.þ.b. 30 mín. Skerið fíkjurnar í kross og bakið í 10 mín. við 160°.

**Lambahryggur**
Ristið rákir í rygginn þversum og kryddið með salti og pipar. Skerið langsum meðfram hryggjarbeininu og stráið tímían í raufina. Steikið í ofni við 160° í u.þ.b. 30 mín. Skerið að beini og skiptið í sex hluta. Berið fram liggjandi á hryggjarbeininu.

**Lambafillet**
Fillet skorin af hryggnum og velt upp úr steinselju. Heilsteikið upp úr olíu og smjöri til helminga við vægan hita. Gætið þess að ekki komi steikingarlitur á kjötið svo litur steinselju haldi sér.

**Lambalundir**
Lundir skornar frá og framreiddar í forrétt eða sem lystauki - carpaccio eða grafnar.

**Sósa**
Sjóðið hunang niður þannig að það verði að karamellu. Hellið hvítvíni í og sjóðið niður um 2/3. Þeytið dijonsinnep út í, bætið við lambakrafti og 1/4 af rjómanum.

*Lambakjöt*

# FRIÐGEIR INGI

YFIRKOKKUR Á HÓTEL HOLTI

## AFHJÚPAR HEIMATROMPIÐ

LAMBAKJOT.IS

Jólin
vaxtalaus
fyrsta afborgun í mars
Jólalán Hagkaups

# Frábært verð



**Exido handryksuga** 240111
- Flott handryksuga
- 4,8 w rafhlaða
- hleðsla dugar í allt að 14 mínútur
- Hægt að festa hleðslutæki á vegg

**5.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**Panasonic ryksuga**
MCE7113
- 1600 w ryksuga
- 320 w sogkraftur
- 4 filtera kerfi
- 5 metra snúra
- Þyngd 4,1 kg
- Notar PAN-AMC8F96T1000 ryksugupoka

**8.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



**Dantax ferðaútvarp**
Casino1SV
- Fallegt gamaldags FM útvarp
- Aux inngangur
- Heyrnartólstengi
- Litur: Svartur



**12.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



**Philips kaffikanna** HD5405
- 1300 w kaffivél
- Sýður vatnið
- 1 l glerkanna fyrir 8-12 bolla
- Dropastoppari
- Litur: Svartur

**16.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**Dantax ferðaútvarp** RR303SV
- Ferðatæki með útvarpi og geislaspilara
- FM/AM Útvarp
- Topp CD Spilari
- 2 hátalarar
- Loftnet



**7.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**Philips Senseo Titan**
HD7812TI
- 1450w Senseo kaffivél
- Hellir upp á 1 eða 2 kaffibolla í einu
- Hver bolli er ferskur og með lag af froðu
- Tekur aðeins 30 sekúndur að laga
- Auðvelt að hreinsa
- Litur: Titan




**17.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



**Philips þráðlaus sími**
CD1501B
- Þráðlaus DECT sími
- 50 númer í minni
- 12 tíma hleðsla í notkun og 6 dagar í bið
- Endurval í síðustu 5 númer

**6.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



**Toshiba DVD spilari** SD180
- DVD spilari
- Progressive Scan
- Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW og JPEG
- Dolby Digital og DTS
- Scart (með RGB), Component og CVBS tengi
- Digital Coaxial tengi
- Fjarstýring

**11.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**Melissa fótanuddtæki**
631130
- 90 w Melissa fótanuddtæki
- 1,54 kg
- 3 stillingar
- Loftbólur frá 36 holum
- Meira en 150 nuddstaðir fyrir fætur



**5.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



**Melissa hitapúði** 631015
- Þæginlegur hitapúði með 3 stillingum

**4.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**JVC tökuvél** GZMG47SHARE
- Ótrúlega Nett Digital Media tökuvél
- Everio Share Station fylgir
- 20GB harður diskur (allt að 25 tíma upptaka)
- 1/5" upptökuflaga með 1.33 MegaPixel upplausn
- 2,7" LCD skjár
- F1.2 linsa
- Tekur SecureDigital kort
- 15x Optical Zoom og 700x Digital Zoom
- Innbyggð kyrrmyndavél (1280x920)
- Tekur hljóð upp í Dolby Digital
- Power Producer, Power Director Express og Power DVD klippi- og afspilunarforrit fylgja
- Ljós að framan
- Titringsdeyfir
- USB 2.0 tenging við tölvu

**54.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

Gildir til 24. desember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

# á raftækjum

**OPIÐ TIL 22:00 alla daga til jóla**

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

**Exido safapressa** 244002
- Öflug safapressa
- Tekur hart grænmeti og heila ávexti
- Engin þörf á að taka fræin úr eða börkin af
- Tveir hraðar
- 1,8 lítra matari
- Auðvelt að taka í sundur og hreinsa

**9.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



**Melissa hraðsuðukanna**
645083
- 2200 w
- 1,5 lítra
- Snúrulaus
- Litur: Hvítur

**4.990kr** FRÁBÆRT VERÐ





**Melissa handþeytari** 646049
- 175 w
- 5 Hraðastillingar + Turbo

**3.690kr** FRÁBÆRT VERÐ

**Olympus myndavél** FE20
- 8 MegaPixel
- 3x Optical Zoom
- Linsa: 6,3 - 18,9mm (36-180mm)
- 2,5 LCD Skjár (154.000 punktar)
- Face Detection - andlitsþekkjari
- Digital Image Stabilisation - mjög skýrar myndir
- Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 640x480)
- 1/2.35" CCD
- 16 Scene Modes
- Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi
- USB 2.0 Tenging við tölvu
- Tekur xD og MicroSD kort
- Li-50 Lithium rafhlaða
- Kaplar og hugbúnaður fylgja
- Stærð í mm(bxhxd) 96x57x22
- Þyngd: 88 g (án rafhlöðu)

**22.990kr** FRÁBÆRT VERÐ






**Ideline heilsugrill** 743179
- 800w
- 6 hitastillingar
- Safnar fitu og safa í bakka

**5.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**United ferða DVD spilari** DVP7046
- Fjölkerfa DVD Spilari - Svartur
- 7" LCD breiðtjaldsskjár
- Spilar DVD, DVD-R/RW, DVD+R/RW, og (S)VCD
- Spilar CD, CD-R/RW, DivX (MPEG-4, DivX 3.11, DivX 4.x, DivX 5.x), MP3 og JPEG
- Dolby Digital
- AV út og heyrnartólstengi
- Hleðslurafhlaða fylgir
- Spennubreytir fylgir
- Taska og bílhleðslutæki fylgir

**21.990kr** FRÁBÆRT VERÐ





**Philips hársett** HP4696
- 8 í einu - Allt fyrir hárið!
- Glæsilegt gjafasett með 8 hausum, m.a. krullujárn, krulluburstí, sléttu/vöfflujárn og slöngulokkum

**8.990kr** FRÁBÆRT VERÐ



**United örbylgjuofn** MWO7103
- 700 w örbylgjuofn
- 20 lítrar
- Snúningsdiskur
- Afþýðingarmöguleiki
- Litur: Hvítur

**8.990kr** FRÁBÆRT VERÐ




**Melissa hársett** 635085
- 1800 w hárblásari
- Ion tækni sem afrafmagnar hárið
- 2 hraðastillingar ásamt köldum blæstri
- Sléttujárn með keramik húð
- Hitastillir frá 80° til 230°C
- Keramik krullujárn
- 33 mm breidd
- Stiglaus hitastillir
- Hárbursti fylgir

**8.990kr** FRÁBÆRT VERÐ





**Melissa hárblásari** 635092
- 2200w
- 5 hitastillingar
- Kaldur blástur
- Með ionization - afrafmagnar hárið
- 2 hausar fylgja
- Ofhitunarvörn
- Hægt að taka út filter til að hreinsa

**2.990kr** FRÁBÆRT VERÐ

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Bændabylting?

**UMRÆÐAN**
Guðbergur Egill Eyjólfsson skrifar um landbúnað



GUÐBERGUR EGILL EYJÓLFSSON

Í nýju fjárlagafrumvarpi boðar ríkisstjórnin einhliða riftun á búvörusamningum til bænda. Ríkisstjórnin ætlar að fella niður þá vísitölutengingu sem bundin er í búvörusamningum. Þetta þýðir, ef verðbólguspár ganga eftir, skerðingu upp á 9–10 prósent. Þetta er skerðing á tekjum til bænda sem nemur 700–800 milljónum.

Bændur eru margir hverjir í mjög slæmri stöðu, helst þeir sem yngri eru og þeir sem staðið hafa í framkvæmdum á jörðum sínum. Misjafnt er ástandið eftir búgreinum. Kúabændur hafa margir hverjir staðið í miklum framkvæmdum og kvótakaupum og skuldar greinin um 35 milljarða. Þessir 35 milljarðar skiptast niður á um 700 bú. Sum þeirra eru næsta skuldlaus en önnur þeim mun skuldsettari. Kúabóndi einn sagði á dögunum, að honum hefði dottið í hug að hætta, ganga bara í burtu, því að hann sæi hvort eð er ekki fram á að geta nokkru sinni borgað af búi sínu.

Sauðfjárbændur eru í nokkuð annarri stöðu hvað skuldsetningu varðar en hafa þeim mun lægri tekjur. Sú grein átti reyndar í krísu fyrir kreppu þar sem meðalaldur sauðfjárbanda er 58 ár og fer hækkandi. Lítil sem engin nýliðun á sér stað. Ungt fólk sættir sig greinilega ekki við þau kjör sem sauðfjárbændum er boðið upp á. Nú ætlar ríkisstjórnin enn frekar að herða að þessum greinum með hinu nýja frjárlagafrumvarpi.

Eiga bændur að láta bjóða sér einhliða samningsrof ríkisstjórnarinnar? Eiga bændur að grípa til einhverra aðgerða? Eiga þeir að beita frönsku leiðinni og dreifa skít um götur Reykjavíkur? Eiga þeir að hætta að borga af lánum sínum og að framleiða matvæli? Sú hætta er fyrir hendi ef þrengir frekar að, að fjöldi bænda fari á hausinn. Formaður Landssambands kúabænda skrifaði á heimasíðu landssambandsins að um 40 prósent allrar mjólkur á Íslandi koma frá kúabúum sem eru skuldsett að eða yfir hættumörkum.

Með þessum samningsrofum sem fjárlagafrumvarpið felur í sér, er stórlega vegið að matvælaöryggi þjóðarinnar. Við Íslendingar framleiðum ekki nema um helmingi þess matar sem við neytum. Matarbirgðir landsins duga ekki nema í um tvo og hálfan mánuð, það fer eftir árstíðum.

Einnig er uggur í bændum vegna ESB-umræðunnar. Bændur færu mjög halloka ef af inngöngu Íslands yrði. Svína- og kjúklingarækt legðist af og öll önnur landbúnaðarframleiðsla drægist saman. Þetta er reynsla sænskra og finnskra bænda. Um sex þúsund manns starfa við landbúnað og matvælaframleiðslu á Íslandi í dag og ætla má að við bætist 3.000-4.000 afleidd störf. Ríkisstjórnin er enn frekar að ógna afkomu þessa fólks með einhliða riftun búvörusamninga, lögleiðingu umdeilds matvælafrumvarps og daðri við ESB.

Væri ekki nær að snúa vörn í sókn, efla landbúnaðinn og fá jákvæða byltingu í stað neikvæðrar? Það er nauðsynlegt hverri sjálfstæðri þjóð að vera sjálfri sér næg um mat. Atvinnuleysi eykst nú sífellt og umræðan snýst um nýsköpun og um menntun. En það eru ónýtt tækifæri til staðar sem hægt væri að nýta hér og nú. Þau eru kannski ekki jafn fín og nýmóðins og nýsköpun eða æðri menntun en við erum í vandræðum og verðum að taka því sem býðst.

Eins og fyrr segir framleiðum við ekki nema um helming þeirra matvæla sem við þörfnumst. Við framleiðum ekki nema um 40 prósent af grænmetinu sjálf. Þarna felast mikil tækifæri. Um 900 manns starfa við að framleiða innlenda grænmetið. Ef vilji er fyrir hendi er hægt að tvöfalda þessa framleiðslu og um leið skapa nokkur hundruð störf. Þarna er tækifæri fyrir Húsvíkinga að byggja upp sjálfbæra stóriðju. Þeir gætu byrjað strax á morgun í stað þess að bíða eftir álbræðslu sem kemur kannski aldrei. Hægt væri að skapa fjölda starfa með alhliða eflingu landbúnaðarins.

Hægt er að ákveða að fullvinna meira af þeim sjávarafurðum sem við seljum úr landi. Frystihúsin eru til og fólk vantar vinnu. Er ekki nær að við vinnum fiskinn sjálf í stað þess að veita hundruðum ef ekki þúsundum Breta þá vinnu, þegar okkur sárvantar störfin sjálf?

Nú er tími aðgerða. Við verðum að nýta þau tækifæri sem við höfum og það strax. Hvað er ríkisstjórnin að gaufa? Við verðum að losna við þessa þurrpumpulegu stjórnmálamenn sem vilja bara tryggja eigin stöðu og sigla okkur aftur inn í það gamla kerfi sem er þeim svo þægilegt. Losna við kerfið sem kom okkur almenningi í þá slæmu stöðu sem við erum nú í.

Við þurfum fólk við stjórnvölinn sem er ekki of fast í formi kerfisins og getur komið með nýjar hugmyndir til þess að skapa hið nýja Ísland.

*Höfundur er bóndi og nemi við Háskólann á Akureyri.*




# Fjármálakreppan og niðurlæging Alþingis

**UMRÆÐAN**
Loftur Altice Þorsteinsson skrifar um IceSave-samninginn



LOFTUR ALTICE ÞORSTEINSSON

Nú er svo komið, að hörðustu stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar eins og ég, verða að játa að hún er ekki á vetur setjandi. Samfylkingin beitir Sjálfstæðisflokkinn bolabrögðum með hótun um stjórnarslit, ef ekki er gengið í átt að ESB-aðild. Geir Haarde hefur kiknað í hnjánum og tekið þann kost að kljúfa Sjálfstæðisflokkinn fremur en missa stól forsætisráðherra.

Þáttur Alþingis á síðustu vikum er aumkunarverður. Mánudaginn 08. desember 2008 samþykkti þingið heimild til ríkisstjórnarinnar að ganga frá Smánarsamningnum við ESB án nokkurra fyrirvara, svo sem því að hann kæmi fyrir þingið til endanlegrar samþykktar. Einn þingmaður Sjálfstæðisflokksins hafði þó þrek til að standa gegn ósómanum, en það var Pétur Blöndal.

Smánarsamningurinn fór í gegnum þingið á 29 atkvæðum, eða minnihluta alþingismanna. Lítið leggst því fyrir heiður þingmanna, þegar þeir skjóta sér undan að taka afstöðu til svona mikilvægs máls. Getur niðurlæging þingsins orðið meiri?

Rifja má upp atkvæðagreiðsluna frá 12. janúar 1993, þegar landráðasamningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) var samþykktur með naumum meirihluta. Þar stóð Alþýðuflokkurinn, forveri Samfylkingarinnar fremstur í flokki. Allir þingmenn Alþýðuflokksins samþykktu landráðasamninginn.

Ekki þarf mikla skarpskyggni til að skilja, að yfirstandandi efnahagshörmungar eru bein afleiðing af landráðasamningnum. Án hans hefði hin ógæfulega bankaútrás aldrei orðið og án hans hefði ESB ekki tekist að knýja okkur til þess auðmýkjandi samkomulags, sem innsiglað var 08. desember 2008.

Á hátíðastundum er talað um lýðræði á Íslandi. Ekki var það mjög lýðræðislegt að hafna þjóðaratkvæði um EES-samninginn 1993. Ekki er það mjög lýðræðislegt að Alþingi leggi líklega meira en 1000 milljarða króna álögur á landsmenn, með atkvæðum minni-hluta þingmanna. Hefði ekki verið meiri sómi af þjóðaratkvæði um svona byrðar, sem komandi kynslóðir munu verða að rogast með?

Svo er verið að tala um lýðræðislega ákvörðun varðandi inngöngu landsins í ESB. Dettur nokkrum hugsandi manni í hug, að þeir sem aldrei hafa virt lýðræðið fari nú að lúta vilja landsmanna? Dettur nokkrum manni í hug að harðasti kjarni Samfylkingar fari að beita öðrum vinnubrögðum en þeir beittu 12. janúar 1993 og 08.desember 2008?

*Ekki þarf mikla skarpskyggni til að skilja, að yfirstandandi efnahagshörmungar eru bein afleiðing af landráðasamningnum.*

Er til annarra úrræða að leita, en að forseti landsins svipti Geir H. Haarde umboði til forustu ríkisstjórnar og að forsetinn feli síðan einhverjum að mynda utan-þings-stjórn?

Þessir þingmenn samþykktu Smánarlögin 08.12.2008:

Arnbjörg Sveinsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ármann Kr. Ólafsson, Árni Páll Árnason, Árni M. Mathiesen, Ásta R. Jóhannesdóttir, Ásta Möller, Birgir Ármannsson, Bjarni Benediktsson, Björk Guðjónsdóttir, Einar K. Guðfinnsson, Ellert B. Schram, Geir H. Haarde, Guðbjartur Hannesson, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Gunnar Svavarsson, Helgi Hjörvar, Herdís Þórðardóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Gunnarsson, Karl V. Matthíasson, Katrín Júlíusdóttir, Kjartan Ólafsson, Lúðvík Bergvinsson, Ólöf Nordal, Rósa Guðbjartsdóttir, Sturla Böðvarsson, Össur Skarphéðinsson.

*Höfundur er verkfræðingur og vísindakennari.*

# Þvæla útvarpsstjóra

**UMRÆÐAN**
Bergsteinn Sigurðsson skrifar um starfsreglur RÚV



BERGSTEINN SIGURÐSSON

Í reglum um fréttir og dagskrárefni tengt þeim í Ríkisútvarpinu, segir meðal annars: „Útvarpsstjóri setur starfsmönnum Ríkisútvarpsins sem vinna að fréttaskrifum, fréttaflutningi og tengdu dagskrárefni eftirfarandi reglur: [...] 9. „Óheimilt er að útvarpa án leyfis ummælum manns ef hann vissi ekki að þau voru hljóð- eða myndrituð, nema ummælin hafi verið viðhöfð á opnum vettvangi.“

Í Fréttablaðinu 17. desember var Páll Magnússon útvarpsstjóri spurður hvort rétt hafi verið af Kastljósi að spila upptökur af samtali Reynis Traustasonar, ritstjóra DV, við fyrrverandi blaðamann blaðsins. Páll taldi svo vera, almannaheill hafi verið í húfi. Hann sagði enn fremur að birtingin stangaðist ekki á við 9. grein starfsreglna RÚV. Sagði Páll hana eingöngu lúta að samskiptum RÚV við viðmælendur sína en hefði ekkert með upptökur þriðja aðila að gera. Slíkar upptökur bæri að meta út frá þeim forsendum hvort það hefði mikla samfélagslega þýðingu að birta þær.

Þarna fer útvarpsstjóri með rangt mál, eins og má sjá þegar reglurnar eru lesnar. Þar er ekkert kveðið á um uppruna slíkra upptakna. Það stendur skýrum stöfum að starfsmenn RÚV mega ekki birta ummæli manns án leyfis ef þau voru tekin upp án hans vitundar. Reglurnar gefa ekkert svigrúm í þessum efnum. Starfsfólki RÚV er einfaldlega bannað að útvarpa slíkum upptökum.

Það má færa gild rök fyrir því að stundum geti verið réttlætanlegt að birta upptökur á borð við þá sem Kastljós spilaði á mánudag. Ég er sammála Páli að sú upptaka átti erindi til almennings. Túlkun hans á starfsreglum RÚV er aftur á móti fráleit. Það er útvarpsstjóra ósæmandi að bera á borð slíka þvælu.

*Höfundur er blaðamaður.*

**LÖGREGLUKÓR REYKJAVÍKUR** heldur jólatónleika í Grafarvogskirkju sunnudagskvöldið 21. desember klukkan 20.30. Einsöngvarar eru Anna Margrét Óskarsdóttir og Eiríkur Hreinn Helgason en stjórnandi kórsins er Guðlaugur Viktorsson. Miðaverð er 1.500 kr.



**Fjarðaportið**
Síðasti sjéns að búa til peninga fyrir jól
4 söludagar á 10.000 kr
Uppl. í síma 578-3040




**Íslenskt barnaefni á DVD**
Fæst í öllum betri verslunum




**Íslenskar þjóðsögur og ævintýri**
Loksins eru þjóðargersemar okkar Íslendinga komnar út á DVD mynddiski. Hér er að finna fjöldann allan af þjóðsögum og ævintýrum, þar á meðal Bakkabræður, Gilitrutt og 18 barna faðir í Álfheimum.
Einvala lið leikara er að finna á disknum og má þar nefna Örn Árnason, Árna Tryggvason, Ragnheiði Steindórsdóttur, Sigurð Sigurjónsson og Þröst Leó Gunnarsson svo einhverjir séu nefndir.
**Móðurfélagið ehf.**
Hægt er að panta á modurfelagid@simnet.is eða í síma 891-6075.



VICTORIA'S SECRET
Jólagjöfin hennar í ár
Minnum á vefverslunina
**kristy.is**
Kristy sf | Skúlagötu 13 | 310 Borgarnesi | tel/fax. 437 1234



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eva segir þennan japanska kjól vera einn af þeim sætari sem hún á og valdi að sýna hann þar sem jólin eru á næsta leyti. Hún á líka svipaðan kjól með lífstykki, sem er hins vegar biksvartur.

# Sér listina allt í kring

**Þegar Evu Sólveigu Þrastardóttur ber fyrir augu er deginum ljósara að hér er athyglisverð og skapandi stúlka á ferð. Eva hannar fatnað, semur teiknimyndasögur og býr til teiknimyndir, skúlptúra og bangsa.**

„Þennan kjól fékk ég frá Japan en þetta er japönsk götutíska frá merkinu VM. Kjóllinn er eins konar blanda af viktoríönskum stíl og poppi," segir Eva Sólveig Þrastardóttir, hönnuður og verslunareigandi.

Að sögn Evu hefur henni alltaf þótt japönsk götutíska skemmtileg. „Þetta er ferskur blær í tískunni en mér hefur alltaf fundist sami blærinn vera í tísku á Íslandi. Það kemur einhver ein tíska og þá eru allir klæddir í það sama en mig langar að vera svolítið öðruvísi," segir hún og brosir.

Eva pantaði kjólinn frá Japan en vinkona hennar hafði áður ferðast þangað og bent henni á búðina sem hann fékkst í. „Ég á safn af kjólum sem eru innblásnir af Viktoríu-tímanum og götutísku en þessi er með þeim sætari. Í búðinni minni Krakk verður meira af fatnaði sem tengist japanskri götutísku eftir jól en okkur langar að brjóta aðeins upp þær tískulínur sem hafa verið hér á landi."

Auk þess að vera mikil áhugamanneskja um tísku þá hannar Eva eigin fatalínu. „Mín föt verða til sölu í Krakk eftir jól undir nafninu Angelic Kitten, en þegar ég var yngri dundaði ég mér við að sauma eigin föt og hef lengi verið undir áhrifum Viktoríutímabilsins og blandað því saman við nýstárlegri tísku," segir hún og nefnir að smáatriðin heilli sig. Fatnaður Evu er því nútímalegur undir gamaldags áhrifum og nýtur hún þess að klæða sig í lífstykki. „Ég nota eiginlega korselett við flest allt sem ég klæðist og þá úr ýmsum efnum og litum. Þau gera svo fallegar línur og auðveldlega má breyta hversdagslegum fötum með þeim."

Auk þess að hanna föt er Eva yfirteiknari hjá Latabæ og hefur meðal annars hannað BT-músina og Office One fígúruna. „Ég hef unnið við teiknimyndir, auglýsingar og karakterhönnun frá því árið 2003 og geri líka skúlptúra, málverk, skartgripi og leikföng," segir Eva, sem er algjörlega sjálfmenntuð. „Ég er að vinna að minni eigin teiknimyndasögu en vonandi kemur hún út á næsta ári," segir Eva og verður spennandi að fylgjast með henni í framtíðinni.

*hrefna@frettabladid.is*




SURGI
háreyðingarlína
• Vax og vaxtæki til háreyðingar
• Háreyðingarkrem
• Hárlýsingarefni
ONE TOUCH
icepharma



## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
**Bergþór Bjarnason skrifar frá París**

# Jólaverslun í skugga fjármálakreppu, dýrtíðar og sprengjuhótana

Óhætt er að fullyrða að jólaverslunin í tískuhúsunum í París í ár sé ekki alveg eins og venjulega, frekar en verslunin almennt síðan fjármálakreppan hóf að ríða húsum. Ekki eiga þó allir við lausafjárvanda að stríða og þeir láta sig ekki muna um að skreppa til Parísar og kaupa kjóla fyrir nokkrar milljónir króna. Til dæmis hef ég til sölu kjóla um þessar mundir á þrjú til níu þúsund evrur sem er álíka mikið og ódýrir bílar kosta hér. En það er af sem áður var. Sífellt fleiri velta vöngum yfir verðinu áður en út í slík kjólaævintýri er farið og nú spyrja svartklæddu konurnar frá Austurlöndum hvort þær geti fengið afslátt og taka fram vasatölvur. Rússarnir eru sömuleiðis heldur færri en oft áður þó suma dagana bjargi þeir búðunum frá hinu skammarlega núlli, þegar ekkert selst heilan dag og andleg heilsa starfsfólksins er í hættu.

Frakkar eru frekar daufir í bragði um þessar mundir. Helst mun almenningur gleðja þá yngstu um þessi jól, meðal annars með því að sleppa þeim fullorðnu. Aðrir leita í ódýrari merki sem oft geta verið þægileg leið til að gleðja þá nánustu án þess að tæma algjörlega peningaveskið.

Á þessum árstíma er það siglingarlínan svokallaða (croisière) sem í tískuhúsum boðar vorið líkt og sumartísku um hávetur. Í upphafi var hún ætluð þeim sem fóru í skemmtisiglingar yfir veturinn. Viðskiptavinirnir eru hins vegar uppteknari af einkaútsölum sem standa yfir og eru reyndar kolólöglegar. Þá bjóða tískuhúsin viðskiptavinum sínum að versla á útsöluverði á undan öðrum en útsölur hefjast snemma í janúar. Þessar einkaútsölur hafa aldrei byrjað eins snemma því fjármálakreppan barði allharkalega að dyrum þegar vetrartískan átti að seljast sem best. Þess vegna sefur hún værum svefni baksviðs í tískuhúsunum og í geymslum stórverslana og bíður útsöluveislunnar sem þó verður kannski engin veisla þetta árið, svo lítill er áhugi viðskiptavina.

Til að kóróna allt í þessari viku fannst sprengjuefni í einu af stóru magasínunum í París, Printemps Haussmann (á hæðinni þar sem ég vinn). Það varð uppspretta ótta við hryðjuverk í miðri jólaversluninni og var stórversluninni lokað í nokkra tíma á þriðjudag.

Jólin 2008 verða því ekki kölluð kaupmannajól hér í París frekar en víða annars staðar. Sérfræðingar spá líka samdrætti í lúxusgeiranum á nýju ári í fyrsta skipti í áraraðir.

Ég óska lesendum og landsmönnum öllum gleði og friðar á jólum.



# Ólík í grunninn

**Á jakkafötum er nokkur grundvallarmunur sem getur verið gott að glöggva sig á.**

Ítölsk jakkaföt eru breið yfir herðarnar, svolítið köntuð og yfirleitt án klaufar í bakið. Bresk eru með tveimur klaufum sinni hvorum megin að aftan. Tilgangur þeirra var upphaflega sá að fötin færu vel þegar herrar sátu hest. Amerísk föt eru með miðklauf í bakið, stílhrein með mjóum boðungum.

Hvernig sem jakkafötin eru er mikilvægt að hneppa þeim rétt. Á þriggja hnappa jakka skal alltaf hneppa miðjuhnappinum, stundum efsta en aldrei neðsta og ekki þykir smart að hneppa öllum. Á tveggja hnappa jakka skal einungis hneppa efri hnappinum. *- ve*




## TÖSKUHANKINN!!

Hvaða kona kannast ekki við að sitja á veitingastað, kaffihúsi eða bar og geta hvergi lagt töskuna sína frá sér?? Eina lausnin er oft á tíðum að leggja hana á óhrein gólf staðarins. Þetta er auðvitað frekar óásættanlegur kostur.!! En hvað er í stöðunni??

**Sigurboginn, Laugavegi 80**, hefur lausn á þessu vandamáli. Þar geturðu nálgast frábæran **töskuhanka,** með burðarþol allt að 5 kg. **Töskuhankinn** er hágæða vara. Glæsilega hannaður, leðurklæddur metalhringur. 3 litir. Svartur, rauður og brúnn. Afskaplega einfaldur í notkun. Fer lítið fyrir í töskunni eða sem viðhengi. Þú hengir hann einfaldlega á borðbrúnina eða stólinn. Taskan er alltaf í sjónmáli þannig að engin áhætta er á töskuþjófnaði.

**Þetta er frábær gjöf, sem allar konur þurfa að eiga.**

**Verð kr. 2.980.-**

**Nánari upplýsingar eru á síðu www.hang-bag.com**

**Laugavegi 80, 101 Reykjavík**
**sími 561 1330**
**www.sigurboginn.is**



## Gefðu hlýja gjöf.
## Yfirhafnir kvenna í frábæru úrvali



- Jakkar
- Úlpur
- Ullarkápur
- Dúnkápur
- Vattkápur
- Hattar
- Húfur

Opið á Sunnudögum
Til jóla
frá kl.13-17
Næg bílastæði

TOPPHÚSIÐ

**Mörkinni 6**
**Sími 588 5518**
Opið virka daga
Frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-17


## Hátíðlegt og afgerandi

RAUÐUR KJÓLL EÐA RAUÐIR FYLGIHLUTIR KLIKKA SEINT Á JÓLUM.

Flestar konur eignast einhvern tímann á lífsleiðinni rauðan jólakjól og hjá sumum kemur ekki annað til greina en að klæðast rauðu yfir hátíðarnar.

Hvort sem konur skarta fagurrauðum kjól eða tína til litla rauða fylgihluti eins og skó, veski og skart þá er víst að útkoman verður í senn klassísk og hátíðleg.

Þessi sígildi jólalitur klikkar seint og kemur alltaf vel út á móti svörtu, en líka gylltu, silfruðu og hvítu. Rauður alklæðnaður er fyrir þær sem þora en hárauð taska getur gert gæfumuninn og breytt hefðbundnum sparifötum í galadress.

*-ve*







DAY | Kringlunni | 5173190



# LAGERSALA
# LAGERSALA

**Opið hús í Heildverslun**
**að Dalshrauni 17, Hafnarfirði,**

**fimmtudag og föstudag frá kl:1200-19:00**
**laugardag frá kl 11:00-16:00**

SKART • HÁRSKRAUT
TÖSKUR • HÚFUR
VETTLINGAR • SOKKAR
FATNAÐUR OG MARGT FLEIRA

**KOMIÐ OG GERIÐ**
**GÓÐ KAUP FYRIR JÓLIN**

# ;HEIMILI

**LÝSING OG HÖNNUN** er fyrirtæki sem býður upp á hönnun og sérhæfða ráðgjöf í lýsingu og raflögnum. Það býður einnig upp á lampa, innlagnaefni, ljósastýringar og hljóðkerfi fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Nánari upplýsingar á vefsíðunni www.lysingoghonnun.is.










## GÓÐ RÁÐ
### fyrir þig og umhverfið

## Barnaherbergið – Málning

Litir eru magnað fyrirbæri og hafa gífurleg áhrif bæði á sál og líkama:

Rauður = Heitur litur, æsir upp, ekki ráðlegur litur fyrir órólegt barn en góður í hófi fyrir rólegt barn. Heilt herbergi í skærrauðum lit myndi þó vera allt of yfirgnæfandi. Það sama gildir um bleikan lit en hann er í rauninni hvítþynntur rauður litur.

Gulur = Heitur litur, lífgar, gleður og eykur bjartsýni, góður litur fyrir flesta. Skærgulur er þó nokkuð sterkur og ágengur fyrir heilt herbergi. Góður litur til að tempra niður.

Grænn = Tempraður litur, róar og jarðtengir. Grænn getur verið svo fjölbreytilegur, gulgrænn, blágrænn, ljósgrænn, mosagrænn en samt virka þeir allir róandi.

Blár = Kaldur litur, býr yfir ákveðnu jafnvægi og opnar rými en er samt svolítið kuldalegur einn og sér. Betra að tempra hann niður eða bæta aðeins grænu í hann.

Gott er að tempra liti niður með því að þynna þá með hvítu eða nota lagskipta málun (lasur). Hún gefur ákveðna dýpt og herbergið virkar ekki eins og lokaður kassi. Nokkrar aðferðir eru til við að mála lagskipt, t.d. með svampi og venjulegum vatnslit (úr ljósekta gæða-vatnslit) sem þynntur er út í fötu af vatni. Svampinum er síðan þrýst yfir hvítmálaðan veggflötinn.

*Meira um liti í barnaherberginu á: http://www.natturan.is/husid/1328/*



**Náttúran.is - vefur með umhverfisvitund**



Falleg jólakúla til að hengja á tréð eða í glugga. 60 stykkja púsluspil á 1.190 krónur í Office One.

## Púsluspil á jólum

**Handavinna og ýmiss konar dund inni við tilheyrir gjarnan aðventunni. Biðin eftir jólunum verður styttri við að hafa eitthvað fyrir stafni.**

Margir búa til sitt eigið jólaskraut og dunda við það löngum kvöldum en fyrir þá sem treysta ekki eigin sköpunargáfu er hægt að verða sér úti um tilbúið skraut sem einungis þarf að setja saman.

Þrívítt púsluspil sem samanraðað verður að jólakúlu eða snjókarli er tilvalin dægradvöl. Púsluspilin er hægt að fá misjöfn að stærð og erfiðleikastigi og fást til dæmis í verslunum Office One. *- rat*













Krumpaðar dósir úr keramik.

## Krumpuð keramík

**Keramiklist eru engin takmörk sett.**

Ótrúlegt er hvað hægt er að gera með keramik. Þetta veit hinn kínverski hönnuður Lei Xue, sem býr og starfar í Þýskalandi. Hann hannaði þessi skemmtilegu handmáluðu teáhöld úr keramik sem mótuð eru eins og kramdar dósir. www.detterer.de/xue.htm







**JÓLAKORT** og jólapakka þarf að senda fyrir helgi því síðasti öruggi skiladagurinn fyrir póstinn innanlands er föstudagurinn 19. desember.





Jólaórói Georg Jensen 2008 eftir Regitze Overgaard. Verð í Epal: 5.950 kr.



Georg Jensen óróarnir frá 2006 og 2007 eru á tilboði hjá Epal á 3.800 kr. en eldri útgáfur kosta 7.150 kr. enda söfnunargildi þeirra mikið.



Holmegaard-bjalla. Líf og list. 2.120 kr.

Georg Jensen órói frá 2005. Verð 7.150 kr.

# Hangandi gull og silfur

**Einn af fyrirboðum jólanna er hinn árlegi jólaórói frá Georg Jensen sem að þessu sinni er lítil blómakarfa eftir Regitze Overgaard. Auk hans er ýmislegt fleira á boðstólum.**

Fyrsti jólaóróinn frá Georg Jensen kom á markað árið 1984 en síðan hefur nýr komið út á hverju ári. Að þessu sinni er það Regitze Overgaard sem hannar gripinn en framleiðandinn fær nýjan listamann til liðs við sig á hverju ári.

Hingað til hafa eldri óróar verið framleiddir í litlu upplagi meðfram nýjustu útgáfunni en þeirri framleiðslu hefur nú verið hætt. Þeir höfðu mikið söfnunargildi fyrir en við þessa breytingu eykst það til muna.

Af óróum og öðru hangandi skrauti frá öðrum framleiðendum má nefna gull- og silfurhjörtu Karen Blixen og kertaóróa Holmegaard. *vera@frettabladid.is*





Karen Blixen hjartaórói úr gulli, Epal 5.850 kr.



Holmegaard-kertaórói 5.980 kr og Holmegaard-snjókorn 3.740 kr. Fást í Líf og list Smáralind.

















Bæði áhöfn og farþegar Iceland Express skemmta sér vel yfir þeim nýjungum sem boðið er upp á í desember. Sigríður Klingenberg hefur af og til mætt í flugin og spáð fyrir farþegum. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Jól í háloftunum

**Iceland Express fagnar jólum á ýmsan máta í desember. Má þar nefna jólamatseðil, -skreytingar og óvænta jólatónleika valinna íslenskra tónlistarmanna um borð í vélunum.**

„Áhafnirnar vildu útbúa hlýja og notalega stemningu í vélunum," segir Hildur María Gunnarsdóttir, rekstrarstjóri hjá Iceland Express, þar sem jólastemning er við völd út desember.

Matseðli vélanna hefur verið breytt þannig að nú er hægt að fá heitt kakó með rjóma og piparkökur í eftirrétt og einnig er boðið upp á flatkökur með hangikjötsáleggi, íslenskt jólaöl og jólabjór. Flugliðar bera jólaskraut í barmi og vélarnar eru einnig komnar í jólabúning þar sem búið er að festa fjölmargar myndir af íslensku jólasveinunum utan á farangurshólfin í farþegarýminu. Önnur nýjung hjá Iceland Express í desember er að íslenskir tónlistarmenn halda litla tónleika um borð í vélunum. Meðal annars Hera Björk Þórhallsdóttir og hljómsveitin Buff. Þá hefur spákonan Sigríður Klingenberg af og til mætt í flugin og spáð fyrir farþegum. *- hs*

# Frostbitið jólabað

**Coupe de Noël eða jólasundkeppni var haldin í 71. skipti við Genfarvatn.**

Yfir sex hundruð manns tóku þátt í jólasundkeppninni Coupe de Noël í Genfarvatni hinn 14. desember síðastliðinn. Þetta var í 71. sinn sem keppt var í sundinu en fyrsta keppnin fór fram árið 1934. Keppendur eru oft á tíðum skrautlega til fara og á öllum aldri eða allt frá þrettán til 82 ára.

Syntir eru 125 metrar í ísköldu vatninu en meðalhiti þess á þessum tíma er í kringum fjórar til fimm gráður og lofthitinn getur verið allt frá tíu til mínus tíu gráður.

Keppnin er skipulögð af helsta sundfélagi Sviss, Genève Natation 1885. Atburðurinn dregur að ferðamenn sem heimamenn og vekur athygli í fjölmiðlum um allan heim.



Tveir kokhraustir jólasveinar áður en þeir dýfðu sér ofan í ískalt vatnið. NORDICPHOTOS/GETTY
















# veljum íslenskt

FIMMTUDAGUR 18. DESEMBER 2008




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




## Saltfiskur og skata á Sægreifanum,

alla daga, allan daginn
fram að jólum.
Sægreifaverð 1650 kr á mann.

*Fyrrverandi bankastjórar og útrásargosar einnig velkomnir.*



Sægreifinn • Verbúð 8 • Geirsgata 8 • 101 Reykjavík • Sími: 553-1500

# Reykt og tvíreykt

Hangikjöt er einkennismerki íslenskra jóla. Kjötið er þó misjafnt eftir því hver reykir það og hve lengi. Þá eru til tvær mjög mismunandi gerðir af reyktu kjöti, reykt og tvíreykt. Eðvald Sveinn Valgarðsson, gæðastjóri hjá Kjarnafæði á Akureyri, þekkir muninn á þessu tvennu.

„Munurinn er í raun mjög einfaldur. Þegar kjöt er tvíreykt er tíminn í reykofninum um það bil tvöfaldaður miðað við venjulega reykingu," útskýrir Eðvald, sem segir þó misjafnt eftir reykofnum hve langan tíma reykingin taki. Meðan kjötið sé fullreykt eftir sólarhring í einum ofni taki það annan ofn tvo sólarhringa að reykja kjöt til fullnustu.


Hér er hangikjöt einkennismerki jóla.

Eðvald segir vinsældir tvíreykta hangikjötsins, eða húskarla-hangikjötsins eins og það er stundum kallað, vera að aukast ár frá ári. „Við höfum selt mikið inn í Jólahúsið í Eyjafirði," segir hann og telur aukinn áhuga á tvíreykta kjötinu um allt land. „Fólki þykir skemmtilegt að láta þetta hanga uppi og skera sér flís af þessu, það er jólastemning í því," segir Eðvald. Við þessa tvíreykingu þornar kjötið og geymsluþolið eykst og þolir betur að vera í hita.

Hjá Kjarnafæði er allt kjöt reykt í taði og að öllu jöfnu er það látið reykjast í um 36 til 48 klukkustundir. Til að tvíreykja kjötið er tíminn tæplega tvöfaldaður. „Augað segir þó líka til og við skoðum kjötið og athugum hvort við séum sáttir við útlit og áferð," segir Eðvald en Kjarnafæði reykir tugi tonna af hangikjöti fyrir jólin. *-sg*

# Partur af jólahátíðinni

Ýmiss konar hátíðarbrauð er á boðstólum um jólin og má þar nefna allt frá flatkökum og laufabrauði yfir í sætt ítalskt panettone og þýskt stollen. Partar og soðbrauð eru hins vegar einnig gómsæt hátíðarbrauð sem steikt hafa verið í áraraðir á Íslandi.

Erfitt getur verið að sjá muninn á pörtum og soðbrauði og finnst sumum hann jafnvel lítill sem enginn. Þó eru til parta- og soðbrauðssérfræðingar sem telja sig finna mun og nefna til dæmis að soðbrauðið sé feitara. Hins vegar eru uppskriftirnar oft ólíkar frá manni til manns, hvort sem um er að ræða parta eða soðbrauð, þannig að munurinn getur verið illgreinanlegur. Helsti munurinn er kannski í því fólginn að partar eru algengari fyrir sunnan en soðbrauð fyrir norðan.

Samkvæmt bókinni Matarást, eftir Nönnu Rögnvaldardóttur, eru partar flatar kökur úr hnoðuðu hveitideigi sem flatt er fremur þykkt út og síðan skorið í ferhyrninga eða tígla. Ferhyrningarnir eru síðan steiktir í vel heitri feiti þar til þeir verða gullinbrúnir að lit og bragðast einkar vel með smjöri einu sér en líka með áleggi. Yngri kynslóðin kallar þá stundum kodda eða púða og fær sá misskilningur oft að halda sér, enda krúttlegur og sniðugur.



Soðbrauð var hins vegar oftast úr ósýrðu deigi, til dæmis rúgmjölsdeigi, og voru gerðar úr því flatar, þykkar kökur sem soðnar voru með kjöti eða í súpu. Í dag er soðbrauð þó yfirleitt steikt í heitri feiti og kallast líka steikt brauð. Hægt er að kaupa soðið brauð frá Ekta brauð í Hafnarfirði og svipar því mjög til partanna þó að vísu sé það ögn feitara.

Hvað sem því líður er ljóst að partar og soðbrauð með smjöri eru gómsætt meðlæti með hangikjöti en er einnig gott eitt og sér með jólaöli, malti og appelsíni. Sumir setja kúmen í deigið og gefur það skemmtilegt bragð. *-hs*


Fimm tonn af suðusúkkulaði eru framleidd á dag. Óliver frá Þýskalandi við bandið.


Nú er bara eftir að smeygja lokinu á.


Starfsfólkið raðar í kassana af kostgæfni.


Saga Líf Friðriksdóttir og Selma Hauksdóttir útbúa girnilegar gjafakörfur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Izabela frá Póllandi við konfektvélina.

# Mörg handtök eru bak við hvern mola

**Mörg handtök liggja bak við konfektið sem ferðast um færiböndin hjá Nóa Síríusi þessa dagana. Þar er það að hefja sína leið til landsmanna því bragð þess er orðið samofið jólahaldinu hjá flestum. Suðusúkkulaðið má heldur ekki vanta.**

Vélarnar ganga linnulaust í Nóa Síríusi og starfsfólkið rétt gefur sér tíma til að líta upp og brosa þegar blaðamaður og ljósmyndari gægjast inn eins og jólasveinar. Framleiðslan er í hámarki og þrátt fyrir kreppu hefur fólki verið fjölgað í fyrirtækinu á síðustu vikum að sögn Kristjáns Geirs Gunnarssonar sölustjóra. Fyrir utan hina hefðbundnu konfektkassa sem fara í verslanirnar segir hann alltaf að aukast að fyrirtæki panti í sérpakkningar. Handfimar stúlkur raða í öskjurnar af natni. Kristján segir mikið lagt upp úr því að engir kassar fari út sem séu ekki 100 prósent í lagi. „Allir taka þátt í því," lýsir hann. Starfsfólkið í vinnslunni er margt af erlendum uppruna en Kristján segir flest af því búið að vinna þar í mörg ár. „Ég lít á það sem Íslendinga," segir hann.

Sögu Nóa Síríusar má rekja allt aftur til ársins 1920. Þá var stofnað fyrirtæki sem hét Brjóstsykursgerðin Nói sem framleiddi brjóstsykur og karamellur í kjallaraherbergi á Óðinsgötu 17. Eftir nokkra flutninga fékk það eigið húsnæði árið 1933 að Barónsstíg 2 og keypti sama ár súkkulaðiverksmiðjuna


Gómsætir molar í glæsilegum umbúðum.

Síríus frá Danmörku en rak hana sem sjálfstæða rekstrareiningu þar til 1977 að Nói og Síríus sameinuðust. Nú hefur starfsemin verið í stórhýsi á Hesthálsi síðan 1999. Þar eru tíu vinnslusalir en að sögn Kristjáns er misjafnt hvaða framleiðsla er í gangi þar hverju sinni. Um 160 manns starfa hjá Nóa Síríusi, þar af nokkrir á söluskrifstofu á Akureyri og örfáir annars staðar á landinu. *-gun*


Íslenskur saltfiskur
útvatnaður að hætti Spánverja

Saltfisksteikurnar frá Ekta fiski eru sérstaklega útvatnaðar fyrir matreiðslu eins og hún gerist best við Miðjarðarhafið.



Ekta fiskur

PÖNTUNARSÍMI:
466 1016
www.ektafiskur.is

FRUMKVÖÐLAFYRIRTÆKI ÁRSINS 2007 - VIÐURKENNING FRÁ MATUR ÚR HÉRAÐI - LOCALFOOD - FISKVINNSLA FRÁ ÁRINU 1940


**● HIN ÍSLENSKA RÖDD ÚR ÆTIHVÖNNINNI** Voxis-hálstöflur eru unnar úr íslenskri ætihvönn. Þær eru með þeim mest seldu á markaðinum bæði á Íslandi og Noregi að sögn Þráins Þorvaldssonar hjá fyrirtækinu SagaMedica sem framleiðir þær. „Töflurnar gefa góða raun þegar sviði herjar á hálsinn. Algengt er að erlendir ferðamenn sendi okkur tölvupóst og spyrjist fyrir um hvar þær fáist eftir að þeir hafa prófað þær," segir hann og bætir við að nafnið merki „hin íslenska rödd" því Vox sé rödd á latínu og IS einkennisstafir Íslands. Síðan lýsir hann framleiðslunni.




„Hvannalaufið er skorið í júlí og mest tekið í Mýrdalnum. Síðan fer það í þurrkun að Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum eða hjá Landgræðslunni að Gunnarsholti og eftir það í verksmiðjuhús SagaMedica á Akranesi þar sem unnið er úr því þykkni. Það er meðal undirstöðuefna í Voxis-hálstöflunum sem eru búnar til hjá Nóa Síríusi."




# Paratabs®

*– Öflugur verkjabani!*

**Notkunarsvið:** Paratabs®-Parasetamól 500 mg er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Paratabs® er m.a. notað við höfuðverk, tannverk og tíðaverk. Paratabs® er einnig notað við sótthita, t.d. af völdum inflúensu og umgangspesta. **Skömmtun:** Fullorðnir og börn eldri en 12 ára (>40 kg) 1–2 töflur á 4–6 klst. fresti, mest 8 töflur á sólarhring eða 4000 mg. Börn, 7–12 ára (25–40 kg), ½–1 tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 töflur á sólarhring eða 2000 mg. Börn, 3–7 ára (15–25 kg), ½ tafla á 4–6 klst. fresti, mest 4 sinnum á sólarhring eða 1000 mg. **Varúðarreglur:** Þeir sem hafa ofnæmi fyrir parasetamóli eða einhverju hjálparefnanna eiga ekki að nota Paratabs®. Gæta skal varúðar hjá sjúklingum með skerta lifrar- og nýrnastarfsemi. Einstaklingar með áfengisvandamál skulu ekki nota Paratabs® án samráðs við lækni og alls ekki samhliða neyslu áfengis. Ef teknir eru stærri skammtar en ráðlagðir hámarks-skammtar á sólarhring er hætt við alvarlegum lifrarskemmdum. Lyfið má ekki nota ef um lifrarsjúkdóm er að ræða. **Meðganga og brjóstagjöf:** Engin þekkt áhætta er af notkun parasetamóls á meðgöngu. Parasetamól skilst út í brjóstamjólk en hættan á áhrifum á barnið er ólíkleg við ráðlagða skammta. **Aukaverkanir:** Parasetamól þolist almennt vel, aukaverkanir eru sjaldgæfar ef ráðlögðum skömmtum er fylgt, helst er að nefna ofnæmi, útbrot og lifrarskemmdir. Lifrarskemmdir við notkun parasetamóls hafa komið fram í tengslum við misnotkun áfengis, eins getur langvarandi notkun parasetamóls valdið nýrnaskemmdum. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið ávallt þar sem börn hvorki ná til né sjá. 15. júní 2007.




actavis
*hagur í heilsu*



Thelma Björk Jónsdóttir hönnuður situr nú við að sauma jóla- og áramótalínuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Krosssaumur er áberandi í vor- og sumarlínunni fyrir árið 2009 sem kynnt var í París á dögunum.

Rósetturnar hafa verið eins og rauður þráður í línum Thelmu og verða engin undantekning í nýju línunni.

# Útsaumur og stífað hekl

**Fatahönnuðurinn Thelma Björk Jónsdóttir hefur komið sér upp vinnustofu í Garðastræti 2. Þar framleiðir hún höfuðskrautið sitt undir merkinu Thelma Design.**

„Í höfuðskrautinu fyrir jól og áramót er ég með mikið af stífuðu hekli og krosssaumi,“ segir Thelma Björk þar sem hún situr við saumaskap á jólalínunni. „Svo verða rósetturnar mínar líka með og nú í jólabúningi.“

Thelma setti fyrirtæki sitt Thelma Design á fót árið 2005. Hún kynnti nýja línu af höfuðskrauti í París í október síðastliðnum en hún reynir að fara til Parísar með kynningar einu sinni til tvisvar á ári. Þar gefst tækifæri til að mynda viðskiptasambönd og er Thelma farin að selja hönnun sína víða um heim.

„Ég sel í Tókýó, Þýskalandi, á Ítalíu og í Frakklandi og nú voru Kórea og Hong Kong að detta inn. Svo þarf maður bara að vera duglegur að auglýsa sig og koma sér á framfæri en ég kynnti sumarlínuna 2009 núna í október. Þar er hekl og krosssaumur í aðalhlutverki.“

Allt höfuðskraut frá Thelmu er handunnið og leggur hún mikla áherslu á gæði. Hjá henni starfar saumakona á vinnustofunni auk þess sem hún tekur sjálf í nálina. „Amma er líka dugleg að koma inn og hjálpa til, ég reyni að halda þessu í fjölskyldunni.“

Á döfinni er svo frekari viðbót við höfuðskrautið en eyrnaskjól úr kanínuskinni og ull koma á markaðinn fyrir jólin. Einnig stefnir Thelma á að setja hatta á markað eftir áramótin. Höfuðskraut Thelmu fæst í Trilógíu á Laugavegi og í Epal í Leifsstöð. Nánar á www.thelma-design.com. -rat



Nálarsporin geta verið ansi mörg í hverri spöng en allar vörur Thelmu er handunnar.





1
Hæsta einkunn matgæðinga DV
Hæsta einkunn í smökkun DV
2006-2007
Egils
MALTEXTRAKT
Egils
APPELSÍN
Hólsfjalla-
hangikjötið
Hreint lostæti
úr íslenskri náttúru...
FJALLALAMB
KÓPASKERI
NORÐUR-ÞINGEYSK NÁTTÚRUAFURÐ
Fjallalamb hf. • Röndinni 3 • 670 Kópaskeri • Sími 465-2140 • www.fjallalamb.is




Katrín Ólína Pétursdóttir og Hallgrímur Helgason ljá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra krafta sín við gerð jólaóróans Grýlu þetta árið.

# Grýla kætir krakkana

Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra (SLF) nýtur í ár liðsinnis þeirra Katrínar Ólínu Pétursdóttur vöruhönnuðar og Hallgríms Helgasonar rithöfundar við hönnun jólaóróans Grýlu.

Þetta er þriðji jólaóróinn sem SLF lætur hanna og selur til aðstoðar starfi sínu.

Katrín Ólína hannar stálið en Hallgrímur sér um orðin. Hann samdi kvæði um Grýlu í fjórtán erindum. Gáfu þau bæði vinnu sína. Markmiðið með gerð og sölu Grýlu er að auðga líf fatlaðra barna og ungmenna. Allur ágóði rennur til Æfingastöðvar Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra en á hverju ári koma um 1.200 einstaklingar til þjálfunar eða æfinga í Æfingastöð SLF að Háaleitisbraut. Í Hafnarfirði sækja að jafnaði 25 börn þjálfun og í Reykjadal koma um 200 börn árlega til dvalar.

Jólaóróinn Grýla fæst í Casa og Epal og rennur allur ágóði til Styrktarfélagsins. Óróinn er seldur á tímabilinu 5. til 19. desember. *- hs.*



Hér sést vangasvipur Grýlu en einnig má sjá sjálfan himininn með tungli og stjörnum. MYND/SLF


Veljum íslenskt

- VELJUM ÍSLENSKT -

vörumerking
síðan 1962

Vörumerking ehf. Bæjarhrauni 24 220 Hafnarfirði
ími: 414 2500 fax: 555 4588




Nælan er með mánasteini og er þetta íslenskur bókahnútur. Einnig eru til gullnælur með stjörnusafír. Hér gefur einnig að líta handofinn silkiklút.



Armbandið er úr 56 hreyfanlegum kubbum og er það hönnun Ásrúnar.



Hálsmenin eru að sögn Ásrúnar úr 300 ára gömlum glerperlum frá Afganistan og voru þær notaðar sem mynt áður en byrjað var að slá peninga.

# Náttúrulegt og einstakt

**Á Skólavörðustíg opnaði í sumar glæsileg verslun sem ber nafnið Últíma. Þar má finna íslenska hönnun í bland við listmuni frá fjarlægum löndum.**

„Ég er hönnuður og sel eigin hönnun auk þess sem ég flyt inn listmuni frá öðrum löndum. Ég vinn að því að stækka íslenska þáttinn en legg um leið áherslu á að vinna með og selja dýrgripi frá þeim löndum þar sem menning og handverk stendur á gömlum merg eins og í Tyrklandi og löndunum þar í kring,“ segir Ásrún Kristjánsdóttir, eigandi Últímu á Skólavörðustíg 21 A.

„Um leið og ég vil vinna að því að byggja upp íslenska gæðahönnun og framleiðslu, þá vil ég bjóða upp á það fínasta sem hægt er að fá í textíl. Ég er einnig með einstaka skartgripi sem ég hef valið en það gildir um allt í Últímu að það er valið eða hannað af hönnuðum Últímu. Einungis er til eitt eintak af hverju,“ segir Ásrún ákveðin, en skartgripirnir eru úr eðalmálmum og sumir með fínum steinum.

„Nýjasta framleiðslan er töskur sem við höfum hannað úr efnum frá Anatólíu í Mið-Tyrklandi. Ég er í sambandi við aðila sem safnar gömlum textílum frá Anatólíu og fékk að velja úr safni hans efni til að sníða töskur úr. Þessi efni eru merkileg fyrir margra hluta sakir. Þetta eru svokölluð hrein efni sem þýðir að skepnurnar sem ullin er af fengu aldrei nein eiturefni í sig, akrarnir sem þær bitu á fengu ekki áburð og dýrin fengu aldrei pensillín eða stera. Efnin eru auk þess jurtalituð og ofin í heimahúsum,“ útskýrir Ásrún og bætir við: „Hér á landi er ekki hægt að fá eldgamla gæðatextíla til að vinna með, þeir eru allir á minjasöfnum eins og eðlilegt er. Þessi efni eru svo falleg að ég hugsa mér að þegar menn eru ekki að nota töskurnar þá hangi þær uppi á vegg eins og hvert annað listaverk.“




Í Últímu eru listmunir frá fjarlægum löndum og íslensk hönnun. Nýjasta framleiðslan eru töskur úr efnum frá Anatólíu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ásrún bendir á að mynsturheimur norrænna manna komi víða að og þá ekki síst frá Konstantínópel. „Þar var menningin á háu stigi og þangað sigldu víkingar á þeim tímum er Ísland byggðist,“ segir hún og nefnir að í Últímu sé hún til dæmis með eins konar aska frá Afganistan sem minna um margt á þá íslensku. „Þessi tréílát voru notuð undir ýmiss konar þurrmat og eru unnin í hnotu, útskorin og máluð.“

Ásrúnu er mikið í mun að þegar rætt er um íslenska hönnun megi ekki lokast inni í þröngu hólfi. „Íslensk hönnun er ekki bara hrútspungar og lopapeysur. Í raun hefur hún ekki náð neinum hæðum enn sem komið er og höfum við því allt að vinna. Æ stærri hópur velur að mennta sig á þessu sviði og erum við smám saman farin að sjá gæðahönnun sem stenst samanburð við það besta í heiminum en það er hið eina sanna viðmið. Ef við viljum ná árangri þá verðum við að hugsa út fyrir kassann og jafnvel gleyma því sem er dæmigert íslenskt og horfa frá öðru sjónarhorni,“ segir hún og nefnir að mikilvægt sé að velta fyrir sér hvað umheimurinn vill. *- hs*

# Léttur og hlýr fótabúnaður

Léttir, mjúkir og hlýir eru lýsingarorð sem koma upp í hugann þegar þessir inniskór eru annars vegar. Þeir eru gerðir af Klöru Sæland, bónda og húsfreyju í Þjóðólfshaga III í Rangárvallasýslu. Hún er með hesta og kindur en milli búverka sinnir hún handverki af áhuga og býr meðal annars til þessa inniskó. „Skórnir eru úr ullargarni og ég prjóna þá nokkuð stóra því svo set ég þá í þvottavél og þar þófna þeir í eðlilega stærð,“ segir hún. Eftir það kveðst hún skreyta þá með útsaum og perlum.

Spurð um endinguna á skónum svarar Klara því til að á parketi dugi þeir von úr viti en á steinflísum slitni þeir meira.

Skórnir fást í handverkshúsinu Heklu á Hellu þar sem þessi mynd var tekin. Einnig í Vegamótum, versluninni sem stendur við Landvegamót, og heima hjá Klöru í Þjóðólfshaga sem er skammt frá þeim sömu vegamótum. Verðið er 3.500 krónur. *- gun*



Þæfðir ullarskór með útsaumi og perlum. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN


Lindu suðusúkkulaði
Súkkulaðisamleikur
sælkerans
Linda
Suðu Súkkulaði
200 gr.
Lindu suðusúkkulaði - ómótstæðilega gott!
Linda
PIPAR • SÍA • 60484

# Skuggabaldur skundar hjá

**Eiturgedda, skoffín, urðarköttur, hafgúa, skötumóðir og öfuguggi eru aðeins fáar af þeim furðuskepnum sem Ísland hefur að geyma. Frá þeim er sagt í myndum og texta í bókinni Íslenskar kynjaskepnur eftir Jón Baldur Hlíðberg og Sigurð Ægisson.**



Jón Baldur Hlíðberg og Sigurður Ægisson við myndir af öfugugga. Nokkrar af myndum Jóns Baldurs eru til sýnis í Þjóðmenningarhúsinu. MYND/ÚR EINKASAFNI

„Þessi hugmynd fæddist hjá mér fyrir mörgum árum, þegar ég starfaði sem leiðsögumaður,“ segir Jón Baldur Hlíðberg sem teiknaði furðuskepnurnar í bókinni Íslenskar kynjaskepnur. „Ég áttaði mig allt í einu á því að þjóðsögurnar voru allt að því ónothæfar óbreyttar og slysaðist til að segja sögurnar í nútíð,“ segir Jón Baldur og frásagnarmátinn vakti mikla lukku. „Mér datt í hug að prófa nýja nálgun á þjóðsögurnar til að reyna að láta þær lifna við aftur því fólk á mínum aldri er hætt að þekkja nokkurn skapaðan hlut af þessum fyrirbærum og þær voru að deyja drottni sínum.“

Jón Baldur fékk síðan Sigurð Ægisson þjóðfræðing til liðs við sig. „Hann er mjög vel að sér í þessum efnum og var hans aðkoma mjög mikilvæg enda stór hluti af því að gera óljósa hugmynd að veruleika.“

Sigurður safnaði heimildum víða og komst í mikið af merkilegu óbirtu efni á Þjóðskjalasafninu. Voru það segulbandsupptökur sem voru teknar á elliheimilum og víðar fyrir mörgum árum þar sem fólk, sem nú er gengið, sagði sínar útgáfur af þjóðsögunum.

„Þessu moðuðum við saman og svo valdi ég alla þá kafla sem höfðu eitthvað með lýsingu dýrsins að gera. Ég setti það í eitt skjal sem ég las yfir nokkrum sinnum og teiknaði síðan þá mynd sem birtist mér,“ segir Jón Baldur sem tók þann pólinn í hæðina að gera dýrin lífvænleg, ekki yfirnáttúruleg. „Mig langaði að hafa þetta nokkurn veginn eins og platnáttúrufræði og dýrið varð því að geta verið hluti í lifandi náttúru,“ segir Jón Baldur og bætir við að Sigurði hafi því verið nokkur vandi á höndum sem þjóðfræðingur sem verður að umgangast sína fræðigrein af virðingu. „Við ákváðum því að vera með hálfgerða tvískiptingu. Textinn hans stendur styrkum fótum í þjóðfræðinni en ég gaf sjálfum mér skáldaleyfi í myndum og myndatextum.“

En trúir hann á kynjaskepnur? „Við þurfum ekkert á trúa á þetta til að hafa gaman af þessu,“ segir Jón Baldur en telur að á bak við margar af sögunum séu rökrænar skýringar. Til dæmis sé hægt að ímynda sér að stór sæskjaldbaka eða reiður blöðruselur geti í augum lítt siglds og ólesins bónda orðið að furðulegri ófreskju.

Inntur eftir uppáhaldsdýri segir Jón Baldur mörg þeirra vera skemmtileg. Hins vegar hafi hann þurft að búa til sum þeirra alveg frá grunni. „Til dæmis skötumóður og mér finnst hún skemmtilegust, svo er ég líka hrifinn af skuggabaldri, en það er kannski af því ég heiti Jón Baldur,“ segir teiknarinn og hlær.

„Þetta er skemmtilegur partur af menningunni og því gamla Íslandi sem ég vona að við förum að endurheimta,“ segir Jón Baldur. *- sg*



**Selamóðir er búin til ferðalaga í sjó, vötnum og landi. Á milli stríða grefur hún sig með öflugum hreifunum í leir eða annan mjúkan botn og liggur í dvala.**



**Skuggabaldur er þreklegur og dökkur yfirlitum. Hann býr yfir lipurð og flærð kattarins og harðfylgi og slægð tófunnar.**



**Skötumóðir var í eina tíð langþekktasta og ógnvænlegasta fyrirbærið í sínum geira.**



**Öfuguggi er baneitraður. Fullorðinn hængur er með afbrigðum kjaftljótur. Samstæðu uggarnir eru framsveigðir og notar fiskurinn þá til að kasta sér örsnöggt að bráðinni úr fylgsni sínu og til að bakka aftur inn í þéttan vatnagróðurinn.**


SÖGUR ÍSLENSKRA KVENNA

Opinskáar og einlægar frásagnir átján kvenna þar sem þær segja frá örlagaríkum atburðum úr lífi sínu.

Áleitin og áhrifamikil bók þar sem dregnar eru upp sterkar og oft átakanlegar myndir úr lífi íslenskra kvenna.

Ógleymanleg bók.




EINSTÖK ÆVISAGA SKÁLDS




Berorð og krassandi ævisaga Dags Sigurðarsonar, eins umdeildasta listamanns Íslendinga á 20. öld.

Dagur var lengstum utan garðs. Kjaftfor, drykkfelldur alþýðusinni og bóhem.

Mögnuð ævisaga um mann sem svo sannarlega batt bagga sína öðrum hnútum en flestir aðrir.

NÝJAR BÆKUR GAMALT VERÐ!

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is


# Skyggnst inn í framtíðina

**Hugmyndin að tarotspilunum sem Inga Rósa Loftsdóttir hannaði og gaf út á síðasta ári vaknaði fyrir rúmum tuttugu árum.**



**Inga Rósa spáir í tarotspil og gárinn Villi fylgist með.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég byrjaði að teikna myndirnar á spilin þegar ég var í námi í Hollandi á níunda áratugnum,“ útskýrir Inga Rósa Loftsdóttir listamaður sem hefur ávallt haft mikinn áhuga á tarotspilum og þekkir vel út á hvað þau ganga.

Inga Rósa var í myndlistarnámi í Hollandi og lærði einhverja grafík líka. „Þetta var fyrir tíma tölvunnar þannig að ég bjó til myndirnar í þeirri stærð sem þær áttu að vera,“ segir hún.

Þrátt fyrir að Inga Rósa hafi klárað myndirnar um 1990 leið talsverður tími áður en spilin voru gefin út. Einhvern tíma ákvað hún að skanna myndirnar sjálf inn í tölvu og skar hvert spil sjálf. Þrátt fyrir að hún seldi nokkra stokka var það því varla fyrir kostnaði.



Í fyrra ákvað hún svo að gefa spilin út fyrir alvöru. „Hjá mér er það nefnilega þannig að ef ég næ ekki að koma hugmyndunum frá mér liggja þær á mér eins og uppsöfnuð orka.“ Spilin gaf hún síðan út bæði á íslensku og ensku.

„Það sem er gott við þessi spil, þó ég sjálf segi frá, er að þau eru líklega þau einu í heiminum þar sem sama manneskjan myndskreytir og býr til spilin,“ útskýrir Inga Rósa og segir að bæði spákonur og fólk sem hafi aldrei lagt áður telji spilin sín mjög sterk.

Á tarotspilunum eru stikkorð sem segja hvað hvert spil þýðir. Þetta auðveldar lestur þeirra þó Inga Rósa taki fram að til að öðlast dýpri skilning sé betra að vera með bók til hliðsjónar.

Inga Rósa segir spilin sín seljast ágætlega en áhugann á taroti hjá Íslendingum telur hún ganga í bylgjum. „Núna hlýtur að koma aftur bylgja enda vilja allir vita um framtíðina þegar óöryggi ríkir,“ segir hún. Spilin má nálgast í helstu nýaldarbúðum eins og Betra lífi og Gjöfum jarðar, einnig í flestum verslunum Eymundssonar og í nokkrum túristabúðum. *- sg*



Frelsarinn sjálfur og afmælisbarn jólanna með opinn faðm í hvítri umgjörð vetrarins.

# Í jólagarði trega og söknuðar

Íslenskir kirkjugarðar þykja undravert fyrirbæri í allri veröldinni. Þeir eru annálaðir fyrir fegurð, kyrrð, natni og góða umhirðu, ásamt því að vera vel sóttir af eftirlifendum þeirra sem gengnir eru á undan.

Það er fallegur, íslenskur siður að heimsækja leiði ástvina í kirkjugörðum um hátíðar, og um jól eru þeir sérstaklega fallegir áfangastaðir, með upplýstum krossum og indælum jólaskreytingum á leiðum látinna. Móðir náttúra sér svo um hátíðarbúning gróðurs og umhverfis með snjóþunga sínum á sígrænum barrtrjám og blikandi grýlukertum, og stundum má sjá glitrandi jólakúlur af mannanna völdum á fullorðnum trjám.

Jólin eru tími samveru við þá sem mestu máli skipta; gildir einu hvort þeir séu lifandi eða látnir, því öll yljum við okkur við minningar um þá sem eitt sinn sátu hjá okkur við jólatréð. Njótum því þess að eiga náðarstund í jólalegum kirkjugörðum okkar; til að vera örlítið nærri þeim sem sakna okkar á móti um hátíðar, og upplifa kyrrð hátíðarinnar með sjálfum okkur og samferðafólkinu. *-þlg*



Ekki eru öll nöfn leyfð. Finna má lista yfir íslensk nöfn á netinu.

● **MANNANÖFN** Öll íslensk mannanöfn má finna á netinu á vef Mannanafnaskrár. Þar má leita eftir nöfnum en einnig má finna lista yfir öll samþykkt eignarnöfn drengja, stúlkna, millinöfn, nöfn sem innihalda „th“ og erlend nöfn löguð að íslensku. Einnig má finna þar nöfn sem mannanafnanefnd hefur hafnað.

Á síðunni má nálgast reglur um mannanöfn og til dæmis þær sérstöku reglur sem gilda um fólk af erlendum uppruna. www.rettarheimild.is/mannanofn



# Gæðakústar úr hrosshári

Burstagerðin hefur verið starfrækt í nær áttatíu ár. Friðrik Róbertsson forstjóri tók við af föður sínum sem stofnaði Burstagerðina árið 1930 og vinnur ásamt syni sínum við fyrirtækið.

„Við hönnum sértilbúna bursta fyrir fiskiðnað og svo framleiðum við gólfkústa og stóra verksmiðjukústa og anddyrismottur. Einnig framleiðum við bílaþvottakústa sem er að finna á öllum þvottaplönum. Við getum framleitt úr ýmiss konar efnum en meðal annars notum við íslenskt hrosshár í betri gólfkústana og í sérstaka bursta eins og þéttibursta í hurðar,“ útskýrir Friðrik.

Hann segir mikilvægt að sú þekking og verkkunnátta sem er til staðar í Burstagerðinni glatist ekki en þetta er eina starfandi burstagerðin á landinu í dag. Fyrir þrjátíu árum var starfsemin talsvert stærri í sniðum en Friðrik er þó bjartsýnn á framtíðina.

„Við urðum að draga í land þegar samkeppni við innflutning jókst en mér finnst það vera að breytast núna. Það verður að spila eftir markaðnum hverju sinni. Við framleiðum miklu minna úrval í dag en við gerðum því hérna var framleitt allt frá tannburstum og uppþvottaburstum upp í verksmiðjukústa. Við eigum því vélar til að gera hvað sem er og nú er á döfinni að kanna frekari framleiðslu til dæmis á uppþvottaburstum og fleiru.“ *-rat*



Burstagerðin sérsmíðar meðal annars bursta fyrir vélar í fiskiðnaði.




**Þorláksmessuskatan.**
**Hið árlega skötuhlaðborð,**
**frá kl: 11-16**
**Íslenskt og ódýrt,**
**sama verð og í fyrra.**

**Gleðileg jól**
**og**
**farsælt komandi ár.**

**Kveðja,**
**starfsfólk á Rauðará.**

RAUÐARÁ
RESTAURANT

**Lokadagar jólahlaðborð**
**Rauðará.**
**Minnum á tvo fyrir einn.**



Stórt glerverk sem bæði hentar í glugga og á vegg. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Nett himintungl á ferð.



Sum verkin eru á leið út úr rammanum en önnur halda sig á botni hans.



Skreytt skál sem fer vel á borði.

# Glerlist á sporbaug út í heim

Hún nefnir þau „orbin“ sín, en himintunglin gætu þau líka kallast á íslensku. Hér er verið að tala um Ellu Rósinkrans glerlistakonu og hringlaga veggskúlptúra úr endurunnu gleri sem koma úr smiðju hennar.

Skúlptúrarnir eru af ýmsum stærðum og útgáfum og þar leika bæði mildir og kraftmiklir litir í myndverkinu. Í september sýndi Ella verk sín í Bretlandi og nú hefur heildsölufyrirtæki fyrir myndlistargallerí og hönnunarverslanir þar í landi sýnt mikinn áhuga á verkum hennar. „Framtíðin virðist björt fyrir himintunglin mín,“ segir hún og er að sjálfsögðu himinlifandi.

Ella hefur unnið við listsköpun og hönnun undanfarin átján ár og meðal annars hannað fyrir hina þekktu verslunarkeðju Oasis í Bretlandi. Verk hennar prýða fyrirtæki hérlendis og fjölda heimila. Hún kveðst líka vinna eftir óskum og málum listunnenda sem panta oft hjá henni gler í glugga. „Skúlptúrarnir hafa heillað listunnendur og fagurkera víða um heim frá því ég hóf að vinna með hið hjúpaða form,“ segir hún og kveðst hafa fengist við fjölbreytt listform í gegnum tíðina, meðal annars margs konar málma. Undanfarin níu ár hafi hún þó einbeitt sér að glerinu.

Minni verk Ellu eru til sölu í Blómaversluninni á horninu, Miklubraut 68, en stærri verkin eru á vinnustofu hennar í Súðarvogi 26.

*-gun*



Skúlptúrarnir eru í margs konar formi.






Tölvutöskurnar eru samvinnuverkefni listaháskólanema og Örva og fást í mismunandi munstrum en möguleikarnir eru óþrjótandi.

# Óþrjótandi möguleikar

„Hann fann okkur á netinu og sendi okkur skilaboð um að honum líkaði við þetta,“ segir bassaleikarinn Óli Dóri um samstarfið við Raphael. „Eftir það spurðum við hvort hann vildi ekki vinna með okkur. Hann var til í það og kom til Íslands og mixaði plötuna. Við vorum í viku í Stúdíó Sýrlandi og hann hafði rosagaman af því að vera þarna,“ segir Óli og bætir við að báðir aðilar hafi áhuga á frekara samstarfi. „Ég veit ekki hvort við tökum næstu plötu upp sjálfir eða förum til hans, alla vega er sameiginlegur áhugi á að vinna eitthvað saman.“

Weapons svipar einmitt nokkuð til The Strokes á upphafsárum þeirra þar sem ungæðislegur krafturinn og spilagleðin var allsráðandi. Gæti sveitin því gert margt vitlausara en að starfa á nýjan leik með Raphael.

Weapons var stofnuð fyrir fjórum árum og hefur á þeim tíma þrívegis spilað á Airwaves-hátíðinni við góðar undirtektir. Stefnan hefur verið sett á spilamennsku erlendis og vonast þeir félagar til að komast í bandaríska háskólaútvarpið og í framhaldinu fara í tónleikaferð um austurströnd Bandaríkjanna næsta vor. Einnig ætla strákarnir að gefa út þrjú endurhljóðblönduð lög á næsta ári sem þeir unnu í samstarfi við Remix Artist Collective, RAC, sem er þekkt teymi sem hefur endurunnið lög fyrir Radiohead, Bloc Party, Justice og Kaiser Chiefs.

Næstu tónleikar Weapons verða á kreppukvöldi á Bar 11 í kvöld þar sem önnur Skagasveit, Pet Semetery, treður einnig upp. Á föstudagskvöld spila báðar sveitirnar síðan í Þorpinu í heimabæ sínum, Akranesi. **freyr@frettabladid.is**


**WEAPONS** Rokkararnir í Weapons hafa gefið út sína fyrstu plötu sem nefnist A Ditch in Time.


# Gorenje eldavél



HI-LIGHT

A Orkunýtni

## Keramik eldavél EC65121AX

Ryðfrí hönnun. Nýtanlegt rými í ofni: 60 l.
Mál (HxBxD): 90x60x60 cm.
Orkunotkun: 0,79 kWt (blæstri),
0,87 kWt (undir- og yfirhita).

RÖNNING

Reykjavík · Borgartún 24 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnisgata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020
Reykjanesbær · Hafnargata 52 · Sími 420 7200

PIPAR • SÍA • 82341


# Peningar, dóp, glamúr og stuð

**TÓNLIST**
**Truth Serum**
Steed Lord
★★★★
Skemmtilega hrá og spontant rafpoppplata með textum um peninga, dóp, glamúr og stuð.

Í fyrsta sinn sem ég sá og heyrði í Steed Lord var á Iceland Airwaves 2006. Þá var sveitin nýstofnuð og hljómaði ekkert sérstaklega fersk í mínum eyrum þó að það væri ljóst þá strax að henni fylgdi mikið stuð.

Síðan þá hefur Steed Lord tekið stórstígum framförum. Hljómurinn er flottari og sveitinni hefur farið töluvert fram í lagasmíðum. Margt á plötunni minnir á gamla „reif“-tónlist, en þau Svala, Einar, Eðvarð og Erling eru búin að uppfæra hana til nýs tíma. Tónlistin minnir svolítið á listamenn hjá frönskum útgáfum eins og Ed Banger og Institubes og eins og hjá svo mörgum rafpoppsveitum í dag eru áhrifin frá Daft Punk augljós.

Truth Serum er heilar 65 mínútur að lengd. Það er fullt af flottum lögum, t.d. New Crack City, Royal Ruffian, Feel The Heat, Who U Wit, Try Me, Dirty Mutha, og Take My Hand, en platan heldur samt ekki alveg fullri reisn allan tímann og hefði kannski mátt vera eitthvað styttri. Samt er einn af stóru kostunum við Truth Serum hvað hún er hrá og spontant. Hún er ekki ofunnin. Það er ekkert verra heldur en að dauðhreinsa svona tónlist.




Textar og hugmyndaheimur Steed Lord eru svo í stíl við tónlistina sjálfa. Peningar, dóp, glamúr og stuð. Á heildina litið er Sannleikslyfið hörkuskemmtileg plata. Ég veit ekki hvort hún á eftir að lifa lengi, en í dag svínvirkar hún!

**Trausti Júlíusson**




## NÝJAR PLÖTUR

**Dr. Spock**
**Falcon Christ**

★★★★

Dr. Spock hefur tekið miklum framförum frá fyrstu plötunni og er nú bæði villtari, þéttari og kraftmeiri. Fyrir vikið er Falcon Christ ein af skemmtilegri rokkplötum síðustu ára. TJ

**BMV**
**The Beginning**

★★★

Það er margt vel gert á þessari fyrstu plötu BMV, en lagasmíðarnar eru ekki nógu bitastæðar til að halda uppi heilli plötu. TJ

**Singapore Sling**
**Perversity, Desperation and Death**

★★★★

Meira af því sama á bestu plötu Slingsins. DRG

**Sverrir Norland**
**Sverrir Norland**

★★★

Lágstemmd og hugguleg plata sem lofar góðu. KÓÞ

**Jeff Who?**
**Jeff Who?**

★★★★

Önnur fín popprokkplata, full af lögum sem límast á heilann. TJ

**FM Belfast**
**How to Make Friends**

★★★★★

Með How to Make Friends hefur FM Belfast tekist að búa til hina fullkomnu partípoppplötu fyrir árið 2008. Hvergi veikur blettur. TJ

**KK**
**Svona eru menn**

★★★

KK er á persónulegu nótunum og sýnir alla sína styrkleika á mjög góðri plötu. Eins og sköpuð fyrir tíðarandann. KG





SÁLIN LEIKUR

Á EFTIRFARANDI STÖÐUM SITT HVORU MEGIN VIÐ JÓLIN

Föstud. 19. des: PLAYERS, KÓPAVOGI (miðasala á staðnum samdægurs kl. 21.)
Laugard. 20. des: SJALLINN, AKUREYRI (forsala í Imperial Glerártorgi og Gallerí Ráðhústorgi)
Föstud. 26. des. (2. í jólum): 800 BAR, SELFOSSI (forsala á staðnum 23. des. kl. 21-01)
Laugard. 27. des: OFFICERA-KLÚBBURINN, KEFLAVÍK (forsala í Gallerí Keflavík)
Gamlárskvöld: BROADWAY, REYKJAVÍK

tónlist Coke megin í lífinu

HÉR ER DRAUMURINN



ATH: SÁLIN ÁRITAR PLÖTUNA „HÉR ER DRAUMURINN“ Í HAGKAUP AKUREYRI Á LAUGARDAGINN KL. 17

★★★★★ Fréttablaðið
★★★★ Morgunblaðið
★★★★½ DV

SÖNGVASAFN

Út er komið nótna- og sönghefti með þekktustu lögum Sálarinnar. Heftið inniheldur líkt og „Hér er draumurinn“ 45 þekktustu lög Sálarinnar frá upphafi.
Lögin eru sett upp á aðgengilegan máta, með nótum, laglínu, hljómum og söngtextum.

Fæst í hljóðfæraverslunum og í verslunum Skífunnar og Hagkaup.










HÁTÍÐ Í BÆ

Ný og girnileg **hátíðarskyrterta frá Mjólku**.

MJÓLKA

www.mjolka.is

## > CROWE SEM CLINTON

Orðrómur er uppi um að Russell Crowe ætli að leika Bill Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, í nýrri mynd. Nefnist hún The Special Relationship og fjallar um samskipti Clintons og Tonys Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands. Talið er að Michael Sheen, sem lék Blair í The Queen, muni leika það hlutverk í myndinni.



# bíó

bio@frettabladid.is

## KVIKMYNDANJÖRÐURINN ÁSDÍS THORODDSEN LEIKSTJÓRI

# *Fellini hefur gefið mér mikið*

**Hver er þín eftirlætiskvikmynd?** Mér þykir helst varið í þær myndir sem hafa breytt sýn minni á heiminn, en þær eru svo sem ekki margar. Ég nefni tvær: Höllina í köngulóavefjarskógi gerða eftir Kurosawa, byggðri á Macbeth og svo heimildarmyndina Svarta uppskeru eftir Bob Connolly og Robin Anderson. Hún segir frá tilraunum manns til að fá þorpsbúa í Nýju-Gíneu með sér í kaffiræktun. Merkilegt að fræðast um kynni og skilning steinaldarmanna á kapítalisma.

**Hvort finnst þér betra að fara í bíó eða að horfa heima?** Það er meiri einbeiting og meiri áhrif í bíó heldur en heima í stofu. Gaman líka að fara út á meðal fólks.

**Hver er þinn eftirlætis kvikmyndaleikstjóri?** Hann Fellini hefur gefið mér mikið, svo vil ég nefna hjónin Elim Klimow fyrir Komdu og sjáðu og Larisu Shepitko fyrir Upprisuna. Sú kona var myrt af KGB. Svo man ég líka eftir honum Paradsjanóv sem Árni Bergmann hitti í lest. Hann gerði ótrúlegar myndir enda alltaf inni í fangelsum Sovéts. Þá er það hann kínverski Zhang Yimou, sá danski Carl Th. Dreyer, sá franski Chris Marker sem gerði avant garde-myndir, Bresson, Jean Renoir, af yngri Wong Kar-Wai og eru þá flestir ótaldir.

**Hver er ofmetnasta kvikmynd allra tíma?** Ég hef misst af svo mörgum sem eru vel metnar að ég hef ekkert þurft að ergja mig.

**En hver er vanmetnasta kvikmyndin?** Aftur Kurosawa: Dodeska Den. Um líf fólks á öskuhaugum Tókýó. Hann reyndi að fyrirfara sér þegar hann fékk umfjöllunina og dóm almennings. Mér fannst þetta ofurgóð kvikmynd um fegurð í sorpinu.

**Hvaða kvikmynd myndirðu vilja endurgera og hvernig myndirðu breyta henni?** Ég hef aldrei fundið beint til þessarar löngunar, en ég man að ég fór í annað sinn á Rocco og bræður hans í von um að strákurinn myndi breyta öðruvísi. Sem ekki varð.

**Fengirðu fjármagn og frjálsar hendur til að gera hvaða kvikmynd sem er, hvað myndirðu gera?** Sennilega eigin kvikmynd sem ég er að skrifa handritið að.



**ÁSDÍS THORODDSEN** Ásdísi þykir helst varið í kvikmyndir sem hafa breytt sýn hennar á heiminn.

# Ford fréttamaður

Harrison Ford hefur tekið að sér aðalhlutverkið í gamanmyndinni Morning Glory sem J.J. Abrams mun framleiða. Einnig er líklegt að Rachel McAdams, úr Wedding Crashers, leiki á móti honum.

Hún myndi leika fréttastjóra sem reynir að bjarga misheppnuðum morgunþætti í sjónvarpi með því að taka fréttamenn sína í gegn. Ford leikur einn af fréttamönnunum. Ford og McAdams hafa í nógu að snúast um þessar mundir. Næsta mynd Fords er hin dramatíska Crossing Over en McAdams er að leika í Sherlock Holmes í leikstjórn Guy Ritchie.



**HARRISON FORD** Ford hefur tekið að sér aðalhlutverkið í gamanmyndinni Morning Glory.


föstudagur

fylgir Fréttablaðinu á morgun

föstudagur



Sigríður Thorlacius

Jólabarnið sem söng vinsælasta lagið 2008



FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga


# Vann á lyftara í verksmiðju

**Liam Neeson hefur átt farsælan feril í kvikmyndabransanum og starfað með leikstjórum á borð við Steven Spielberg, Martin Scorsese og George Lucas. Nýjasta mynd hans er tryllirinn Taken sem verður frumsýndur á morgun.**



**LIAM NEESON** Nýjasta mynd írska leikarans nefnist Taken og er spennumynd af bestu gerð. NORDICPHOTOS/GETTY

Liam Neeson er ekki þekktastur fyrir að leika í spennumyndum en honum þykir engu að síður hafa tekist vel upp í Taken. Þar leikur hann föður unglingsstúlku sem lendir í klóm misindismanna og þarf hann að nota alla þekkingu sína sem fyrrverandi leyniþjónustumaður til að bjarga henni. Með önnur hlutverk fara Maggie Grace og Famke Janssen, sem er líklega þekktust fyrir X-Men-myndirnar. Annar handritshöfundanna er Frakkinn Luc Besson, leikstjóri The Big Blue, Nikita, Leon og The Fifth Element. Taken fær 7,9 af 10 á Imdb.com.

Liam Neeson fæddist á Norður-Írlandi árið 1952 og var eini strákurinn í hópi fjögurra systkina. Hann steig fyrst á svið í skólaleikriti þegar hann var ellefu ára og eftir það var hann duglegur að leika meðfram skólagöngunni. Einnig æfði hann hnefaleika og varð unglingameistari í þungavigt á Írlandi þrjú ár í röð.

Eftir stutta háskólagöngu vann hann hin ýmsu störf, þar á meðal á lyftara í Guinness-verksmiðju og sem vörubílstjóri. Smám saman fór leiklistin að eiga hug hans allan og 1977 flutti hann til Dublin og gekk til liðs við leikhópinn Abbey Theatre. Þremur árum síðar kom leikstjórinn John Boorman auga á hann og bauð honum hlutverk í Excalibur. Í framhaldinu flutti Neeson til London og lék árið 1984 á móti Mel Gibson og Anthony Hopkins í The Bounty.

Þremur árum síðar flutti Neeson enn á ný, nú til Hollywood í leit að frekari frægð og frama. Spennumyndin Darkman varð fyrst til að vekja á honum athygli og í kjölfarið fékk hann aðalhlutverkið í Spielberg-myndinni Schindler´s List, sem hlaut sjö Óskarsverðlaun. Neeson var einnig tilnefndur en tapaði fyrir Tom Hanks sem átti stórleik í Philadelpia.

Neeson hafði þegar þarna var komið sögu fest sig í sessi sem virtur Hollywood-leikari og hefur hann á undanförnum árum leikið í myndum á borð við Rob Roy, Kinsey, Gangs of New York, Star Wars Episode 1: The Phantom Menace og Batman Begins.

Fram undan hjá þessum hávaxna leikara (193 cm) er svo aðalhlutverkið í Lincoln sem er byggð á ævi forsetans Abraham Lincoln. Hittir hann þar aftur fyrir félaga sinn Steven Spielberg sem kom honum á kortið á sínum tíma. freyr@frettabladid.is


monaco

glæsilegar veggsamstæður







www.hirzlan.is

Hirzlan

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040


# Mamma Mia! er söluhæst

Mamma Mia! er söluhæsti DVD-mynddiskurinn á Íslandi það sem af er jólavertíðinni. Diskurinn hefur selst í hátt í sautján þúsund eintökum síðan hann kom út fyrir aðeins þremur vikum. „Þetta er frábærlega gott og stendur alveg undir væntingum,“ segir Halldór Sigurbjörn Guðjónsson, sölustjóri Myndforms.

Næstvinsælasti diskurinn er Laddi 6-Tugur sem hefur selst í þrettán þúsund eintökum og greinilegt að Íslendingar hafa síður en svo fengið nóg af gamansemi Ladda.

Í þriðja sætinu er nýjasta Batman-myndin Dark Knight sem hefur verið rifin út í tólf þúsund eintökum. „Hún er eiginlega farin fram úr væntingum,“ segir Ómar Friðleifsson hjá Sam-myndum. „Við vorum tvístígandi hvort hún færi í tíu eða tólf þúsund. Síðasta Batman-mynd fór fram úr vonum, eða í 7.200 eintök að mig minnir. Hún var rosavinsæl en þessi er búin að slá öll met eins og alls staðar annars staðar.“

Næst á blaði er teiknimyndin vinsæla Kung Fu Panda sem hefur selst í rúmum tíu þúsund eintökum og þar á eftir kemur Sex and the City-bíómyndin um ævintýri Carrie Bradshaw og vinkvenna hennar.



**MAMMA MIA!** Kvikmyndin Mamma Mia! hefur slegið rækilega í gegn á þessu ári bæði hér heima og erlendis.

Söluhæsti íslenski mynddiskurinn er Brúðguminn sem hefur selst í átta þúsund eintökum. Einnig hefur Dagvaktin selst mikið á skömmum tíma og er nú komin í fimm þúsund eintök. - fb

Síðustu dagarnir!

# 4 *fyrir* 2

# Útsölumarkaður Grensásvegi 15

Tökum upp nýjar vörur daglega!

40%-70% afsláttur

Ódýrari flíkurnar fylgja með.

**OPIÐ 4. - 23. DESEMBER**

Mánudaga - Laugardaga: 11 - 18 // Sunnudaga: 12 - 17

NOA NOA®

next

## > MANDARÍNUR

Margir tengja mandarínur við komu jólanna, enda fást þær sjaldan í jafn miklum mæli í matvöruverslunum og á þessum árstíma. Mandarínurnar öðlast margs konar hlutverk á aðventunni, ýmist sem ilmgjafar og hilluskraut ef í þær er stungið negulnöglum eða þær enda ofan í skóm stilltra barna. Þótt flestir borði mandarínur einar sér má líka rífa niður bátana og setja út á salatið til að gera það örlítið ferskara og jólalegra.




**matur&vín**

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN STEINUNN ÓLÍNA ÞORSTEINSDÓTTIR LEIKKONA

# *Finnst allt gott sem kemur úr sjónum*

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Kartöflur eru í miklu uppáhaldi og ég þreytist ekki á að gera tilraunir með þær. Allt sem kemur úr sjónum finnst mér gott.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Rjúpur á jólunum hjá ömmu Guðrúnu þegar ég var stelpa og kleinurnar hennar ömmu Ólínu og ísköld mjólk.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Nei, ég er í raun alæta en kannski minnst hrifin af söltu og reyktu kjöti.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Ólívuolía, smjör, sjávarsalt, nýmalaður pipar, sítróna, rjómi. Ef ég á þetta til get ég breytt hvaða hráefni sem er í veislumat.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Ég fæ stundum óviðráðanlega súkkulaðilöngun og læt það þá bara eftir mér. Eins elda ég frábæra gúllassúpu sem ég elda gjarnan ef kalt er í veðri eða ef einhver er að fá flensu og hefur hún reynst allra meina bót.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Sítrónur, hvítlauk, smjör, kartöflur, mjólk og ferskt grænmeti. Svo geymi ég naglalakk í ísskápnum og sinnep af öllum sortum.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju hvað tækirðu með þér?**
Sekk af kartöflum og öngla og alls konar fræ til matjurtaræktar. Síðan myndi ég gróðursetja um alla eyju, setjast þar að og veiða í matinn. Svo myndi ég skrifa flöskuskeyti á kvöldin við varðeld og drekka heimabrugg.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Hrossagaukur. Algjört lostæti!



# Ottoman-lambalæri

Yesmine Olsson gaf nýverið út sína aðra matreiðslubók: Framandi og freistandi, indversk og arabísk matreiðsla. Hún gefur okkur hér smá forskot á sæluna með uppskrift að framandi lambalæri.



**FRAMANDI OG FREISTANDI** Ottoman-lambalæri er skemmtileg tilbreyting frá hefðbundna sunnudagslærinu og auðvelt í framkvæmd.

**OTTOMAN-LAMBALÆRI**

1 meðalstórt lambalæri
5 hvítlauksgeirar skornir í þunnar sneiðar
1 ½ dós hrein jógúrt
safi og rifinn börkur af einni sítrónu
3 msk. ólívuolía
3 msk. tómatpúrra
¼ tsk. chili-duft
½ tsk. allrahandaduft
Salt og nýmulinn svartur pipar

Allrahanda eða „allspice“ er ekki brúnkökukryddblandan sem stundum er kölluð þessu nafni, heldur ber af runna sem vex á Jamaíku og er stundum kallað Jamaíkupipar eða kryddpipar.

Daginn áður: Skerið holur í lærið og setjið hvítlaukssneiðar inn í holurnar. Setjið jógúrtina í skál og hrærið öllu kryddinu saman við ásamt salti og pipar. Nuddið lærið vel upp úr kryddblöndunni. Pakkið lærinu inn í plast og látið marinerast í kæli yfir nótt.

Takið kjötið út úr ísskápnum og látið það standa þar til það hefur náð stofuhita. Stillið ofninn á 210°C og setjið lambið í ofnskúffu. Eldið lambið í 30 mín. á þessum hita eða þar til stökk húð hefur myndast. Lækkið síðan hitann niður í 150°C og haldið áfram að elda þar til kjötmælir sýnir 70°C. Takið lærið út úr ofninum og látið það hvílast í 15 mín., setjið stykki yfir

Berið fram með couscous, chutney og fersku salati.

# Kryddað te með mjólk

Í vetrarkuldanum er fátt betra en að gæða sér á heitum drykk. Kakó og jólaglögg er alltaf vinsælt á aðventunni, en kryddað te er ekki síður gott og er skemmtileg tilbreyting frá hefðbundnu tei.



**HEITT OG GOTT** Masala chai er skemmtileg tilbreyting frá hefðbundnu tei.

**MASALA CHAI FYRIR 2**

2 bollar vatn
1 msk. sykur
2 heilar kardimommur
2 negulnaglar
4 svört piparkorn
2 msk. svört telauf
1 bolli heit mjólk

Setjið vatnið og sykurinn í pott og látið suðuna koma upp. Bætið kryddinu og telaufunum út í. Takið af hitanum og leyfið blöndunni að standa í tvær til þrjár mínútur. Hellið í bolla í gegnum sigti og fyllið bollana af heitri mjólk. Njótið vel. - ag

# SÓPRANSULTA SÆLKERANS

**Björg Þórhallsdóttir söngkona einbeitir sér að hollustunni á aðventunni. Hún deilir uppskrift að góðri sultu með lesendum.**

„Ég er mikil eldabuska og hef mjög gaman af því að vera í eldhúsinu og prófa nýja hluti,“ segir Björg Þórhallsdóttir sópransöngkona. „Ég er mjög upptekin af ferskri eldamennsku og legg þá áherslu á að fá en góð hráefni. Gegnumgangandi í minni matargerð er chili, sítróna, kóríander og hvítlaukur,“ segir Björg sem er nýkomin af norrænu menningarhátíðinni í Liverpool þar sem hún söng sig inn í hug og hjörtu viðstaddra. Hún situr ekki auðum höndum þessa dagana því hún stóð fyrir fjáröflunartónleikum í Akureyrarkirkju fyrir troðfullu húsi á þriðjudag til styrktar bágstöddum og fram undan eru jólatónleikar í Iðnó, 21. desember klukkan 17.

„Ég ætla að sleppa öllum kökubakstri fyrir jól og einbeita mér bara að hollustunni á aðventunni. Þegar maður er að vinna svona mikið þarf maður fyrst og fremst að huga að heilsunni, enda allt undir henni komið í þessu starfi,“ segir Björg sem gaf okkur uppskrift að sultu sem hún býr til reglulega.

„Þessa sultu smakkaði ég fyrir nokkrum árum hjá góðri konu í Svarfaðardal og féll marflöt fyrir henni. Ég hef framleitt hana í massavís síðan og sendi yfirleitt gesti með krukku heim ef hún hefur verið á borðum hjá mér því hún er hreinlega ávanabindandi. Það er hægt að gera hana í nokkrum litum en rauð er í mestu uppáhaldi og er auðvitað vinsælasti liturinn núna á aðventunni og í nálægð jólanna,“ segir Björg sem gaf sultunni mismunandi nafn eftir styrkleika. „Ég þróaði uppskriftina aðeins og þá varð auðvitað að setja á hana nýtt nafn. Sterka útgáfan mín kallast sópransulta sælkerans, enda búin til af sópransöngkonu svo hún skerpir háu tónana þegar mikið liggur við og kallar þá jafnan fram óbeðin. Mildari útgáfuna kalla ég Silly Chili því maður missir sig gjarnan við át hennar og getur þá orðið ósköp „silly“ af græðginni einni saman,“ segir Björg og brosir.

„Ég hef líka gert ýmsar tilraunir með að hafa gervisykur í stað strásykurs í sultunni og það er mjög góður kostur, en þá hefur mér fundist best að nota Hermesetas-strásætu.“ alma@frettabladid.is



**FRAMLEIÐIR Í MASSAVÍS** Björg Þórhallsdóttir býr oft til sópransultu sælkerans og lætur yfirleitt gestina fá krukku með sér heim. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SÓPRANSULTA SÆLKERANS**

Chili-aldin – magn, litur og stærð eftir smekk
1 stór paprika í sama lit og chili-aldinið
150 ml epladedik (cider-vinegar)
300 g strásykur (má einnig nota gervisykur en þá þarf að minnka magnið samkvæmt leiðbeiningum á umbúðum eða eftir smekk)
2 msk. melatin-sultuhleypir í gulu bréfi

**AÐFERÐ:**

Chili-aldinin eru fræhreinsuð og maukuð með sykri og ediki í matvinnsluvél. Ég miða við að 2 til 3 lítil chili gefi milda sultu en 3-4 stór gefi sterka sultu.
Blandan er hituð að suðu og látin malla í 2 til 3 mínútur. Þá er potturinn tekinn af hellunni, sultuhleypi bætt saman við blönduna og hrært vel þannig að ekki myndist kekkir. Þá er aftur hleypt á suðu og látið sjóða í 2 mínútur meðan hrært er stöðugt í. Þá er sultan látin standa í nokkrar mínútur og froðan veidd ofan af.
Að lokum er hún sett á hreinar krukkur og látin kólna og stífna áður en lokið er sett á.
Sultan er einstaklega góð með ostum, kjúklingi og ýmsum köldum réttum, en einnig er gott að nota hana sem gljáa á svína- og fuglakjöt.









# Sætkartöflusteik „Rotolo“

„Þetta er mín jólaútfærsla á klassísku ítölsku „rotolo“, segir Steinn Ó. Sigurðsson, yfirmaður eldhúss Manns lifandi og Græns kosts, sem gaf okkur uppskrift að girnilegri sætkartöflusteik. -ag

**SÆTKARTÖFLUSTEIK „ROTOLO“ FYRIR FJÓRA**

**Rotolo:**
4 stk. meðalstórar sætar kartöflur
2 stk. bökunarkartöflur
100 ml kókosmjólk
1 stk. hvítlauksgeiri
½ búnt af salvíu
Salt og pipar

**Fylling:**
4 stk. portobello-sveppir
200 g geitaostur
1 stk. rauð paprika
1 lúka af spínati

**Aðferð:**

Kókosmjólkin er hituð í potti ásamt hvítlauknum og krydduð með salti og pipar. Kartöflurnar eru skornar í eins þunnar sneiðar og mögulegt er í japönsku mandolini. Kartöflusneiðunum er velt upp úr kókosmjólkinni og því næst raðað þétt saman á silikonmottu með fínt saxaðri salvíu á milli laga, fyrst lag af sætum, því næst lag af bökunarkartöflum og að lokum lag af sætum kartöflum, önnur silikonmotta er lögð yfir kartöflurnar og þær bakaðar í 15 til 20 mínútur við 190°C eða þar til þær eru orðnar mjúkar og samanpressaðar.



**LÉTTUR JÓLAMATUR** Steinn mælir með sætkartöflusteikinni handa þeim sem vilja prófa eitthvað nýtt á jólunum, eða við önnur tilefni.

**Fyllingin:**
Sveppirnir eru steiktir á pönnu og skornir í sneiðar. Paprikan er vafin inn í álpappír og hún bökuð í ofni við 190°C þar til hún er orðin mjúk eða í um 15 mínútur, þá er kjarninn hreinsaður úr og hún kæld.

**Rúllan:**
Þegar kartöflurnar eru tilbúnar er þeim hvolft varlega á álpappír sem búið er að smyrja með ólívuolíu, spínatlaufunum er raðað ofan á, því næst paprikunni, svo sveppunum og að lokum er geitaosturinn mulinn í miðjuna og kartöflunum rúllað þétt utan um fyllinguna og hún bökuð í 10 mínútur við 200°C. Skerið rúlluna í fjórar jafn stórar steikur og berið fram með spergilkálssalati með mandarínum og pestói úr sólþurrkuðum tómötum.

OPIÐ
TIL 22:00
alla daga
til jóla

# Mikið úrval
## af snyrtivöru gjafakössum




**Helena Rubinstein**
Lash Queen maskari, All mascara augnhreinsir 50ml og augnkrem 2ml




**Helena Rubinstein**
Collagenist proX-fill dagkrem 50ml, Collagenist proX-fill serum 10ml og maskari




**Lancôme gjafataska**
Sólarpúður, taska, maskari, andlits- og augnhreinsir 50ml




**Lancôme Hydra Zen**
Krem 50ml, taska, Essence 10ml, augnkrem 5ml og næturkrem 15ml




**Biotherm gjafaaskja**
Body lotion 200ml og sturtusápa 75ml




**Biotherm gjafakassi**
Rakakrem 50ml, andlitsvatn 125ml, hreinsigel






**Biotherm, herra**
Rakakrem 75ml, aftershave lotion 30ml og taska




**Biotherm, herra**
Rakakrem 50ml, Cleansing gel 40ml, Facial exfoliator 40ml og augnkrem 2ml




**Lancôme Energizer Total, herra**
Rakakrem 50ml, raksápa 50ml, hreinsisápa 30ml augnkrem 5ml og taska




**Lancôme Rénergy 3D, herra**
Rakakrem 50ml, raksápa 50ml, hreinsisápa 30ml augnkrem 5ml og taska

Lancôme er fáanlegt í Holtagörðum, Kringlu, Garðabæ og Borgarnesi
Helena Rubinstein er fáanlegt í Holtagörðum, Kringlu og Garðabæ
Annað er fáanlegt í Holtagörðum, Kringlu og Smáralind

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

> AÐDÁANDI TEKINN

Karlmaður frá Phoenix var handtekinn eftir að hann reyndi að ýta til hliðar öryggisverði á næturklúbbi til að komast að leikkonunni Lindsay Lohan. Lohan og kærastan hennar, Samantha Ronson, voru á leiðinni inn í klúbbinn þegar maðurinn gerði sig líklegan til að komast að henni. Eftir atvikið sögðust þær ekkert hafa kannast við manninn sem ku vera eldheitur aðdáandi Lohan.



Fólk

folk@frettabladid.is

# Logi sameinar gullbarka í jólaþætti

Logi Bergmann verður með óvenjulegan jólaþátt á föstudaginn. Þar verður boðið til mikillar tónlistarveislu og góða gesti ber að garði. Nægir þar að nefna Sprengjuhöllina, Stefán Hilmarsson og Baggalút. Athyglisverðasta „parið“ verður þó án nokkurs vafa feðgarnir Gissur Sigurðsson fréttamaður og Gissur Páll stórtenór. Með sanni má segja að þeir séu báðir gullbarkar þótt raddir þeirra njóti sín á sitthvoru sviðinu; Gissur eldri með leðurþykka rödd sem grípur hlustendur Bylgjunnar í fréttatímum en Gissur yngri þenur heilu og hálfu óperurnar með sinni einstöku tenórrödd.

Gissur fréttamaður velktist þó í vafa um hvort hann myndi taka lagið með stráknum, „Það yrði þá eitthvað algjört leyninúmer,“ segir Gissur og útskýrir að sennilega hafi strákurinn erft sönghæfileikana frá ömmu sinni í föðurætt. Hún hafi verið mikil söngmanneskja. Hæfileikarnir komi í það minnsta ekki frá honum. Gissur hefur reyndar reynt sig við söng, æfði öll lög Hauks Morhtens fyrir stuttmynd sem gerð var fyrir nokkru. „Ég fékk þjálfun og lærði öll lögin hans. En það var hætt við á síðustu stundu að nota mína rödd,“ útskýrir Gissur eldri.

Sá yngri upplýsir að hann hafi aldrei heyrt pabba sinn syngja. Og leyfði sér stórlega efast um að af því yrði í jólaþætti Loga Bergmanns. „Það er samt aldrei að vita hvað Logi getur platað hann út í, það yrði þá kannski svona svipað og ef ég myndi lesa frétt,“ segir sá yngri.

- fgg





**SAMEINAÐIR GULLBARKAR** Feðgarnir Gissur Sigurðsson og Gissur Páll sameinast væntanlega ekki í dúett á föstudaginn í jólaþætti Loga Bergmanns.

# Útrásarvíkingar „afhausaðir“

Uppgjörið heitir nýtt kreppuspil sem háskólaneminn Björn E. Jónsson og tveir félagar hans, sem vilja ekki láta nafns síns getið, hafa gefið út. „Hugmyndin kviknaði þegar við vorum að spila annað spil, Guillotine, þar sem fólk er afhausað eftir frönsku byltinguna,“ segir Björn.

Spilið samanstendur af 56 aðgerðaspjöldum og mega leikmenn spila út einu slíku spjaldi í einu. Á þeim eru 35 sökudólgar íslensku kreppunnar að mati Björns og félaga, þar á meðal Davíð Oddsson og útrásarvíkingarnir Hannes Smárason, Björgólfur Thor, Bjarni Ármannsson og Jón Ásgeir Jóhannesson. Á spjöldunum fylgja með ummæli sem þeir hafa haft uppi í gegnum árin og þykja nokkuð brosleg í dag. „Vorum orðnir þreyttir á því að það væri ekkert talað um stóran hluta af þessu fólki heldur bara Geir og Davíð. Það eru margir sem bera einnig ábyrgð og við viljum láta þá sæta reikningsskilum,“ segir Björn. „Það eru allir að öskra á Davíð en enginn sem stendur fyrir utan Baugshúsið og öskrar út með Jón,“ segir hann og bætir við: „En þetta er smekklegt. Við ákváðum að fara ekki yfir strikið.“

Til að vinna í spilinu þurfa keppendur að safna 25 stigum. „Sá sem nær að búa til sem veglegastan sukkhóp vinnur,“ segir Björn.

Spilið er fáanlegt í verslunum Spilavinir og Nexus. - fb



**BJÖRN E. JÓNSSON** Björn E. Jónsson er einn af mönnunum á bak við nýja kreppuspilið Uppgjörið.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






# Pönkast á breskri leikhúshefð

**Það er frumsýning hjá Gísla Erni Garðarssyni í kvöld í konunglega Shakespeare-leikhúsinu í Bretlandi. Hann leikur í pönkútgáfu af óperunni Don Giovanni.**

„Hérna eru menn vanir fimm tíma Shakespeare-sýningum þannig að það verður fróðlegt að sjá hvernig þeir bregðast við pönkútgáfu af óperunni Don Giovanni,“ segir Gísli Örn Garðarsson sem stígur ósmeykur á svið hins virta Royal Shakespeare leikhúss í smábænum Stratford-upon-Avon í kvöld þegar leikritið Don John verður frumsýnt.

Gísli leikur aðalhlutverkið en eiginkona hans, Nína Dögg Filippusdóttir fer einnig með stórt hlutverk í sýningunni. Boðið er til heljarinnar frumsýningarveislu og þar eiga gestir að mæta í fatnaði frá pönktímabilinu. Gísli var þó ekki viss um að allt fína fólkið myndi mæta í leðurjökkum með gaddaólar. „En það verður spennandi að sjá,“ segir Gísli.

Þótt bærinn Stratford-upon-Avon sé á stærð við Garðabæ þá er leikhúsið frægt og gestir þess frá London víla ekki fyrir sér að keyra klukkutíma til að geta notið sýninga þess. Leikhúsið var byggt í lok nítjándu aldar til heiðurs leikritaskáldinu og þar hafa ekki ómerkari menn en sir Laurence Olivier og Daniel Day Lewis stigið sín fyrstu skref. Gísli kveðst ekkert smeykur við breska gagnrýnendur þótt að þarna væri vissulega verið að brjóta blað í sögu leikhússins. „Það verður bara forvitnilegt að sjá hvernig þetta rótgróna leikhússamfélag bregst við.“

Gísli og Nína verða úti yfir jólin ásamt dóttur sinni. Hann segir Breta ekkert sérstaklega mikið fyrir jólastemningu. „Nei, jólin eru aðallega bara fyllerí hjá þeim, það er bara verið auglýsa vodka og Baileys,“ segir Gísli.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá fer Gísli með stórt hlutverk í kvikmyndinni Prince of Persia sem framleidd er af Jerry Bruckheimer. Tökum á myndinni lauk fyrir viku síðan en Gísli útilokar ekki að kallað verði í hann aftur eftir áramót í frekari tökur í Marakkó. Aðspurður hvort hann hafi náð að blóðga einhverja Hollywood-stjörnu í þessari fokdýru bardagamynd vildi hann ekki meina það. Hann hefði aftur á móti slegið á putta Jake Gyllenhaall. Í bókstaflegri merkingu. „Við slógumst með sverðum og lömdum ítrekað á fingur hvors annars. Þegar maður sá þetta aftur á skjá vorum við hræddir um að hafa fingurbrotið hvorn annan,“ segir Gísli.

freyrgigja@frettabladid.is



**HVERGI SMEYKUR** Gísli Örn er hvergi smeykur við hina fornu leikhúshefð hjá Royal Shakespear-leikhúsinu. Hann sé þvert á móti spenntur að sjá hvernig rótgróna leikhússamfélagið taki pönkaðri útgáfu af óperunni Don Gioavanni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Andkristni og krabbamein

Krabbameinssamtökin Kraftur og Andkristnihátíðin slá saman í tónleika á Café Amsterdam á laugardagskvöldið. „Við erum að slá hagsmunum okkar saman í eitt rosagigg og þetta er skemmtilegt samkrull,“ segir Atli Jarl Martin andkristnimaður. „Við tökum þeim fagnandi sem fúlsa ekki við okkur með sleggjudómum.“

Andkristnihátíðin er nú haldin í níunda skipti. „Þetta byrjaði sem andóf gegn kristnihátíðinni árið 2000 og hefur verið árlegt síðan. Okkar inntak er alltaf það sama, að kynna besta þungarokkið hverju sinni og standa fyrir andkristilegum boðskap. Við erum ekki að boða djöflatrú, svo það sé nú alveg á hreinu. Félagsskapurinn Vantrú er með í þessu.“

Kraftur er stuðningsfélag ungs fólks með krabbamein og aðstandenda þeirra. Félagið hefur gefið út diskinn Ojjj ... ertu með krabbamein og ætlaði að halda tónleika með fjórum sveitum til að kynna hann. „Það var eins og það væri einhver bölvun á þessum tónleikum,“ segir Páll Jens Reynisson hjá Krafti. „Hver af annarri gengu sveitirnar úr skaftinu, trommarinn í Jan Mayen handleggsbrotnaði og ég veit ekki hvað og hvað, þangað til hljómsveitin Reykjavík! var ein eftir.“

Þá kom andkristnifélagið til skjalanna og bauð samstarf. Aðgangseyririnn, þúsundkall, skiptist jafn á milli hinna tveggja ólíku félaga. Auk Reykjavíkur! kemur fram þungarokksrjómi landsins um þessar mundir: Sólstafir (ný plata frá þeim í janúar), Darknote („bjartasta vonin í dag,“ segir Atli Jarl), Bastard („old school-þungarokk“), rafmagnshávaðasveitin Snatan:Ultra og hljómsveitin sem Atli er í, Helshare. Það er alltaf nóg að gerast í þungarokkinu. - drg



**STEFNIR Í ROSAGIGG** Atli Jarl Martin í fremstu víglínu með félögum í hljómsveitinni Helshare.
FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR ÓLI PÁLMASON

ÁRÍÐANDI BÓK UM ÍSLENSKA SAMTÍÐ!

*Ólafur Ragnar Grímsson*

# UMDEILDASTI FORSETI LÝÐVELDISINS

## ÁTÖK OG EINKAMÁL, SORGIR OG SIGRAR



ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN 1991 | ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN 1997 | ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN 2003

Guðjón Friðriksson sagnfræðingur
er margverðlaunaður rithöfundur.

Fjölmiðlafrumvarp og heimastjórnarafmæli
Þjóðarsorg við andlát Guðrúnar Katrínar
„Hver er vinkona forsetans?“
Bréf Davíðs um hjónaband forsetans
Hatrömm átök innanlands
Ögrandi ræður Ólafs Ragnars
Útrásin, símtölin og bréfin
Veisluhöld og fræga fólkið
Heimsóknir á landsbyggðina

**FJÖLDI LJÓSMYNDA PRÝÐIR BÓKINA**




1. PRENTUN UPPSELD

2. PRENTUN KOMIN

BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI





MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

GLEÐILEG BÓKAJÓL

# Gáfaðar stjörnur

Stjörnurnar í Hollywood eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Á bak við frægðina og framann leynist bráðgáfað fólk sem stendur sig með mikilli prýði á fleiri vígstöðvum en í sviðsljósinu.

Þar á meðal er hin unga Emma Watson, en þrátt fyrir að hafa eytt bróðurparti síðustu ára í upptökur á Harry Potter-kvikmyndunum lét hún námið ekki sitja á hakanum og hlaut hæstu einkunn í öllum grunnskólaprófum sínum. Emma er sögð íhuga að sækja um í Harvard og leggja þar fyrir sig háskólanám. Natalie Portman stundaði nám í sálfræði við háskólann og hefur hún sagst vilja leggja leiklistina á hilluna þegar hún eldist til að geta reynt fyrir sér sem sálfræðingur.



**UNG OG EFNILEG** Emma Watson næði hæstu einkunn á öllum grunnskólaprófum sínum þrátt fyrir mikla fjarveru frá skóla við tökur á Harry Potter-myndunum.

**VAR Í HARVARD** Natalie Portman lærði sálfræði í Harvard áður en hún lagði leiklistina fyrir sig.

Kate Beckinsale er dæmi um aðra Hollywoodstjörnu sem hefur staðið sig með mikilli prýði í námi. Sem unglingur vann hún keppni ungra rithöfunda hjá WHSmith í tvígang og lærði franskar og rússneskar bókmenntir í New College í Oxford áður en hún sló í gegn sem leikkona.

Ofurfyrirsætan Cindy Crawford útskrifaðist með hæstu einkunn úr framhaldsskóla og hlaut hæsta skólastyrk í kjölfarið. Hún nam svo efnaverkfræði í Northwestern-háskólanum um nokkurt skeið, eða þar til hún lagði fyrirsætustörfin fyrir sig.



**FÉKK GULLPLÖTU Í JÓLAÞORPINU Á LAUGARDAGINN** Lúðvík Geirsson, bæjarstjórinn í Hafnarfirði, afhendir Palla fyrstu gullplötu jólaplötuflóðsins í ár.

# Fær langþráða hvíld í janúar

**Páll Óskar er uppteknasti maður landsins. Hann keyrir sig út nú fyrir jólin en tekur langþráð frí eftir áramót.**

„Síðasti mánuður er búinn að vera eins og „groundhog-day“ hjá mér. En ég næ þessu með því að borða hollan mat og fara í ræktina þegar ég get,“ segir Páll Óskar. Hann er nú á bullandi vertíð og þarf að selja að minnsta kosti tíu þúsund eintök af Silfursafninu sínu til að ná upp í kostnað.

„Þegar ég gerði kostnaðaráætlun í sumar – mjög heilbrigða áætlun – stóð evran í 80 krónum. Þá kostaði 2,8 milljónir íslenskar að búa til 10.000 eintök af settinu. Í nóvember þegar ég leysti út plöturnar var evran komin í 180 krónur og heildarupphæðin orðin 5,8 milljónir. Þar að auki þurfti ég að borga þetta á borðið því fyrirtækið í Austurríki sem hefur verið í viðskiptum áratugum saman við Íslendinga treysti ekki íslenskum aðilum lengur. Takk, Davíð Oddsson og seðlabankastjórn, takk, ríkisstjórn, takk, útrásarvíkingar og takk, Fjármálaeftirlit!“

Þótt Palli sé hundfúll með hina handónýtu krónu, er hann bjartsýnn á að ná upp í kostnað. Búið er að dreifa 14.000 eintökum og Palli hefur látið framleiða annað upplag af plötunni. Að vanda er hann duglegasti maðurinn í bransanum og þeytist út um allt. „Monika vinkona mín sér um bókhaldið og dreifinguna og ef það koma stórar pantanir ber ég kassana inn með henni. Ég er að klára hringferð um landið og ætla að enda hana á sama stað og hún hófst, núna á laugardaginn 20. desember á Nasa. Ég og Monika höfum spilað jólaprógrammið mikið á virkum dögum og svo er alltaf diskó um helgar. Það eru áritanir nánast á hverjum degi. Í hvert skipti árita ég svona 100 diska og 500 ókeypis plaköt. Þetta eru engar ýkjur!“

Palli sér fram á verðskuldað frí eftir jólatörnina. „Ég ætla að sofa í janúar. Skelli mér til LA í fyrsta skipti á ævinni og fæ að vera þar í íbúð sem vinur minn á. Ég sé fram á að liggja bara rotaður í mánuð.“ drgunni@frettabladid.is






## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Fimmtudagur 18. desember 2008

#### Uppákomur

11.00 Jólasveinarnir koma við á **Þjóðminjasafninu við Suðurgötu**, alla daga fram að jólum. Í dag kemur **Hurðaskellir** til byggða. Aðgangur ókeypis.

12.34 **Lifandi jóladagatal í Norræna húsinu við Sturlugötu**. Í dag verður átjandi glugginn opnaður. Í gær var Kira Kira í glugganum. Hver skyldi vera þar í dag?

#### Tónleikar

**20.00** **Megas og Senuþjófarnir** verða með tónleika í **Salnum**, Hamraborg 6 í Kópavogi.



**20.00** Tónlistarmenn tengdir Suðurnesjum koma fram á jólatónleikum í **Lava Sal Blá Lónsins í Grindavík**. Tónleikarnir eru til styrktar Velferðarsjóði Suðurnesja. Fram koma fjöldi listamanna, þ.á.m. **Elíza Geirsdóttir Newman, Jóhann Helgason, Karlakór Keflavíkur og Védís Hervör.**

**20.00** **Bang Gang** verða með tónleika á **Nasa** við Austurvöll. Húsið opnar kl. 20.

**21.00** **Bloodgroup** verða með tónleika á Kaffibarnum við Bergstaðastræti.

**21.00** Grunge hljómsveitin **Bad Carburetor** spilar á **Bar 11**, Laugavegi 22. Húsið opnar kl. 20.

**22.00** **Bít Box** á Glaumbar við Tryggvagötu. Hljómsveitin Jólakettir spila jólalög í djass- og funkútsetningum.



**23.00** Á **Dillon Rokkbar** við Laugaveg spila hljómsveitirnar **Hor, Orion, The Penn, Slugs og Kid Twist.**

**00.00** Á **Dillon Sportbar** við Trönuhraun í Hafnarfirði spilar hljómsveitin **Esja**. Húsið opnar kl. 23.

#### Sýningar

**Gallery Turpentine** hefur flutt starfsemi sína að Skólavörðustíg 14, 2. hæð **(gegnt SPRON)**. Þar hefur árleg jólasýning gallerísins verið opnuð. Opnunartími fram að jólum kl. 10-22, á Þorláksmessu kl. 10-23 og á aðfangadag 10-12.

Í tilefni af 10 ára afmæli **Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar** hefur verið sett upp sýning á myndum úr ferðum Vilhjálms á norðurslóðir Kananda auk brota úr dagbókarfærslum hans og fleira. Opið virka daga frá kl. 07.30-17.15. Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Borgum við Norðurslóð, Akureyri.

#### Myndlist

Kolbrá Braga hefur opnað sýningu í Listasal Iðu við Lækjargötu, 2. hæð. Sýningin er opin alla daga frá kl. 10-22.

**Jóna Bergdal Jakobsdóttir** hefur opnað sýningu í **Café Karólínu** við Kaupvangsstræti á Akureyri. Sýningin er opin alla daga frá kl. 14-01.

Þorsteinn Davíðsson sýnir teikningar og myndir á striga á Mokka við Skólavörðustíg. Opið alla daga kl. 9-18.30.

#### Tónlist

**12.15** **Sólveig Samúelsdóttir**, mezzosópran, **Sigurbjörn Bernharðsson** fiðluleikari, **Svava Bernharðsdóttir** víóluleikari og **Nína Margrét Grímsdóttir** píanóleikari flytja tónlist eftir Johannes Brahms. Menningarmiðstöðin Gerðuberg, Gerðubergi 3-5.



**20.00** Fjórir tenórar í Íslensku óperunni við Ingólfsstræti. **Snorri Wium, Jóhann Friðgeir Valdimarsson, Garðar Thór Cortes og Gissur Páll Gissurarson** flytja nokkrar af vinsælustu tenóraríum óperubókmenntanna, söngleikjatónlist og hátíðleg jólalög.

**20.00** **Anna Jónsdóttir** sópran og **Sophie Schoonjans** hörpuleikari verða með aðventu- og jólatónleika í Bessastaðakirkju á Álftanesi.

#### Markaðir

Nytjamarkaður til styrktar **ABC barnahjálp** er í Faxafeni 8. Opið virka daga frá kl. **11-18** og laugardaga frá kl. **11-16.**

#### Síðustu forvöð

Á sunnudag lýkur sýningu hollensku myndlistarkonunnar Mathilde ter Heijne í sýningarrýminu 101 Projects, Hvefisgötu 18a.

**17. 30** **Kimi Records** og fatabúðin **Vintage** standa fyrir tónleikum í versluninni að Laugavegi 25 alla daga fram að jólum.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



**FÉKK EKKI SVONA MIKIÐ** Guy Ritchie vísar því á bug að hann hafi fengið ellefu milljarða frá Madonnu, upphæðin sé mun lægri.

# Guy þrýsti á Madonnu

**Breska blaðið Daily Telegraph greindi frá því í gær að breski leikstjórinn Guy Ritchie hefði þrýst á Madonnu að draga tilbaka yfirlýsingu sína um fjárhagslega skilmála skilnaðar þeirra. Mun Guy hafa verið ósáttur við þær fjárhæðir sem þar voru nefndar en honum fannst þær of háar auk þess sem yfirlýsingin væri villandi.**

**Madonna sendi frá sér yfirlýsingu í kjölfar þess að fyrrum hjónakornin náðu samkomulagi um skilnaðinn. Þar kom fram að Guy hefði fengið allt að 92 milljónir dollara eða ellefu milljarða íslenskra króna við skilnaðinn. Þetta var ekki á rökum reist að mati Guy og fór hann því fram á að þetta yrði dregið til baka á þeim forsendum að upplýsingarnar gæfu ranga mynd af skilnaðinum. Jafnframt hélt Guy því fram að aðstoðarmenn söngkonunnar hefðu brotið trúnað við sig og var því heldur súr yfir þeim vinnubrögðum.**

**Guy og Madonna sendu síðan frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem fyrri yfirlýsingin var hörmuð. Þar kom jafnframt fram að þær upphæðir sem þar voru nefndar væru rangar.**












jólamyndir SAMbíóanna verða FORSÝNDAR um helgina

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH STOOD | kl. 6D - 8D - 10:20D | 12 |
| CITY OF EMBER | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 8 - 10:20 | L |
| BODY OF LIES | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| BODY OF LIES | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| HIGH SCHOOL MUSICAL 3 | kl. 5:50 síð sýn. | L |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** | | |
| TWILIGHT DIGITAL | kl. 6 - 8 - 10:30 | 12 |
| CITY OF EMBER | kl. 6 - 8 - 10:30 | 7 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 DIGITAL | L |
| MADAGASCAR 2 m/Ensku tali | kl. 8:30 DIGITAL | L |
| W | kl. 10:10 | 12 |
| FERÐIN TIL TUNGLSINS 3D | sýnd á lau. og sun. | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| TWILIGHT | kl. 8 | 12 |
| PRIDE AND GLORY | kl. 10:20 | 16 |
| TRAITOR | kl. 8 | 12 |
| BODY OF LIES | kl. 10:20 | 16 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | |
| CITY OF EMBER | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| MADAGASKAR 2 m/Ensku tali | kl. 6 | |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | | |
| DAY THE EARTH... | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 8 | L |
| NICK AND NORAH'S... | kl. 10 | L |

NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... D | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| THE DAY THE EARTH... LÚXUS D | kl. 5.40 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| IGOR 500 kr. | kl. 3.45 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SAW 5 | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| ZACK & MIRI MAKE A PORNO | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| APPALOOSA | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 5.30 - 8 -10.30 | 12 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.40 | 14 |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| THE DAY THE EARTH... | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 10 | 7 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 6 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




| LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| SAW 5 | kl. 8 og 10 | 16 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 6, 8 og 10 | 7 |
| MADAGASCAR 2 | kl. 6 | L |
| ZACH AND MIRI MAKE A PORNO | kl. 6 og 8 | 16 |
| PRIDE AND GLORY | kl. 10 | 16 |


# Vel heppnaður blúsbræðingur

**TÓNLIST**
**Bright Lights**
JJ Soul Band
★★★★

Fagmennskan í fyrirrúmi á flottri plötu.




Oxford-búinn John J. Soul og Ingvi Þór Kormáksson hafa skipað tónsmíðadúó í fimmtán ár og skilar sú samvinna sér í tólf fínum lögum á *Bright Lights*, fjórðu breiðskífu JJ Soul band.

Erfitt er að setja tónlist sveitarinnar undir einn hatt. Líklega fer nærri að kalla hana samhræring af djassi, blús og sálartónlist, þótt á stundum sé fetað lauflétt inn á fönkaðri slóðir (til að mynda í hinu stórskemmtilega lagi *Let Love Find Us*) og suðrænni (*Jazz and Tarantella*). Þessi bræðingur er afar vel heppnaður og hápunktarnir á disknum, lög á borð við *At the Mall*, *I've Been Had Again* og *Bright Lights*, leika sér á skemmtilegan hátt að blúsforminu án þess þó að detta ofan í hina ótalmörgu klisjupotta sem fylgja geiranum.

Einnig bregður fyrir gullfallegum og ljúfsárum textum og melódíum og er það sérlega áberandi í *Getting Colder By the Year* (sem minnir meira en lítið á Tom nokkrun Waits) og *Washed Away*.

Fagmennska einkennir hljóðblöndun og allan hljóðfæraleik, sem er hreint og beint til fyrirmyndar, enda þrautreyndir menn í hverju rúmi. Svo alger er fagmennskan raunar að á stöku stað væri örlítið meiri hráleiki vel þeginn. Frábær rödd fantasöngvarans JJ gerir slíkar umkvartanir reyndar nánast óþarfar því hún er djúp, töff og full af tilfinningu og rífur þannig fágaðan undirleikinn upp á æðra plan. Helvíti flott plata.

**Kjartan Guðmundsson**



**TÓNLISTARFEÐGAR** Feðgarnir Herbert Guðmundsson, Svanur og Guðmundur hafa spilað saman að undanförnu við góðar undirtektir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Með tónlistargen föður síns

**Tónlistarmaðurinn Herbert Guðmundsson hefur troðið upp með sonum sínum tveimur að undanförnu og er afar ánægður með félagsskapinn.**

„Ég var farinn að örvænta og hélt að börnin mín væru ekki með tónlistargenið,“ segir Herbert Guðmundsson um syni sína Svan og Guðmund sem hafa spilað með honum að undanförnu.

Herbert á sjö börn með tveimur konum og segist vera ríkur maður. Svanur og Guðmundur, sem eru einnig í hljómsveitinni Swive, eru hans yngstu börn og þakkar Herbert æðri máttarvöldum fyrir tónlistaráhuga þeirra.

Hinn átján ára Svanur, spilar á píanó á nýjustu plötu Herberts, Spegill sálarinnar, og stendur sig vel þrátt fyrir ungan aldur. „Maður á náttúrulega ekki að vera að segja svona en hann þykir snillingur strákurinn,“ segir Herbert, sem er greinilega afar stoltur faðir. Hinn sextán ára Guðmundur þykir einnig efnilegur trommari og á væntanlega eftir að láta mikið að sér kveða í framtíðinni.

Spegill sálarinnar er tíunda sólóplata Herberts og hefur að geyma popp-rokk með gospel ívafi, þar á meðal hið vinsæla lag Day of Freedom. „Þetta er „back to the basics“. Ég er að fara aftur til uppruna míns,“ segir Herbert. Hann hefur haft í nógu að snúast við kynningu á plötunni sem hann gefur út sjálfur og hefur selst í á annað þúsund eintaka. Til að mynda hefur hann spilað í fjölda kirkna við góðar undirtektir. „Prestar hafa hringt í mig og boðið mér að koma. Það hefur gengið æðislega vel og ég hef verið að árita á staðnum.“

Tveir mánuðir eru síðan Herbert hætti að selja bækur fyrir Örn og Örlyg og ákvað að einbeita sér að tónlistinni. Sér hann ekki eftir því enda nóg að gera. „Ég hef verið að syngja mikið í afmælum og þá kem ég eins og sprengja inn í partíið.“

Herbert spilar næst með sonum sínum í Vetrargarðinum í Smáralind í kvöld og einnig verða þeir í Jólaþorpinu í Hafnarfirði á Þorláksmessu.

**freyr@frettabladid.is**

# Andrúmsloftið skiptir máli

Mosfellingurinn Ólafur Arnalds heldur tónleika í Fríkirkjunni í kvöld. Hann er nýkominn úr hálfsárs tónleikaferðalagi um heiminn þar sem hann fylgdi eftir sinni fyrstu plötu, Eulogy for Evolution. Platan, sem hefur fengið mjög góða dóma, hefur selst í yfir tíu þúsund eintökum og hefur Ólafur fyllt tónleikahallir í yfir tuttugu löndum, þar á meðal Barbican Hall í London.

„Ég hlakka ótrúlega til enda spila ég sjaldan á Íslandi,“ segir hann um tónleikana í kvöld. „Við erum búnir að selja vel af miðum og höfum lagt mikið í undirbúning. Ég held að þetta verði gaman.“

Hann segir að tónleikaferðin um heiminn hafi gengið ótrúlega vel. „Ég er búinn að fara út um allt. Þetta gekk ekkert áfallalaust fyrir sig og ég bjóst kannski ekki við því. En ég gat séð frá byrjun til enda hvernig áhorfendahópurinn stækkaði smám saman.“

Ólafur hefur áður leikið í kirkjum á ferðalögum sínum og segir þær uppáhaldstónleikastaði sína ásamt leikhúsum. „Hljómburðurinn er yfirleitt fallegur og hann gerir mikið fyrir stemninguna. Þar er líka gott andrúmsloft ef þetta eru flottir staðir. Svona tónlist gengur mikið út á andrúmsloftið í salnum,“ segir hann.

Fram undan hjá þessum 22 ára tónlistarmanni eru upptökur á næstu breiðskífu sem hefjast í byrjun næsta árs. Að auki hefur hann rift samningi við útgáfufyrirtæki sitt í Bretlandi og er í viðræðum við stærri útgáfufyrirtæki um nýjan samning.

Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 20 og sérstakur gestur verður Ólöf Arnalds, frænka Ólafs. Miðaverð er 1.000 krónur.

**- fb**



**ÓLAFUR ARNALDS** Ólafur heldur tónleika í Fríkirkjunni í kvöld. Sérstakur gestur verður Ólöf Arnalds. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Mörgæsagrín

Madagascar: Escape 2 Africa tekur upp þráðinn þar sem skilið var við áhorfendur fyrir rúmum þremur árum. Ljónið Alex, sebrahesturinn Marty, gírafinn Melman og flóðhesturinn Gloria, sem voru áður strandaglópar í Madagaskar ætla nú að fljúga aftur heim til New York með hjálp íbúa eyjunnar og mörgæsanna. En vegna bilunar brotlendir flugvélin í Afríku.

Líkt og með fyrri myndina einkennist þessi af hröðum húmor þar sem áhorfendum er ekki gefinn mikill tími til umhugsunar. Sum atriðin kæta krakka með skrípalátum, en önnur eru meira hugsuð fyrir eldri áhorfendur, t.d. atriði þar sem api mútar mörgæs með því að segjast ætla að ljóstra um ástarsamband mörgæsarinnar og Hawaii-dansbrúðu.

Bandaríska talsetningin er til fyrirmyndar og kemur á óvart hversu mörgum stjörnum er hægt að troða í eina kvikmynd; Ben Stiller, Chris Rock, Sacha Baron Cohen, Alec Baldwin, Jada Pinkett Smith og Bernie Mac heitinn. Þrátt fyrir allar stjörnurnar er það mörgæsa-teymið sem stelur senunni í myndinni. Skrautleg og geðveik uppátæki þeirra er helsti drifkraftur myndarinnar, og þá sérstaklega bráðfyndið opnunaratriði myndarinnar með flugvélinni.

Madagascar: Escape 2 Africa er enn eitt dæmið um hversu breiður áhorfendafjöldi teiknimynda getur orðið með blöndu af ólíkum húmor, ekki ólíkt Kung Fu Panda frá því í sumar. Í raun er ekki mikið sem situr eftir nema léttur og góður húmor og að sjálfsögðu mörgæsirnar, sem væri óskandi að fengju sína eigin kvikmynd.



**KVIKMYNDIR**

**Madagascar: Escape 2 Africa**

★★★

Stjörnum prýdd og ágætlega fyndin teiknimynd.

**Vignir Jón Vignisson - Topp5.is**






**SPILAR Á JÓLAGRAUT** Egill Sæbjörnsson mætir á Nasa.

# Jólagrautur Gogoyoko

Íslenska sprotafyrirtækið Gogoyoko er eins árs um þessar mundir og ætlar sér stóra hluti í framtíðinni. Fyrirtækið verður opnað formlega snemma á næsta ári og verður svokallað tónlistarsamfélag á netinu þar sem tónlistarmenn geta komið tónlist sinni milliliðalaust á framfæri á alþjóðlegum markaði. Síðan fór nýverið í loftið í lokuðu prufunarumhverfi og hefur hópi listamanna verið boðinn aðgangur.

Til að fagna eins árs afmæli heldur Gogoyoko tónleika í samvinnu við Hjálma og Mugison eftir jól, nánar tiltekið laugardagskvöldið 27. desember á Nasa. Tónleikarnir heita Jólagrauturinn 2008 og hvert eðalatriðið rekur annað. Þarna verða Hjálmar ásamt sænska rapparanum Timbuktu, Mugison, Motion Boys, Borko og Egill Sæbjörnsson. Heillangt er síðan Egill kom fram á Íslandi en plata hans Tonk of the Lawn gerði góða hluti fyrir áratug eða svo.

Miðasala hefst í dag í Skífunni og á Midi.is. Miðaverð í forsölu er 1.500 krónur. **- drg**



**OPRAH WINFREY** Spjallþáttastjórnandinn vinsæli hefur samið við sjónvarpsstöðina HBO.

# Oprah semur við HBO

**Framleiðslufyrirtæki spjallþáttastjórnandans Opruh Winfrey hefur gert samning við sjónvarpsstöðina HBO um að framleiða fyrir hana sjónvarpsmyndir, heimildarmyndir og þáttaraðir.**

**Hingað til hefur Oprah átt í samstarfi við aðra sjónvarpsstöð, ABC, og framleitt fyrir hana upplífgandi sjónvarpsmyndir á borð við Tuesdays with Morrie og Their Eyes Were Watching God með Halle Berry í aðalhlutverki.**

**Oprah, sem er 54 ára, var fyrr í mánuðinum kjörin áhrifamesta konan í skemmtanaiðnaðinum af dagblaðinu The Hollywood Reporter.**

HAUSTNÁMSKEIÐIN HEFJAST Í FEBRÚAR

Nám fyrir skapandi tónlistarmenn

- í samstarfi við Digidesign framleiðanda Pro Tools

PRO TOOLS



TÓNVINNSLUSKÓLI ÞORVALDAR BJARNA - “DIGIDESIGN (PRO TOOLS) SPONSORED SCHOOL”.

Lærðu að nota nútíma upptökutækni til að taka upp, útsetja og hljóðblanda tónlistina þína. Þeir Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson (Todmobile), Vignir Snær Vigfússon (Írafár) og Markús Leifsson (Sertified Pro Tools Operator) kenna ferlið hvernig hugmynd af lagi verður að fullunnri afurð tilbúinni til útgáfu eða spilunar í útvarpi með notkun Pro Tools hljóðupptöku forritsins. Markús leiðir menn í gegnum Pro Tools fræðin í fullkominni tölvustofu þar til menn eru tilbúnir í að taka alþjóðlegu Pro Tools gráðurnar 101 og 110.

Þorvaldur Bjarni sýnir mönnum inn í heim tónsmíðanna og kennir nemendum að hljóðblanda lögin sín, hvernig maður notar EQ, Compressor og hljóðeffekta til að draga það besta fram í hverri upptöku í fullkomnu hljóðveri skólans.
Vignir Snær kennir mönnum hvernig forritin Melodine og Reason eru notuð til að útsetja og laga til upptökur að hugmyndum lagasmiðsins eða hljómsveitarinnar. Farið er í helstu míkrafónstaðsetningar fyrir t.d. trommuupptökur, gítarupptökur, söngupptökur o.s.f.

VEITIR RÉTT TIL FRAMHALDSNÁMS

Teknar eru tvær viðurkenndar gráður í Pro Tools hljóðupptöku- forritinu (101 og 110) sem veita rétt á framhaldsnámi erlendis. Þar fara menn í Pro Tools 201 og 210 sem gerir menn að viðurkenndum "Pro Tools Operator". Það gefur möguleika á störfum hér og erlendis í hljóðverum og kvikmyndaverum.

NÝJUNG!

Í miðju námskeiðsins gefst nemendum tækifæri á að eyða 3 dögum með þeim Þorvaldi Bjarna, Vigni Snæ, Magnúsi Þór Sigmundssyni við laga og textasmíðar auk þess mun Guðmundur Jónsson (Sálin) leggja hönd á plóginn og miðla af reynslu sinni. Afrakstur þessara vinnutarnar verður svo notað sem efni í náms og útsetningarferli seinni hluta námsins. Lögin verða svo boðin útgefendum til notkunar fyrir listamenn sýna og fá menn þannig innsýn inn í ferlið hvernig lagasmiðir koma efni sínu á framfæri.

Þetta fimmta árið sem Tónvinnslunámskeiðið er haldið og hafa um 160 manns tekið þátt. Margir hafa haldið beint áfram í framhaldsnám erlendis meðan aðrir hafa hafið störf sem skapandi tónlistarmenn á eigin spítur.

digidesign PRO TOOLS

Námskeiðin hefjast í febrúar.

Skráningar í síma 534 9090 eða á heimasíðunni www.tonvinnslu skoli.is

TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA
Sponsored Digidesign School

## > Aron kominn til Kiel

Hafnfirski handboltamaðurinn Aron Pálmarsson er kominn til Kiel í Þýskalandi þar sem hann mun skrifa undir fjögurra ára samning við Þýskalandsmeistara Kiel. Aron sá leik Kiel og Göppingen í þýska bikarnum í gær. Ef allt gengur að óskum mun Aron skrifa undir samninginn við Kiel í dag eða á morgun. Aron mun svo einnig fylgjast með tilvonandi félögum sínum í hörkuslag á laugardag er Kiel sækir Íslendingaliðið Flensburg heim í Campushalle.



sport

sport@frettabladid.is

**EMIL HALLFREÐSSON: LEIKUR NÚ UNDIR STJÓRN FJÓRÐA KNATTSPYRNUSTJÓRANS HJÁ REGGINA Á EINU OG HÁLFU ÁRI**

# *Ekkert sem kemur mér lengur á óvart í þessu*



Ítalska úrvalsdeildarfélagið Reggina, þar sem landsliðsmaðurinn Emil Hallfreðsson er á mála, tilkynnti í fyrradag að knattspyrnustjórinn Nevio Orlandi hefði verið vikið úr starfi og Giuseppe Pillon ráðinn í hans stað en Reggina er sem stendur í næstneðsta sæti ítölsku úrvalsdeildarinnar.

Brottreksturinn sem slíkur þarf ef til vill ekki að koma á óvart en staða Emils hjá Reggina er ansi sérstök því Pillon er fjórði knattspyrnustjóri félagsins síðan Hafnfirðingurinn gekk í raðir þess fyrir tæpu einu og hálfu ári.

„Þetta er ekki lengur nýtt fyrir mér að fá nýjan knattspyrnustjóra og það verður bara að koma í ljós hvernig þetta verður í þetta skiptið. Það er allavega ekkert sem kemur mér lengur á óvart í þessu,“ segir Emil.

Emil hefur leikið sex leiki í deildinni með Reggina á keppnistímabilinu, þar af þrjá leiki í byrjunarliðinu, en segir ómögulegt að spá fyrir um hvort Pillon muni gefa honum fleiri tækifæri en forveri hans, Orlandi, hafi gert í vetur. „Ég hélt að Orlandi myndi fá aðeins meiri tíma með liðið en það þýðir ekkert að vera að velta sér upp úr þessum málum. Ég tek þessu bara á rólegum nótum og held bara áfram að gera mitt besta og sé til hverju það skilar mér. Maður þarf núna bara að reyna að heilla nýja stjórann, enn og aftur. Ég mun ræða eitthvað við Pillon á ítölskunni því það þýðir lítið að bregða enskunni fyrir sig hér,“ segir Emil á léttum nótum.

Reggina heimsækir Cagliari á sunnudaginn en félaginu hefur gengið afleitlega á útivöllum í deildinni í vetur og aðeins unnið einn af átta leikjum sínum og tapað hinum sjö með samanlagðri markatölu 20-2. Eftir leikinn fá leikmennirnir gott jólafrí og Emil kveðst hlakka til þess að komast heim á Klakann.

„Eftir leikinn gegn Cagliari mæti ég heim til Íslands í jólamatinn hjá mömmu. Ég fæ þarna átta daga í frí yfir jólin og það verður frábært að koma heim og slappa af með vinum og vandamönnum. Ég fer síðan aftur út til æfinga hjá Reggina í byrjun janúar.“



**ÓLAFUR STEFÁNSSON** Frábær leikmaður sem fær vel greitt fyrir vinnu sína.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Laun Ólafs Stefánssonar:

## Hækka um rúma milljón á mánuði

**HANDBOLTI** Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær hefur Jesper Nielsen, tilvonandi stjórnarformaður Rhein-Neckar Löwen, ákveðið að bjóða Ólafi Stefánssyni sama samning fyrir tvö ár hjá Löwen sem hann hefði fengið fyrir þrjú ár í Danmörku.

Það þýðir mikla launahækkun hjá Ólafi á mánuði og sjálfur sagði hann að samningurinn væri það góður að það væri í raun vanvirðing að taka honum ekki.

Danskir fjölmiðlar segjast hafa heimildir fyrir því að Nielsen hafi ætlað að greiða Ólafi 84 milljónir króna fyrir þriggja ára samning við AG handboltaliðið.

Það hefði gert rúmar 2,3 milljónir króna á mánuði. Styttingin á samningnum hækkar mánaðarlaun Ólafs heldur betur eða í raun um 1,2 milljón króna á mánuði.

Taki hann tilboðinu verður hann því með 3,5 milljónir króna á mánuði í stað 2,3 milljóna króna standist tölur danskra fjölmiðla. - hbg

Breytingar hjá Blackburn:

## Stóri Sam nýr stjóri félagsins

**FÓTBOLTI Blackburn gekk í gær frá ráðningu Sams Allardyce sem knattspyrnustjóra félagsins en Paul Ince var sem kunnugt er rekinn frá Blackburn fyrr í vikunni. Hinn 54 ára gamli Allardyce skrifar undir þriggja ára samning við Blackburn en Stóri Sam hefur verið án starfs í tæpt ár eða síðan hann var rekinn frá Newcastle snemma árs.** - óþ

Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010
www.fudge.com
IMAGE
kms

# Kauptilboð Nancy samþykkt

**Stabæk hefur samþykkt nýtt kauptilboð Nancy í Veigar Pál Gunnarsson sem heldur nú utan til samningaviðræðna og læknisskoðunar hjá franska félaginu.**

**FÓTBOLTI** Stabæk tilkynnti í gær að félagið væri búið að ná samkomulagi við Nancy um kaupverð á Veigari Páli Gunnarssyni og aðeins ætti eftir að ganga frá smáatriðum varðandi söluna. Framherjinn á svo sjálfur eftir að semja um kaup og kjör við franska félagið auk þess að ganga í gegnum læknisskoðun. Þetta var staðfest á heimasíðu norska félagsins í gærdag.

„Búið er að ná samkomulagi við Nancy um öll meginatriði varðandi söluna á Veigari Páli en leikmaðurinn sjálfur á eftir að semja við franska félagið og gangast undir læknisskoðun. Búist er við því að það taki allt saman fljótt af og Veigar Páll ætti því að öllu óbreyttu að vera orðinn löglegur með Nancy frá og með janúar,“ segir Lars Bohinen, yfirmaður knattspyrnumála hjá Stabæk, á opinberri heimasíðu félagsins í gær.

Veigar Páll hefur verið lykilmaður hjá Stabæk undanfarin ár og átti hvað stærstan þátt í sigri félagsins í norsku úrvalsdeildinni á nýafstöðnu keppnistímabili en það var einmitt fyrsti deildartitillinn í sögu Stabæk. Veigar Páll hefur leikið fimm tímabil með Stabæk og skorað þar 80 mörk í 148 leikjum auk þess að eiga ógrynni stoðsendinga að mörkum.

Bohinen viðurkennir að vissulega sé sárt að sjá á eftir Veigari Páli en færir rök fyrir því að norska félagið hafi ákveðið að selja framherjann.



**TIL NANCY** Fátt virðist nú geta komið í veg fyrir að Veigar Páll Gunnarsson gangi í raðir Nancy í frönsku úrvalsdeildinni eftir að Stabæk samþykkti kauptilboð í framherjann í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Þetta er vissulega gríðarlegur missir fyrir Stabæk, það þarf enginn að efast um það, en miðað við efnahagsástandið í dag þá gátum við ekki annað en samþykkt kauptilboðið,“ segir Bohinen.

Samkvæmt heimildum norskra dagblaða hafði Stabæk á dögunum hafnað kauptilboði frá Nancy upp á 15 milljónir norskra króna eða um 258 milljónir íslenskra króna og nýja kauptilboðið því eðlilega sagt vera eitthvað hærra en það.

„Ég gæti alveg sagt ykkur hversu hátt kauptilboðið frá Nancy var, en ég kýs að gera það ekki,“ segir Bohinen í viðtali við Aftenposten.

omar@frettabladid.is

Íslandsmeistarar Hauka ekki í vandræðum með Stjörnuna í N1-deild karla:

# Öll birta horfin úr Stjörnunni

**HANDBOLTI** Haukar fara í jólafrí með ágæta stöðu í deildinni þrátt fyrir erfitt gengi framan af móti. Stjarnan er aftur á móti í vondum málum eftir enn eitt tapið og nú gegn Haukum, 27-31.

„Ég ætla að skoða mín mál og er ekki tilbúinn að svara þessari spurningu núna,“ sagði brúnaþungur þjálfari Stjörnunnar, Patrekur Jóhannesson, þegar hann var spurður hvort hann hefði áhuga á að halda starfi sínu áfram.

Stjörnumenn mættu meðvitundarlausir til leiks og lentu strax undir, 0-3. Þá kom Björgvin Hólmgeirsson fljótlega af bekknum með mikið líf. Stjarnan jafnaði 5-5 og svo aftur 11-11. Þá féll Stjörnumönnum allur ketill í eld á ný, Haukar skoruðu sex síðustu mörk hálfleiksins og leiddu 11-17. Síðari hálfleikurinn var í raun formsatriði fyrir Hauka. Stjarnan í þægilegri fjarlægð en tók dauðakipp undir lokin, minnkaði muninn í tvö mörk, 27-29, en sá dauðakippur kom allt of seint og dugði engan veginn.

„Við höfum verið gagnrýnir á sjálfa okkur í vetur og á köflum ekki nógu sáttir með okkar spilamennsku. Þegar upp er staðið



**KOMUST LÍTIÐ ÁLEIÐS** Björgvin Hólmgeirsson og félagar í Stjörnunni eru í slæmri stöðu á botnbaráttunni.
RÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

erum við væntanlega samt aðeins stigi á eftir toppliðinu fyrir jólin og það er ágætt,“ sagði Einar Örn Jónsson Haukamaður sem fór mikinn á vítalínunni í gær. Einar segir Haukana ætla sér sigur í deildarbikarnum á milli jóla og nýárs. „Það er titill, Evrópusæti og peningar í húfi og við mætum því grimmir. Við borðum vel um jólin en verðum ekkert á neinu húrrandi fylleríi og rugli svo við komum nú ferskir í keppnina,“ sagði Einar á léttu nótunum.

Staða Stjörnunnar er veik. Sjálfstraust liðsins er ekkert og einfaldlega allt of margir veikir hlekkir í liðinu til að það geti barist á meðal þeirra bestu. Það er ekkert sem bendir til þess í dag að liðið bjargi sér frá falli.

„Við gerum allt of marga tæknifeila og það skrifast á lélegt sjálfstraust. Ég veit ekki hvort þetta stafar af látunum í kringum samningana, hvort ég nái ekki til leikmanna eða hvort þeir séu hreinlega ekki nógu góðir. Það verða menn að skoða vel,“ sagði Patrekur. - hbg

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *N1 deild karla*

Stjarnan-Haukar 27-31 (11-17)
Mörk Stjörnunnar (skot): Björgvin Hólmgeirsson 6 (13), Kristján Svan Kristjánsson 5 (7), Fannar Þorbjörnsson 4 (4), Hrafn Ingvarsson 4 (5), Vilhjálmur Halldórsson 3/2 (9/2), Hermann Björnsson 2 (7), Guðmundur Guðmundsson 1 (7/1), Jón Heiðar Gunnarsson 1 (1), Daníel Einarsson 1 (2).
Varin skot: Svavar Ólafsson 15 (44/4) 34%.
Hraðaupphlaup: 7 (Hrafn 2, Björgvin 2, Kristján 2, Daníel). Utan vallar: 4 mín.
Fiskuð víti: 3 (Fannar 2, Hermann).
Mörk Hauka (skot): Einar Örn Jónsson 9/6 (9/6), Arnar Jón Agnarsson 7 (12), Andri Stefan 6 (10), Kári Kristjánsson 4 (5), Freyr Brynjarsson 2 (5), Elías Már Halldórss. 2 (5), Gísli Jón Þóriss. 2 (4).
Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 22/1 (44/3) 50%, Gísli Guðmundsson 1 (6) 20%.
Hraðaupphlaup: 6 (Elías 2, Arnar 2, Kári, Einar).
Fiskuð víti: 6 (Kári 4, Arnar, Pétur Páls.)
Utan vallar: 4 mín.
Dómarar: Anton Gylfi Pálsson og Jónas Elíasson, sæmilegir.

### *Iceland Express kvenna*

Haukar-KR 89-62 (46-29)
Stig Hauka: Kristrún Sigurjónsdóttir 29 (7 frák., 7 stoðs.), Slavica Dimovska 15, (8 stoðs.), Guðbjörg Sverrisdóttir 13 (11 frák., 5 stoðs.), Telma Fjalarsdóttir 12, María Sigurðardóttir 6, Kristín Reynisdóttir 5, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 4, Sara Pálmadóttir 3, Helena Hólm 2.
Stig KR: Hildur Sigurðardóttir 20, Sigrún Ámundadóttir 16 (15 frák., 5 stoðs.), Guðrún Ámundadóttir 10, Helga Einarsdóttir 8, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 3, Heiðrún Kristmundsdóttir 2, Sigurbjörg Þorsteinsd. 2, Gréta Guðbrandsd. 1.
Keflavík-Fjölnir 99-50 (53-15)
Stigahæstar: Pálína Gunnlaugsdóttir 23 (10 frák.), Birna I Valgarðsdóttir 18 (5 stoðs.), Ingibjörg Elva Vilbergsdóttir 12 - Birna Eiríksdóttir 14, Efemia Sigurbjörnsdóttir 9.
Snæfell-Valur 57-70 (24-34)
Stig Snæfells: Berglind Gunnarsdóttir 20 (8 frák.), Gunnhildur Gunnarsdóttir 16, , Unnur Lára Ásgeirsd. 11, Sara Sædal Andrésd. 4, Björg Einarsdóttir 3, Helga Björgvinsd. 2, María Björnsdóttir 1.
Stig Vals: Signý Hermannsdóttir 35 (12 frák., 8 stoðs, 8 varin), Þórunn Bjarnadóttir 10, Tinna Björk Sigmundsdóttir 10, Kristjana Magnúsdóttir 5, Berglind Ingvarsd. 5, Guðrún Baldursdóttir 5.
Hamar-Grindavík 87-84 (33-40, 71-71, 78-78)
Stig Hamars: La Kiste Barkus 32 (6 stoðs.), Julia Demirer 29 (25 frák.), Hafrún Hálfdánardóttir 16 (10 frák.), Jóhanna Björk Sveinsdóttir 4, Fanney Lind Guðmundsdóttir 4, Íris Ásgeirsdóttir 2.
Stig Grindavíkur: Ingibjörg Jakobsdóttir 17, Íris Sverrisdóttir 14, Berglind Anna Magnúsdóttir 12, Lilja Sigmarsd. 11, Jovana Stefánsd.11, Petrúnella Skúladóttir 9, Helga Hallgrímsdóttir 8 (12 frák.), Theódóra Káradóttir 2.

### *UEFA-bikarinn í fótbolta*

Portsmouth-Heerenveen 3-0
1-0 Peter Crouch (40.), 2-0 Peter Crouch(42.), 3-0 Hermann Hreiðarsson (90.). Hermann lék allan leikinn og Arnór Smárason kom inn á 30. mínútu hjá Heerenveen.
Hamburger-Aston Villa 3-1
Olic 2 (30. , 57.), Petric (18.) - Delfouneso (83.)
Deportivo-Nancy 1-0
1-0 Bodipo (74.)

UEFA-bikarinn í gær:

## Hermann innsiglaði sigurinn

**FÓTBOLTI** Hermann Hreiðarsson nýtti tækifærið vel í UEFA-bikarnum en hann skoraði síðasta mark Portsmouth í 3-0 sigri á Heerenveen. Markið skoraði Hermann með skalla á lokamínútu leiksins með skalla eftir fyrirgjöf Glen Little. - óój



# JÓLASPRENGJA BENNA

## 9,7% fastir vextir

**óverðtryggt**

**Fjöldi bíla á staðnum - Komdu í heimsókn**

**Ýmis lánakjör í boði - Tökum notaða bíla upp í notaða - Allt að 100% fjármögnun**




NISSAN MURANO SL 3/2005, ek. 58 þús. 5 dyra, ssk. álf, leður, topplúga, cruise og fl. Verð 5.300 þús. .

**JÓLAVERÐ 3.550 þús.**
Staðgreitt




BMW 318ia 11/2003, ek. 109 s. 4 dyra, ssk, leður, abs, álf.o.fl. Verð 2.150 þús.

**JÓLAVERÐ 1.590 þús.**
stgr.




M. BENZ C-240 09/2002, ek 97 þús. 4 dyra, ssk. álf. leður , topplúga, o.fl. Verð 2.150 þús.

**JÓLAVERÐ 1.690 þús.**
stgr.




VW TOUAREG 1/2005, ek. 39 s. 5 dyra, ssk., dráttarbeisli, leður, topplúga og fl. Verð 4.500 þús.

**JÓLAVERÐ 3.390 þús.**
stgr.




SSANGYONG MUSSO GRAND LUXE II TDI, 33 8/2004, ek. 89 s. 5 dyra, 5 gíra, álf. dráttarbeisli, Verð 2.000 þús.

**JÓLAVERÐ 1.590 þús.**
stgr.




CHEVROLET KALOS 1,4 SE 2/2006, ek. 34 s. 5 dyra, 5 g ra. abs, 4 líknarbelgir og fl. Verð 1.300 þús. .

**JÓLAVERÐ 990 þús.**
stgr.




Renault Megane 1,6 Scenic 11/2003, ek. 46 s., 5 dyra, 5 g ra. abs, dráttarbeisli, verð 1.300 þús.

**JÓLAVERÐ 990 þús.**
stgr.




Ford Focus 1,6 Trend Wagon 7/2004, ek. 79 þús. 5 dyra, 5 gíra, álf. dráttarbeisli, cd og fl. Verð 1.590 þús.

**JÓLAVERÐ 1.190 þús.**
stgr.




CHEVROLET LACETTI CDX WAGON 6/2005, ek. 60 s. 5 dyra, 5 g ra, abs, 4 líknarbelgir og fl. Verð 1.400 þús. .

**JÓLAVERÐ 1.090 þús.**
stgr.




HYUNDAI GETZ GLS 11/2004, ek. 71 s. 5 dyra, ssk. abs, dráttarbeisli. Verð 1.150 þús.

**JÓLAVERÐ 890 þús.**
stgr.




NISSAN PATROL ELEGANCE 10/2006, ek. 29 s. 7 manna,5 dyra, ssk. leður, topplúga, o.fl. Verð 5.770 þús.

**JÓLAVERÐ 4.590 þús.**
stgr.




HYUNDAI TRAJET 2,0 7 MANNA, 12/2005, ek. 39 s. 5 dyra, ssk. abs, álfelgur og fl. Verð 2.100 þús.

**JÓLAVERÐ 1.590 þús.**
stgr.




VW Caddy sendib II 4/2002, ek.91 s. 3 dyra, ssk. 5 gíra. Verð 450 þús

**JÓLAVERÐ 350 þús.**
stgr.

## Glæsileg Íslensk matarkarfa, íslenskt jólatré og flugeldapakkinn TRAUSTI fylgir öllum bílum!






**Íslensku jólatréin koma frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur - Heiðmörk. Allir geta valið sér annað hvort óhoggið tré í Heiðmörk að eigin vali eða tilbúið allt að 2 metra hátt tré. Þitt er valið.**

Skógræktarfélag Reykjavíkur - Heiðmörk

# Bílabúð Benna Notaðir bílar

**Bíldshöfða 10 - 577 2800 og 587 1000 - notadirbilar@benni.is - www.benni.is**

**Reykjanesbær: Bílahornið hjá Sissa, Brekkustíg 38, - Sími 420 3300**

**Opið virka daga frá kl. 10 - 18 og Laugardaga frá kl. 12 - 16.**

HJÁLPARSVEIT SKÁTA REYKJAVÍK

> **David Spade**

„Lífið er svo erfitt að ég held að það sé ekki hægt að lifa því án húmors.“ Spade leikur Russell í Rules of Engagement en í kvöld hefst ný þáttaröð á Skjá einum.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFIR Á SNILLINGANA Í NUMBERS LEYSA MÁLIN

# Stærðfræðiformúlur handa yfirvöldum

Gaman hefur verið að fylgjast með snilli stærðfræðiheilanna í Numbers leysa hverja ráðgátuna á fætur annarri. Þegar rannsóknarlöggurnar ráða ekki við umfangsmikil sakamál hóa þeir í þessa meistara, sem vitaskuld ná alltaf að leysa vandann eins og venjan er í Hollywood.

Væri ekki gott fyrir íslensk yfirvöld að njóta liðsinnis slíkra manna sem nota flóknar formúlur til að ráða bót á snúnum samfélagslegum vandamálum? Þeir gætu til dæmis notað félagsnetsgreiningu til að skera úr um fyrir yfirvöld hvar næstu mótmælaaðgerðir verða haldnar, tengslagreiningu til að finna út tengsl fjölmiðla við auðmennina eða jafnvel leikjakenningu til að finna út hvort kosningar í vor væru hentugur kostur eður ei. Einnig eru ónotaðar kenningar á borð við netgreiningu og K-mynsturdreifingu, sem vafalítið gætu nýst vel þegar harðnar enn frekar á dalnum. Kannski væri hægt að nota þær í tengslum við mögulega ESB-aðild?

Öll hjálp hér á landi væri vel þegin og því ekki að biðla til heils hers af snillingum til að koma með ferskt sjónarhorn á ástand mála? Sérfræðingar á borð við Numbers-hópinn myndu án efa hafa ýmislegt til málanna að leggja og ef eitthvað er að marka þættina myndu öll okkar vandamál leysast án nokkurra vandkvæða.



**NUMBERS** Sjónvarpsþættirnir Numbers eru afar áhugaverðir þar sem stærðfræðisnillingar nota hinar ýmsu formúlur til að leysa flókin sakamál.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.40** Sampdoria - Sevilla, Beint STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.30** Help Me Help You STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00** House SKJÁREINN



▶ **21.30** Nýgræðingar (Scrubs VI) SJÓNVARPIÐ



▶ **21.55** Prison Break STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**15.25 Kiljan** (e)
**16.15 Leiðarljós**
**17.00 Jóladagatal Sjónvarpsins** (e)
**17.10 Táknmálsfréttir**
**17.20 Jenny og Ramiz** (3:3)(e)
**17.45 Stundin okkar** (e)
**18.15 Skyndiréttir Nigellu** (3:13) (e)
**18.45 Jóladagatal Sjónvarpsins**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Káta maskínan** Þorsteinn J. fjallar um myndlist, leiklist og kvikmyndir.
**20.45 Nynne** (Nynne) (9:13) Dönsk gamanþáttaröð frá 2005. Aðalhlutverk: Mille Dinesen og Mette Storm.
▶**21.30 Nýgræðingar** (Scrubs VI) Gamanþáttaröð um lækninn J.D. Dorian og ótrúlegar uppákomur sem hann lendir í. Á spítalanum eru sjúklingarnir furðulegir, starfsfólkið enn undarlegra og allt getur gerst. Aðalhlutverk: Zach Braff, Sarah Chalke, Donald Faison og Neil Flynn.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Togstreita** (Torn) (3:3) Breskur myndaflokkur í þremur þáttum byggður á sannri sögu. Líf tveggja fjölskyldna kollvarpast þegar móðir telur sig hafa fundið aftur dóttur sína sem hvarf á strönd 12 árum áður og var talin hafa drukknað. Aðalhlutverk: Holly Aird, Adam Kot, Emma Natasha Miles, Poppy Miller og Nicola Walker.
**23.15 Sommer** (Sommer) (7:10) (e)
**00.15 Kastljós** (e)
**00.55 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 Pokémon 5**
**10.00 Invincible**
**12.00 The Dukes of Hazzard**
**14.00 The Queen**
**16.00 Pokémon 5**
**18.00 Invincible**
**20.00 The Dukes of Hazzard** Gamanmynd um frændurna Bo og Luke Duke sem komast að því að spilltur enbættismaður ætlar að rífa sveitabæ fjölskyldunnar.
**22.00 Prey for Rock and Roll**
**00.00 Zatoichi**
**02.00 Longford**
**04.00 Prey for Rock and Roll**
**06.00 The Family Stone**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Kalli litli kanína og vinir, Jesús og Jósefína, Galdrabókin, Lalli og Ruff's Patch.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (216:300)
**10.15 The Complete Guide To Parenting** (4:6)
**10.55 America's Got Talent** (11:12)
**12.00 Numbers**
**12.45 Neighbours**
**13.10 Forboðin fegurð** (89:114)
**13.55 Forboðin fegurð** (90:114)
**14.45 Ally McBeal** (2:24)
**15.35 The New Adventures of Old Christine** (12:22)
**16.00 Sabrina - Unglingsnornin**
**16.23 A.T.O.M.**
**16.48 Háheimar**
**17.13 Galdrabókin** (18:24)
**17.23 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.33 Bold and the Beautiful**
**17.58 Neighbours**
**18.23 Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.17 Veður**
**19.30 The Simpsons** (23:25)
**19.55 Dagvaktin** (8:12)
**20.30 Eldsnöggt með Jóa Fel** (9:10) Sjónvarpskokkurinn og bakarameistarinn Jói Fel snýr aftur með nýja þætti. Hann fetar nýjar slóðir og tekur hús á nokkrum af okkar fremstu og efnilegustu matreiðslumönnum.
**21.05 Amazing Race** (1:13)
▶**21.55 Prison Break** (12:22) Michael Scofield braust út úr fangelsi í Panama með aðstoð Lincolns bróður síns. Til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa bræðurnir að uppræta Fyrirtækið, dularfulla stofnun sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök.
**22.40 The Spy who Loved Me**
**00.45 Fringe** (10:22)
**01.35 Le Lion**
**03.20 Séraphine. Un homme et son péche**
**05.25 Shark** (8:22)
**06.10 The Simpsons** (23:25)

## 2 SPORT besta sætið

**17.00 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Man. Utd og Álaborg.
**18.40 Race of Champions - Hápunktar** Sýnt frá Race of Champions-mótinu sem fram fór á Wembley.
▶**19.40 Evrópukeppni félagsliða.** Bein útsending frá leik Sampdoria og Sevilla.
**21.40 Utan vallar með Vodafone** Umræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti.
**22.30 NFL deildin. NFL Gameday** Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.
**23.00 NBA Action** Öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum.
**23.30 Ultimate Fighter** Þáttaröð þar sem sextán bardagamenn keppast um að komast á milljónasamning hjá UFC en tveir heimsþekktir bardagamenn þjálfa mennina.
**00.15 Utan vallar með Vodafone**
**01.05 Evrópukeppni félagsliða** Útsending frá leik Sampdoria og Sevilla.

## 2 SPORT 2 enski boltinn

**15.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Portsmouth og Newcastle.
**17.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. City og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
**19.00 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**20.00 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**20.30 Season Hightlights 2005/2006** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**21.25 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.
**22.35 Coca Cola-mörkin 2008/2009** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**23.05 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Stoke og Fulham.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Innlit / Útlit** (13:14) (e)
**09.35 Vörutorg**
**10.35 Óstöðvandi tónlist**
**16.45 Vörutorg**
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 America's Funniest Home Videos** (33:42) (e)
**19.00 What I Like About You** (22:22) (e)
**19.30 Game tíví** (15:15)
**20.00 Rules of Engagement** (1:13) Bandarísk gamansería um vinahóp sem í eru hjón, trúlofað par og kvensamur piparsveinn. Í fyrsta þættinum ákveða Jeff og Audrey að sofa hvort í sínu herberginu eftir að hroturnar í Jeff halda vöku fyrir Audrey.
**20.30 30 Rock** (14:15) Liz fær símtal frá fyrrverandi kærasta sem þarf gistingu í eina nótt, Jack óttast um framtíð sína innan fyrirtækisins eftir að skrifstofa hans er færð og það er árlegur samlokudagur hjá starfsfólki TGS.
▶**21.00 House** (15:16) Næstsíðasti þáttur vetrarins. House lendir í umferðarslysi í strætó og fjöldi farþega slasast. House hlýtur höfuðhögg og þjáist af minnisleysi en er sannfærður um að einn farþeganna sé alvarlega veikur og hann muni deyja. Hann man bara ekki hver það var.
**21.50 Law & Order** (13:24) Rappari er myrtur og böndin berast að lærisveini hans og lífverði. Lykillinn að morðgátunni gæti verið falinn í texta á einu laga hans.
**22.55 Jay Leno**
**23.45 America's Next Top Model** (12:13) (e)
**00.35 Sugar Rush** (5:10) (e)
**01.05 Vörutorg**
**02.05 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.
**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.05
### Amazing Race



Amazing Race er mest verðlaunaða og ein allra vinsælasta raunveruleikaþáttaröð allra tíma. Í elleftu seríunni mæta til leiks nokkrir af sterkustu keppendunum úr tíu fyrstu seríunum til að fá úr því því skorið hvert sé sterkasta parið frá upphafi. Þörin ellefu koma því kunnuglega fyrir sjónir og nægir að nefna eitt parið, Rob og Amber, en auk þess að hafa verið í Amazing Race hafa þau tekið þátt í Survivor og þætti um brúðkaupið þeirra.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Game tíví
### Skjáreinn kl. 19.30

Í síðasta þætti ársins af Game tíví fara þeir Óli og Sverrir yfir bestu tölvuleikina á liðnu ári, skoða nokkra gamla raunveruleiki og að sjálfsögðu verður jólagjafahandbókin á sínum stað. SMS-jólaleiknum verða gerð góð skil í þættinum ásamt því að strákarnir skoða hvaða tölvuleikir eru væntanlegir á næsta ári. Það er því sannkölluð hátíðarstemning í lokaþætti ársins.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Aðventa
**15.30** Miðdegistónar
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Auðlindin
**18.23** Fréttayfirlit og veður
**18.26** Spegillinn
**19.00** Seiður og hélog
**19.27** Tónlistarkvöld Ríkisútvarpsins
**21.00** Úr handraða séra Bjarnar Halldórssonar í Laufási
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsperlur: Himnaríki í skáldskap
**23.10** Tónleikur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (83:260)
**16.30 Hollyoaks** (84:260)
**17.00 Seinfeld** (20:24)
**17.30 Help Me Help You** (9:13)
**18.00 Sex and the City** (11:12)
**18.30 Sex and the City** (12:12)
**19.00 Hollyoaks** (83:260)
**19.30 Hollyoaks** (84:260)
**20.00 Seinfeld** (20:24) Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma. Þess má geta að höfundur þáttanna ásamt Jerry Seinfeld er Larry David úr Curb Your Enthusiasm.
▶**20.30 Help Me Help You** (9:13) Grátbroslegir gamanþættir þar sem Ted Danson leikur afar sjálfhverfan sjálfshjálpargúru sem fæst við að hjálpa veiku fólki að takast á við raunveruleikann en þyrfti sjálfur að fara eftir eigin ráðum.
**21.00 Sex and the City** (11:12) Stöð 2 Extra og Stöð 2 sýnir eina eftirminnilegustu og skemmtilegustu þáttaröð síðari tíma. Sex and the City er saga fjögurra vinkvenna sem eiga það sameiginlegt að vera einhleypar og kunna vel að meta hið ljúfa líf í hátískuborginni New York.
**21.30 Sex and the City** (12:12)
**22.00 Gossip Girl** (14:18) Líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktalar hvern.
**22.40 Grey's Anatomy** (9:24)
**23.25 Ghost Whisperer** (56:62)
**00.10 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar.
**21.00 Grasrótin** Daníel Haukur Arnarsson frá ungliðahreyfingu Vinstri grænna skoðar landslagið í stjórnmálunum.
**21.30 Óli á Hrauni** Ólafur Hannesson ræðir um það sem er efst á baugi í pólitíkinni.

**Dagsskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Hammerslag **13.00** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Update **15.30** Spiderman **15.55** Mosegrise i køkkenhaven **16.00** Nissernes Ø **16.30** Julefandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Nissernes Ø **19.00** Julehilsen til Grønland 2008 **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** En juleromance **22.30** Eureka **23.15** En sag for Frost

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Eileen Gray - designer og arkitekt **13.00** NRK nyheter **13.05** V-cup skiskyting **15.00** NRK nyheter **15.10** V-cup skiskyting **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Árdna - Samisk kulturmagasin **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Den magiske krystallkulen **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Jul i borettslaget **21.30** Berserk gjennom Nordvestpassasjen **22.00** Kveldsnytt **22.15** Bleak House **23.40** Eliteskoler. Kinas unge hjernekraft

## SVT 1

**12.20** Gomorron Sverige **13.10** Skidskytte **15.00** Rapport **15.05** Bobster **15.30** Rea **15.55** Bernard **16.00** Jultomtens lärling **16.10** Lilla blåa draken **16.20** Krumelurdjur **16.25** Farbrorn som inte vill va' stor **16.35** Evas superkoll **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Mitt i naturen **19.30** Psalmtoppen julspecial **20.00** Ishockey **21.00** Debatt **21.45** Grosvold **22.30** Kulturnyheterna **22.45** Uppdrag Granskning **23.45** Toppform **00.15** Sändningar från SVT24





BREYTTU VILDARPUNKTUM Í JÓLAGJÖF

JÓLAGJAFABRÉF VISA OG ICELANDAIR GILDIR SEM INNEIGN UPP Í FLUGFARGJALD TIL ALLRA ÁFANGASTAÐA ICELANDAIR

Vildarkorthöfum VISA og Icelandair býðst nú spennandi jólatilboð. Þeim stendur til boða að velja á milli þriggja jólagjafabréfa hjá Icelandair og greiða fyrir með Vildarpunktum. Gjafabréfin eru tilvalin jólagjöf handa heimsborgaranum í fjölskyldunni.

10.000 Vildarpunktar jafngilda 6.000 króna gjafabréfi
20.000 Vildarpunktar jafngilda 13.000 króna gjafabréfi
30.000 Vildarpunktar jafngilda 20.000 króna gjafabréfi

+ Gjafabréfin eru eingöngu bókanleg á vefnum okkar, www.vildarklubbur.is

VISA Vildarklúbbur

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 44348 12/08

Helstu skilmálar: Gjafabréfið gildir sem greiðsla upp í fargjald með Icelandair. Hægt er að nota eitt gjafabréf á hvern farþega í ferð. Gjafabréfið er hægt að nota fyrir hvern sem er.
Gjafabréfin eru í sölu til 24. desember 2008. Ekki er hægt að breyta gjafabréfi aftur í Vildarpunkta. Gjafabréfið gildir í eitt ár frá útgáfudegi til allra áfangastaða Icelandair í Evrópu og Bandaríkjunum.

## NÝJU JÓLASVEINANIR

Sjöundi var Halldór Joð,
– sá gæfusmíðafugl,
hann grautaði í Landsbanka
með Icesave-megarugl!

Hann er ekki sérlega
hnugginn yfir því,
þótt næstu kynslóðir
þeirri súpu svamli í.



# Dýrasta bók landsins uppseld

Þau hundrað eintök sem komu af Flóru Íslands eftir Eggert Pétursson fyrir jól eru seld. Alls voru prentuð fimm hundruð eintök og afgangurinn kemur um miðjan janúar frá Kína. Að sögn Kristjáns B. Jónassonar, útgefanda bókarinnar, hafa þegar myndast biðlistar eftir þeim eintökum og á Kristján alveg eins von á því að þau verði rifin út þegar þau loksins komast til landsins. Flóra Íslands kostar litlar 75 þúsund krónur og er því dýrasta bókin sem gefin er út um þessi jól á Íslandi. Bókin vegur 12 kíló og er því einnig hugsanlega þyngsta bókin um þessa jól í bókstaflegum skilningi.

Upphaflega var gert ráð fyrir því að einhver eintök rötuðu í jólapakka valinna viðskiptavina gömlu viðskiptabankanna sem höfðu lagt inn sæmilega stórar pantanir. „Það rann því kalt vatn milli skinns og hörunds þegar þeir fóru, einn af öðrum, á hausinn," segir Kristján. Hins vegar hafi viðtökur almennings verið það góðar að áhyggjurnar reyndust óþarfar. „Það kom mér eiginlega á óvart hversu almennur áhugi var mikill enda bókin kannski ekki á hefbundnu bókaverði," segir Kristján.

Kristján vill ekki meina að hann komi frá verkefninu sem milljónamæringur. Framleiðslukostnaðurinn sé mikill þótt Kristján vilji ekki gefa hann upp.

„Það eru margar, margar milljónir," segir Kristján sem vonast bara til að hann komi út á sléttu.

Hann segir kaupendurna vera úr öllum þjóðfélagsstigum en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins höfðu engu að síður þekktir aðilar úr gamla bankakerfinu fjárfest í bókinni upp á eigin spýtur. Kristján vildi ekkert tjá sig um það, sagði Flóru Íslands vera fyrir alla. **- fgg**



**UMHVERFISRÁÐHERRA FÆR EINTAK** Kristján Bjarki og Eggert Pétursson afhentu Þórunni Sveinbjarnardóttur eintak af Flóru Íslands sem er uppseld. Hún kostar 75 þúsund krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LÁRÉTT**
**2.** stampur, **6.** frá, **8.** hestaskítur, **9.** hafið, **11.** tveir eins, **12.** bit, **14.** framvegis, **16.** innan, **17.** iðka, **18.** fát, **20.** persónufornafn, **21.** fullnægja.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þungi, **3.** bardagi, **4.** reiðufé, **5.** svelg, **7.** þögull, **10.** gogg, **13.** útsæði, **15.** máttur, **16.** upphrópun, **19.** eldsneyti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** bali, **6.** af, **8.** tað, **9.** rán, **11.** uu, **12.** glefs, **14.** áfram, **16.** út, **17.** æfa, **18.** fum, **20.** ég, **21.** fróa.

**LÓÐRÉTT:** **1.** farg, **3.** at, **4.** lausafé, **5.** iðu, **7.** fálátur, **10.** nef, **13.** fræ, **15.** magn, **16.** úff, **19.** mó.

## INGVI HRAFN JÓNSSON: SÖGULEGAR SÆTTIR MÍN OG FORSETANS

# Bláa höndin afneitar Ingva

„Það hringdi einn gamall félagi úr Bláu höndinni í mig og sagði: Ingvi Hrafn! Þú ert föðurlandssvikari. Svo skellti hann á. Að öðru leyti hafa viðbrögð við þættinum verið gríðarlega góð," segir Ingvi Hrafn Jónsson, sjónvarpsstjóri á ÍNN.

Á þriðjudagskvöld var merkilegur Hrafnaþingsþáttur Ingva Hrafns á dagskrá en þá var gestur hans enginn annar en forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson. Ingvi Hrafn talar um sögulegar sættir þeirra forsetans. Og Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra lýsir þættinum á bloggsíðu sinni sem átökum tveggja súmóglímumanna þar sem hvorugur nær taki á hinum. Og svo hafi þeir fallist í faðma í bókstaflegri merkingu. Ingvi segir það orðum aukið: „Við tókumst þétt í hendur og vorum fjarskalega prúðir og kurteisir. Síminn hefur ekki stoppað síðan þátturinn kláraðist og nítíu ákaflega ánægðir."

Gúbbífiskaminni Íslendinga er við brugðið en þó muna sumir frægan mónólóg Ingva Hrafns úr þættinum Hrafnaþingi sem þá var á útvarpi Sögu sumarið 2004. Forsetinn fékk það óþvegið frá Ingva sem kallaði Ólaf Ragnar mesta pólitíska óþverra sem Ísland hefur alið, mannkerti sem ætti að halda kjafti, óþverra og forsetafífl sem kljúfi þjóðina í herðar niður. Í ljósi þessa má sannarlega kalla fund sjónvarpsstjórans og forsetans sögulegar sættir. Og nú er komið annað hljóð í strokkinn.

„Í ljósi neyðarlaga ákvað Hrafninn að slá striki yfir allar gamlar erjur. Og bjóða forseta í kurteist en tæpitungulaust spjall um stöðu mála og framtíðina." Ingvi segir sem er að forsetinn hafi ekki verið hátt skrifaður hjá sér. En bendir á að þótt hann hafi verið honum pólitískt ósammála, og verið alla tíð, þá varðandi útrás og viðskiptahagsmuni landsins, hafi Ólafur Ragnar Grímsson ekki átt sinn jafnoka. „Ég sló því upp í bókinni um forsetann hvað er sagt um mig og þar kemur þetta fram. Svona gerast hlutirnir. Hann hefur setið í hvað … bráðum þrettán ár og staðið sig vel. Ég hundskammaði hann á sínum tíma fyrir að skipta sér af landsmálum þegar hann talaði um ástand vega á Vestfjörðum. Svo fór ég þessa sömu vegi og blessaði forsetann þá fyrir að hafa haft orð á þessu," segir Ingvi Hrafn. Sem þá venti sínu kvæði í kross og spurði hvort Sturla Böðvarsson og aðrir þingmenn kjördæmisins væru sofandi bjöllusauðir á þingi.

„Já, það fór sérdeilis vel á með okkur. Þáttur sögulegra sátta. Við gátum báðir glott að gömlum erjum. Sem sýnir gríðarlegan þroska manna sem báðir eru orðnir hálfsjötugir," segir Ingvi Hrafn Jónsson sjónvarpsstjóri – og býr sig nú undir það að takast á við ósátta félaga úr Bláu höndinni sem seint munu – öfugt við Ingva sem kann að breyta um skoðun þegar svo ber undir – taka Ólaf Ragnar Grímsson í sátt. **jakob@frettabladid.is**



**INGVI HRAFN** Fór sérdeilis vel á með honum og Ólafi Ragnari þó svo að Ingvi hafi hvergi sparað stóru orðin í garð forsetans í gegnum tíðina.

**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** Var gestur Ingva en í augum iðnaðarráðherra var það sem fundur tveggja súmóglímukappa sem náðu ekki taki hvor á öðrum og féllust svo í faðma.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fréttablaðið birti athyglisverða frétt um jólalag Geirs Ólafssonar sem hann gaf til Færeyja í gær og það að **Jens Guð** bloggari efist mjög um vinsældir Geirs í Færeyjum. Jens bakkar í gær ekki með eitt eða neitt á bloggi sínu þrátt fyrir vitnisburð Elís Poulsen útvarpsmanns á Kringvarp Føroya sem segir Geir vinsælan. Elís stingur niður penna á bloggi Jens sem segir hlegið að sérfræðiþekkingu Jens í Færeyjum: „Satt að segja sýndi ég starfsfélögum mínum þennan blogg hjá honum sem telur sig sérhæfan í færeyskri tónlist. Og já, það var nú hlegið og góð ástæða."



Ríkisútvarpið minntist að vonum góðs vinar síns af skjánum, **Horst Tappert**, eða Derrick, þegar hann skyldi við í vikunni. En þegar birt var stefið þekkta sem hljómar í upphafi hvers þáttar og byrjunarlógó þáttarins, birtust skyndilega yfir eldrauðir stafir með austurlensku letri. Og menn velta því fyrir sér hvort upphafsstefið hafi verið fengið „að láni" á netinu, hvort Derreck sé ekki lengur að finna í safni RÚV, eða hvort með þessu sé fréttastofan að nýta miðilinn til fullnustu og sýna fram á gríðarlega útbreiðslu og vinsældir Tapperts?



Alltaf á þriðjudagsmorgnum koma saman í Borgarfirði sveitarstjórnarforingjar af svæðinu, svo sem bæjarstjóri í Borgarbyggð, forseti bæjarstjórnar og kaupfélagsstjórinn auk skærustu stjörnu sinnar sveitar, **Gísla Einarssonar** sjónvarpsmanns, og leika körfubolta. Góður liðsmaður bættist í hópinn í vikunni, sveitarstjórinn í Dalabyggð og sá Gísli sér leik á borði og vildi vera með honum í liði. Enda var þar kominn hinn mjög svo hávaxni Grímur Atlason og þurfti ekki að spyrja að leikslokum. **- jbg**




FORLAGIÐ visir.is

JÓLALEIKUR FRÉTTABLAÐSINS
VINNINGSHAFAR

**Bækur frá Forlaginu**
Alda Ósk Jónsdóttir, Smárahlíð 7i
Árni Eggertsson, Háhæð 23
Filippía Ingólfsdóttir, Steinahlíð 34
Guðmundur Einar Jónsson, Heiðarhjalla 12
Heiðrún Guðmundsdóttir, Hvassaleiti 26
Jóhanna Gunnþórsdóttir, Glósalir 7
Kjartan S. Friðriksson, Furulundur 7b
Margrét H. Jóhannsdóttir, Ránarvelli 17
Reynir Haraldsson, Bakkastaðir 161
Stefanía B. Sæmundsdóttir, Sóleyjarrimi 49
Sveinn G. Helgason, Sörlaskjóli 92
Þórey Guðjónsdóttir, Hávegur 7

**Bíókort frá Sambíóunum**
Aðalsteinn A. Jóhannesson, Álfholt 32
Elísabet Ósk Jónsdóttir, Fagrabrekka 25
Erna Martinsdóttir, Fljótasel 14
Guðlaug J. Sturludóttir, Furugrund 68
Guðmundur Einarsson, Funafold 22
Hafdís Helgadóttir, Fagrahlíð 5
Hildur Arna Harðardóttir, Hamraberg 19
Pálmi Viðar Harðarson, Hátún 6
Sandra Huld Jónsdóttir, Álfkonuhvarf 65
Sigríður Eysteinsdóttir, Ásvallagötu 17
Svanhildur Þóra Jónsdóttir, Klukkuberg 34
Valgerður V.Þráinsdóttir, Kristnibraut 45a

**Gjafakort frá Þjóðleikhúsinu**
Stefán Þórðarson, Furugrund 20
Þorgeir Pétursson, Sæviðarsund 9

Taktu þátt á visir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Vinninga skal nálgast í móttöku Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24.
Opið alla virka daga frá klukkan 8-17.


# Ellefti ritstjóri Vals ófundinn

„Þeir eru tíu ritstjórarnir á þriggja ára ferli sem blaðamaður," segir Valur Grettisson blaðamaður.

Valur sagði upp störfum á DV í byrjun viku og samkvæmt tilkynningu unir hann ekki lygum og ritskoðun þar á bæ. Valur byrjaði á DV árið 2005 skömmu áður en allt varð brjálað vegna Ísafjarðarmáls. Ritstjórarnir Mikael Torfason og Jónas Kristjánsson hættu og við tóku Páll Baldvin Baldvinsson og Björgvin Guðmundsson. Valur fór á Blaðið og þar var Ásgeir Sverrisson skammlífur, við tók Sigurjón M. Egilsson og þá Trausti Hafliðason. „Þá stökk ég yfir á Mannlíf og fékk Reyni Traustason yfir mig þar. Svo Þórarin Þórarinsson. Ég fór aftur á DV til Reynis og Jóns Trausta Reynissonar," segir Valur. Hann fór frá því að vera þjónn á La Primavera í blaðamennskuna. Veitingabransinn er skrautlegur en sveitasæla á við fjölmiðlana. „Ég hef lent í fáránlegustu hremmingum í blaðamennsku. En það jafnast ekkert fag á við það. Þetta er ástar/haturs-samband," segir Valur. Ef ellefti ritstjórinn hefur samband mun Valur stökkva án þess að hugsa sig um. „Ég er duglegur. Og elska starfið."

Dramatísk ákvörðun var að segja starfinu lausu nú þegar Ísland gengur í gegnum hyldjúpa kreppu. Valur er nýbakaður faðir og atvinnulausir blaðamenn á Íslandi nálgast hundrað. „Ég á átta mánaða strák og konu sem þarf sína skó," grínast Valur. „En hún stóð með mér hundrað prósent. Allt traust, sem er heilagt milli blaðamanns og ritstjóra, var horfið. Ég treysti þeim feðgum ekki lengur," segir Valur sem lifir umbrotatíma. Faðir hans greindist með lungnakrabbamein fyrr í vetur og Valur segir huggun harmi gegn að geta varið með honum tíma en þurfa ekki að vera vakinn og sofinn í DV-hasar. „Já, og geta haldið heilög jól." **- jbg**



**VALUR GRETTISSON** Dramatísk ákvörðun að segja starfi sínu á DV lausu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


OUTLET 10
+++ Merki fyrir minna +++
Dömu kjólar
Margar gerðir
Verð frá: 990,-
Herra peysur
Nokkrir litir
St:s-xxl
Verð: 2.990,-
Herra skyrtur
St:xs-xxl
Verð frá: 2990,-
Levi´s herra buxur:
Svartar, bláar.
Verð frá: 1.990,-
Jakkaföt:
Verð áður: 12.990,-
Verð nú: 9.990,-
Stakir dömu jakkar
Margar gerðir
Verð frá: 1.990,-
Dömu toppar
Margar gerðir
Verð frá: 990,-
Dömu buxur:
St:36-56
Verð frá: 2.990,-
Opið
Aðfangadag
11 - 13
Stakar jakkafata-buxur:
Nokkrir litir
St:42-64
Verð frá: 2.990,-
2.995.-
2.995.-
2.995.-
1.995.-
1.995.-
3.995.-
3.995.-
3.995.-
Opið alla daga til jóla frá 11 - 22 OUTLET 10 • Faxafeni 10 • Sími 534 4450

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**




Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is

**Gesthús Dúna**
Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin
Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin




**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

## Humm

Tveir mánuðir eru liðnir síðan skelfdur Haarde bað Guð að blessa þjóðina. Þá þyrmdi yfir hressustu stuðbolta og ég var með í maganum dögum saman á meðan daglegir blaðamannafundir skullu á þjóðinni. Í nokkrar vikur var allt á fullu í hausnum á mér, og í hverjum einasta haus á skerinu, að því er virtist.

**FÓLK** át fréttamiðla upp til agna því uppbyggingarstarf landsins virtist eitthvað sem maður gat sjálfur tekið þátt í. Hver um annan þveran töluðu menn um Nýja Ísland. Maður sá fyrir sér nýtt upphaf, sanngjarna jafnaðarútópíu sem kæmi loksins eftir blýþung kreppuár. Það var allt hrunið og það varð bara – og hlaut bara – eitthvað frábært að taka við. Forrík örþjóð hlaut að geta betur.

**ÞETTA** var örvæntingarfulla bjartsýniskastið á botninum. Síðan hefur allt nokkurn veginn runnið í sama gamla farið og kannanir sýna að fólk hefur gefist upp á fréttatímunum. Nennir bara ekki að hlusta á þetta þrugl lengur. Fólk mun kannski sperra eyrun þegar einhver tekur ábyrgð; skammast sín, segir af sér og biðst grenjandi afsökunar á því að hafa verið svona mikið fífl. Einhverjir aðrir en fríkaðir framsóknarmenn, meina ég.

**Í FRÉTTATÍMA** nýlega voru mafíósar á Ítalíu leiddir burtu eftir hreinsun lögreglunnar. Þetta var hressandi frétt. Loksins einhvers staðar verið að taka til, sópa út. Fáum við einhvern tímann svona frétt af þeim sem settu Ísland á hausinn? Verða einhverjir leiddir burt í járnum?

**NEI,** ábyggilega ekki. Í naflalónni Íslandi halda menn störfum sínum og stöðu, kannski undir nýju heiti, enda eru allir með afsakanir á hreinu. Þetta er fyrst og fremst alþjóðlegt vandamál. Málið verður sett í nefnd. Við munum skoða þetta allt saman seinna því það má alls ekki rugga björgunarbátnum í miðju slökkvistarfi. Jadda jadda og bla bla bla. Svona hefur þruglið bulið á manni. Og mun halda áfram að bylja nógu oft þangað til sú hugsun fer að ágerast að það sé nú bara ekkert að. Það eru allir að gera sitt besta. Er þaggi?!

**LANDHREINSUNIN** sem maður bjóst við verður því líklega aldrei. Sinnuleysi þjóðar og ráðamanna sem kom í veg fyrir að tekist yrði á við yfirvofandi bankahrun mun líka koma í veg fyrir uppgjörið. Við munum humma það fram af okkur.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 18. desember, 353. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.20 | 13.24 | 15.29 |
| Akureyri | 11.37 | 13.08 | 14.42 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





Jólagjöfin þín

**TempraKON®** hitajöfnunarsæng
100% hreinn Síberíu-gæsadúnn
Jólatilboð: Kr. 31.920,-



**TEMPUR** heilsuinniskór
Ein vinsælasta jólagjöfin okkar
Jólatilboð: Kr. 7.700,-
~~Verð áður kr. 9.926,-~~



**TEMPUR** heilsukoddar
Margar gerðir og stærðir
Jólatilboð: 20% afsláttur



**TempraKON®** dúnsokkar
100% hreinn Síberíu-gæsadúnn
Jólatilboð: Kr. 5.900,-



Hágæða sængurverasett
Maco-satín - eitt það allra mýksta
Jólatilboð: 20% afsláttur



Design by Mette Ditmer Denmark teppasett og teppakistur. Margir litir.
Jólatilboð: 20% afsláttur



Gravity Zero: Stillanlegt heilsurúm
Stærð: 2x90x200
Jólatilboð: Kr. 669.920,-
~~Verð áður kr. 837.400,-~~



Chiro Royal: Heilsurúm
Stærð: 160x200
Jólatilboð: Kr. 171.920,-
~~Verð áður kr. 214.900,-~~



Fleiri stórglæsileg jólatilboð í verslun okkar

Betra BAK

**Reykjavík**
Faxafeni 5
Sími 588 8477

**Ísafirði**
Skeiði 1
Sími 456 4566

www.betrabak.is

**Opnunartímar um jól:**
Lau. 20. des. frá kl. 10-19
Sun. 21. des. frá kl. 13-19
Mán. 22. des. frá kl. 10-22
Þri. 23. des. frá kl. 10-23
Mið. 24. des. frá kl. 10-12
Lau. 27. des. frá kl. 10-16
Mán. 29. des. frá kl. 10-18
Þri. 30. des. frá kl. 10-18